INGIBJÖRG EGILSDÓTTIR

*Kvenleg í köflóttri skyrtu og hælaskóm*

• tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



GÓLFEFNI

*Máluð gólf, parket og persneskar mottur*

Sérblað um gólfefni

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




SIEMENS
Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

11. mars 2010 — 59. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Spilar um milljónir



Auðunn Blöndal er á leið á eitt stærsta pókermót heims.

FÓLK 46

### Sjálfstætt líf fatlaðra



Mannréttindi verða til umræðu á ráðstefnu um fötlunarrannsóknir.

TÍMAMÓT 26

### Dýrkeyptur sveigjanleiki

„Í rauninni er eini raunhæfi möguleikinn til þess að losna við okurvexti og vísitölutengingu lána að við kösturn krónunni," skrifar Jón Steinsson.

UMRÆÐAN 22

### Rooney rústaði AC Milan



Wayne Rooney var enn og aftur í aðalhlutverki í gær þegar Manchester United komst áfram í Meistaradeildinni.

ÍÞRÓTTIR 42

### VEÐRIÐ Í DAG




**GÓÐVIÐRI** Í dag verða víðast vestan 3-8 m/s. Yfirleitt þurrt en dálítil væta N- og NA-til. Léttskýjað SA-til. Hiti á bilinu 2-8 stig.

VEÐUR 4

# Landspítali treystir á gjafir líknarfélaga til tækjakaupa

**Forstjóri LSH segir tækjabúnað úreldast hratt vegna fjárskorts. Tæki notuð mun lengur en á sambærilegum sjúkrahúsum. Fjárþörf til eðlilegrar endurnýjunar er milljarður á ári. Ríkisframlag er 237 milljónir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við erum komin í gjaldþrot hvað varðar tækjakaup og erum nær algjörlega háð líknarfélögum hvað þetta varðar. Það er ekki eðlilegt og er óþekkt annars staðar," segir Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans. „Hafa verður hugfast að tækjabúnaður spítalans, sem er gríðarmikill, úreldist hratt og það verður að vera nokkuð hröð endurnýjun á honum meðal annars vegna tækniframfara", segir Björn.

Þörfin endurspeglast í þeirri staðreynd að líftími lækningatækja er almennt talinn um sex ár en hér eru tæki nýtt í áratug eða lengur. „Við þurfum að neita okkur um að fá hingað nýjustu tækni. Það er nýlunda því spítalinn var vel tækjum búinn lengi vel," segir Björn

Fé sem Landspítalinn hefur fengið úthlutað á fjárlögum til tækjakaupa á undanförnum árum er þrisvar til fjórum sinnum minna sem hlutfall af veltu en hjá sambærilegum háskólasjúkrahúsum á Norðurlöndunum.

Á fjárlögum ársins 2010 er 237 milljónum, auk framlaga til viðhalds og nýframkvæmda, veitt til tækjakaupa en þyrfti að vera milljarður á ári til eðlilegrar endurnýjunar. Um sömu krónutölu er að ræða og undanfarin ár. Öll tæki eru keypt erlendis frá og því hefur gengisþróun séð til þess að upphæðin hrekkur varla til kaupa á bráðanauðsynjum.

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, segir þörfina mikla en gæðaeftirlit spítalans sé strangt. Því séu tæki tekin úr umferð þegar þau nýtast ekki lengur.

„Þetta er mikið áhyggjumál. Það er orðin veruleg þörf á venjulegum lækningatækjum. Þar má nefna öndunarvélar, ómtæki og línuhraðal sem kostar til dæmis um 300 milljónir í stofnkostnað. Með hverju árinu sem líður verður þessi þörf sífellt meiri og þá erum við ekki að tala um neinar nýjungar." Ólafur segir að samfélagið verði að gera upp við sig hvort kaupa á nýjustu tækni til landsins eða hvort senda eigi einstaklinga til rannsókna til útlanda. „Fjárþörfin er því aðkallandi í tvennum skilningi."

Minningarsjóður Landspítalans færði LSH rúmlega áttatíu milljóna króna gjöf í vikunni. Tímasetning gjafarinnar er engin tilviljun segja stjórnendur á LSH. Hún var svar við brýnni þörf.

Gjöfin verður nýtt til kaupa á allmörgum tækjum sem flest hafa verið á svokölluðum bráðakaupalista, að sögn Björns.

svavar@frettabladid.is



**TVÆR BIRNUR** Inga Birna Ísdal Gunnarsdóttir úr Foldaskóla tók í gær við verðlaunum úr hendi Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra fyrir tillögu sína að merki fyrir Barnamenningarhátíð. Inga Birna situr í fangi móður sinnar fyrir miðri mynd.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Grunnskólar í Reykjavík:

## 1.660 foreldrar í vanskilum með skólamáltíðir

**SVEITARFÉLÖG** 1.660 foreldrar grunnskólabarna í Reykjavík fengu bréf frá milliinnheimtufyrirtækjum vegna vangoldinna skólamáltíða á síðasta ári.

Samkvæmt upplýsingum frá borginni voru skólamáltíðir seldar 11.074 greiðendum fyrir samtals 767 milljónir króna. 1.660 manns, eða um 15,5 prósent af hópnum, stóðu ekki í skilum á réttum tíma með um 4% af heildarupphæðinni, samtals 30 milljónir króna.

Fyrir milligöngu innheimtufyrirtækis innheimtust tæplega 15 milljónir af vanskilunum en aðrar 15 milljónir voru enn útistandandi um áramót hjá 916 foreldrum.

- pg / sjá síðu 6

Forseti Íslands afhendir Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í dag:

## Sjónum beint að góðverkum

**FJÖLMIÐLAR** Forseti Íslands afhendir í dag Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins. Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum, auk heiðursverðlauna.

Flokkarnir eru: Hvunndagshetjan, Frá kynslóð til kynslóðar, Til atlögu gegn fordómum og Samfélagsverðlaunin en í þeim flokki verða veitt peningaverðlaun sem nema einni milljón króna. Grunnurinn að Samfélagsverðlaununum kemur frá lesendum blaðsins sem í janúarmánuði sendu inn fjölda tilnefninga.

Þá tók við starf dómnefndar sem nú hefur útnefnt fimm í hverjum hinna fjögurra flokka og eru þessar tuttugu tilnefningar kynntar í blaðinu í dag.

Þetta er í fimmta sinn sem Fréttablaðið veitir Samfélagsverðlaunin. Tilgangur þeirra er að beina sjónum að fjölbreyttilegum góðverkum og grasrótarstarfi sem unnið er víða í samfélaginu.

-st / sjá síðu 16


Engar raflínuframkvæmdir yfir Heiðmörkina

Borgarmálafélag F-lista





HOLLIR, FERSKIR OG FRAMANDI SAMLOKUBAKKAR
Á FRÁBÆRU VERÐI
SAFFRAN
S. 578 7875 SAFFRAN.IS



Opið til 21
Kringlan



## SPURNING DAGSINS



*Össur, ætlarðu að básúna þessa viðurkenningu um allt?*

„Ég verð allavega að reyna blása þetta eitthvað upp.“

Básúnuleikarinn Össur Geirsson, stjórnandi Skólahljómsveitar Kópavogs, var útnefndur Eldhugi bæjarins 2010 af Rótarýklúbbi Kópavogs.

Leit lögreglu að Guðbjarna Traustasyni leiddi til þriggja fíkniefnamála :

# Fundu seðlabúnt og skotvopn

**LÖGREGLUMÁL** Leit lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að Guðbjarna Traustasyni strokufanga leiddi til þess að hún fann á annað kíló af fíkniefnum, sumum mjög sterkum, hundruð þúsunda króna og vopn.

Lögreglan leitaði Guðbjarna á tæplega þrjátíu stöðum. Á marga þeirra var farið tvisvar og á suma ítrekað, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu. Fíkniefnadeild og lögreglumenn frá öllum hverfastöðvum sáu um leitina. Flestir þessir staðir voru afgreiddir á þann máta að leyfi húsráðanda fékkst til að leita eftir Guðbjarna. Lögregla afl- aði tveggja dómsúrskurða til húsleita. Fíkniefnaleit var gerð þar sem grunur var um vörslu efna eða ummerki um efni á staðnum.

Fyrsta leitin, þar sem fíkniefni fundust, var í fjölbýli í Hafnarfirði hjá þekktum brotamanni. Þar var lagt hald á kókaín og nokkuð magn stera. Þá var lagt hald á skammbyssu á staðnum og fjármuni. Húsleit í fjölbýli í Kópavogi hjá öðrum þekktum brotamanni skilaði marijúana og kókaíni.

Í þriðju leitinni, í fjölbýli í Holtahverfinu í Reykjavík, fannst kannabisræktun, mjög sterkt amfetamín og lítilræði af hassolíu. Málin eru öll í rannsókn. **- jss**

**FÍKNIEFNI OG VOPN**

**- sem lögregla fann við fangaleit**

| |
|---|
| 1 kannabisræktun,(40 plöntur) |
| 30 grömm af kókaíni |
| 800 grömm af marijúana |
| 300 grömm af amfetamíni |
| 200 millilítrar sterar |
| 500 töflur, sterar |
| Hassolía |
| 250.000 krónur |
| Skammbyssa |
| Stunguhnífur |

Ögmundur Jónasson:

# Sáttur í heilbrigðismálum

**STJÓRNMÁL** Ögmundur Jónasson segir ótímabært að ræða um hvaða ráðuneyti hann tæki að sér, færi hann í ríkisstjórn. Hann hafi hins vegar verið bærilega sáttur í heilbrigðisráðuneytinu.

Hann segist óttast að stjórnarandstaðan sé að rjúfa þá samstöðu sem hafi náðst í Icesave-málinu. Hann segist ekki munu taka þátt í því að misnota þá samstöðu í þröngum flokkspólitískum tilgangi, en hann vonist til þess að allir flokkar muni verða samferða í málinu til enda. **- kóp /** **sjá síðu 12**



**HÉR KEM ÉG** Ökumaður þessa bíls lét ekki einstefnumerki hindra för sína. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áttavilltur í umferðinni:

# Ók í öfuga átt á Skólavörðustíg

**UMFERÐ** Vegfarendur í miðborginni ráku upp stór augu um tvöleytið í gær þegar bíl var ekið frá Laugavegi upp Skólavörðustíg gegn einstefnuumferð sem þar er. Ungur ökumaður bílsins þurfti öðru hvoru að víkja fyrir þeim sem komu akandi niður götuna. Hann lét það ekki slá sig út af laginu heldur hélt ótrauður áfram veginn, meðborgurum sínum til nokkurrar furðu.

Ekkert óhapp varð við þetta háttalag mannsins sem slapp fyrir horn ofar á Skólavörðustíg. **- gar**

## VÍKINGALOTTÓ

### Ofurpotturinn óhreyfður

Ríflega 205 milljóna króna fyrsti vinningur í Víkingalottóinu í gær kom á miða sem seldur var í Noregi. Enginn náði í ofurpottinn svokallaða sem flyst því yfir í næstu viku. Potturinn stóð í gær í 1.750 milljónum króna.

# Segir aukna hörku í íslensku nefndinni

**Fjármálaráðherra Hollands gerir lítið úr „amerískum bankamönnum“ sem íslenska Icesave-samninganefndin hefur fengið sér til liðsinnis. Hann segist ekki sjá hvernig hann geti komið með betra boð en fjármagnskostnaðinn einan.**

**EFNAHAGSMÁL** „Við erum ekki að reyna að hagnast á þessu,“ sagði Jann Kees de Jager, fjármálaráðherra í bráðabirgðastjórn Hollands, um samningaviðræður við Íslendinga um Icesave-deiluna. „Við erum núna aðeins að skoða fjármögnunarkostnaðinn.“

Fjármálanefnd hollenska þingsins yfirheyrði hann í tvo og hálfan tíma um málið í gær.

Hann vildi ekki fara út í smáatriði um fjármögnunarkostnað, en virtist greinilega orðinn pirraður á stöðu mála.

„Það er ekki erfitt að reikna út fjármagnskostnaðinn, en þeir voru með miklu lægri tölu en við. Ég held að okkar fólk viti miklu meira um það en nokkrir amerískir bankamenn sem Íslendingar hafa ráðið til sín,“ sagði hann, og á þar væntanlega við Bandaríkjamanninn Lee Buchheit, formann nefndarinnar, og Kanadamanninn Don Johnston sem hefur verið nefndinni til ráðgjafar.



**JAN KEES DE JAGER** Fjármálaráðherra í bráðabirgðastjórn Hollands.

Hann sagðist þó hafa rætt við Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra í vikunni. „Enginn er að hnykla vöðvana eða sýna hörku. Við skiljum afstöðu hvor annars. Þeir viðurkenna að peningana þurfi að endurgreiða.“

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir í viðtali við Fréttablaðið að menn hafi notað tímann frá þjóðaratkvæðagreiðslu til að fara aftur yfir stöðuna. Fyrirfram hafi menn ekki talið raunhæft að funda í þessari viku, en vonast sé til að af fundum geti orðið eftir helgi.

Í yfirheyrslunum kom fram að mikill ágreiningur er meðal hollenskra stjórnmálaflokka um það hvort beita eigi Íslendinga þrýstingi á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða Evrópusambandsins. De Jager tók illa í kröfur frá Frelsisflokknum, hægri flokki hins umdeilda þingmanns Geerts Wilder, um slíkan þrýsting: „Það virðist ekki vera vænleg leið til að ná góðum samningi við Ísland.“

Reiknað er með hægrisveiflu í þingkosningunum í júní, en þá komast til valda flokkar sem vilja síður gefa eftir í samningum við Íslendinga.

Fram kom í yfirheyrslum þingnefndarinnar að samningatækni Íslendinga hefur harðnað með aðkomu bandarískra lögfræðinga.

„Íslendingar þurfa nú að koma aftur með tillögu,“ sagði de Jager um framhald viðræðnanna. „Ég get ekki séð hvernig við getum gert mikið betur en að minnka þetta niður í fjármagnskostnaðinn einan.“

gudsteinn@frettabladid.is



**FRÁ HOLLENSKA ÞINGINU** Jan Peter Balkanende í ræðustól. NORDICPHOTOS/AFP



**PORCHE CAYENNE** Vanskil vegna lúxusjeppa enduðu fyrir dómi.

Ruglingsleg stefna frá SP:

# Bílalánskröfu vísað frá dómi

**DÓMSMÁL Krafa SP Fjármögnunar á hendur manni sem leigt hafði bíl með samningi við fyrirtækið var svo illa reifuð og ruglingsleg að sögn Héraðsdóms Reykjavíkur að ekki var um annað að ræða en vísa henni frá. Maðurinn tók á leigu þriggja ára gamlan Porche-jeppa á árinu 2007. Hann greiddi þá 2,4 milljónir og gerði leigusamning við SP um afganginn sem var 8,7 milljónir króna. Vanskil urðu á greiðslum og stefndi SP manninum til að greiða 6,3 milljónir. Dómarinn sagðist fallast á það með manninum að sundurliðun kröfu væri svo ruglingsleg og óljós að með engu móti væri unnt að reikna út hvernig fjárhæðir í henni væru fundnar út. - gar**

Dæmdur fyrir kynferðisbrot:

# Káfaði á sofandi stúlku

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í gær sakfelldur í Héraðsdómi Reykjaness fyrir húsbrot og kynferðisbrot.

Maðurinn ruddist í heimildarleysi inn í íbúðarhús, fór þar inn í svefnherbergi þar sem stúlka svaf og káfaði á henni innanklæða.

Maðurinn var dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að greiða stúlkunni 300 þúsund krónur. **- jss**






Halldór Baldursson skopmyndateiknari hefur verið ráðinn til Fréttablaðsins:

# Forréttindi að teikna mikla viðburði

**FJÖLMIÐLAR** „Það eru forréttindi fyrir mann í mínu fagi að fá að teikna þessa miklu viðburði sem hafa dunið á okkur,“ segir Halldór Baldursson, myndlistarmaður sem frá næstu mánaðamótum mun teikna skopmyndir í Fréttablaðið.

Halldór hóf feril sinn sem blaðateiknari í Viðskiptablaðinu árið 1994. Þegar komið var fram á árið 2005 bætti hann við daglegum teikningum í Blaðið sem síðan varð að 24 Stundum.

Frá haustinu 2008 hefur Halldór verið á Morgunblaðinu. Og nú fær Fréttablaðið að njóta hæfileika hans.

„Mér fannst ég þurfa þessa breytingu. Það hefur dálítið með það að gera hvert Morgunblaðið stefnir. Ég held að ég passi einfaldlega betur inn á Fréttablaðið,“ segir Halldór sem telur komandi tíma verða ekki síður góða uppsprettu efnis fyrir skopmyndateiknara en verið hafi síðustu misseri.

„Næstu ár verða líka mjög pólitísk og ótrúlega miklir atburðir sem munu gerast. Til dæmis er rannsóknarskýrslan að koma og debatt um Evrópusambandið er fram undan. Þetta verða spennandi tímar,“ segir Halldór Baldursson. **- gar**



**HALLDÓR BALDURSSON** Skopmyndateiknarinn vinsæli segir marga stóratburði fram undan sem spennandi verði að fást við. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Látum verkin tala!

Maður er bara nánast gefins!

Já þetta verð er rugl fyrir svona vandaða vél!

Electrolux
5 ára ábyrgð



1200 snúninga

89.900
~~114.900~~

Electrolux
5 ára ábyrgð

**Þvottavél**
Orkunýting A,
þvottahæfni A,
vinduhæfni B, skjár,
1200 snúningar
1805455



Tekur 6 kg

86.900
~~109.900~~

Electrolux
5 ára ábyrgð

**Þurrkari**
Barkalaus m/rakaþétti,
tekur 6 kg af blautum
þvotti, krumpuvörn
1805461



1.490 kr/m²
~~1.690 kr/m²~~

EGGER

**Eikarlíki**
3ja stafa plastparket
146956

Eitt mesta úrval landsins af plastparketi

Tek að mér hárþvott!



4.890

**Baðkarssett**
Teny Top, brúsa, barki og festing
8016030




10 ltr
6.990

Þekur 45m² veggflöt í tveimur umferðum

**Veggmálning**
gljástig 7, 10 ltr, beinhvítt
7119800

Umhverfisvottuð og nær lyktarlaus

## Gæðafatnaður
á góðu verði!



ÚTSALA
ÚTIVISTAR-FATNAÐUR
25-40%
AFSLÁTTUR



4.995

POWER PLUS
**Rafhlöðuborvél**
14.4V, flýtipatróna, 23 átaksstillingar.
6 borar, 6 bitar og taska fylgja.
5245224



30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM LJÓSUM

Látum verkin tala!

## Húsasmiðjublaðið
er komið út!




Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 10.03.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,77 | 128,37 |
| Sterlingspund | 190,24 | 191,16 |
| Evra | 173,43 | 174,41 |
| Dönsk króna | 23,305 | 23,441 |
| Norsk króna | 21,592 | 21,720 |
| Sænsk króna | 17,840 | 17,944 |
| Japanskt jen | 1,4117 | 1,4199 |
| SDR | 194,94 | 196,10 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 229,1865

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Níu einstaklingar ákærðir aftur fyrir að ryðjast inn í Alþingishúsið:

# Þingvörður hækkar bótakröfu

**DÓMSMÁL** Þingfest verður í dag ákæra á hendur níu einstaklingum sem ruddust inn í Alþingishúsið 8. desember 2008. Fólkið er ákært fyrir brot gegn valdstjórninni, almannafriði og allsherjarreglu, auk húsbrots.

Þetta er önnur ákæran sem gefin er út í þessu máli. Í desember á síðasta ári gaf embætti Ríkissaksóknara út ákæru. Í ljós kom að Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari var vanhæfur í málinu vegna fjölskyldutengsla við þingvörð sem sækir bætur vegna meiðsla eftir atburðinn. Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra setti þá Láru V. Júlíusdóttur hæstaréttarlögmann saksóknara í málinu og er það hún sem gefur út ákæruna að þessu sinni. Ákæran er samhljóða hinni fyrri að öðru leyti en því að umræddur þingvörður hefur hækkað bótakröfuna. Í fyrri ákærunni gerði viðkomandi kröfu um rúmlega 577 þúsund krónur í skaðabætur. Í síðari ákærunni er bótakrafan komin upp í rúm 877 þúsund. Þá krefst þingvörðurinn í fyrri ákæru bóta úr hendi þeirra sem ákærðir eru en einstaklings í hópnum í síðari ákæru. Þeim manni er meðal annars gefið að sök að hafa veist að þingverðinum aftan frá, ýtt honum út úr húsinu og haldið föstum með aðstoð annars manns. - jss



**ALÞINGISHÚSIÐ** Fólkið er ákært fyrir að ryðjast inn í bygginguna í heimildarleysi.

Atvinnuleysi eykst:

# Um 15 þúsund eru atvinnulaus

**VINNUMARKAÐUR Atvinnuleysi jókst um 2,2 prósent milli mánaða og var 9,3 prósent í febrúar. Það þýðir að 15.026 voru að jafnaði án vinnu. Á sama tíma í fyrra var atvinnuleysi 8,2 prósent.**

**Mest atvinnuleysi er á Suðurnesjum, 15 prósent, en minnst á Vestfjörðum, 3,6 prósent. Meira atvinnuleysi er á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, 9,9 prósent á móti 8,2 prósentum. Þá eru fleiri karlar atvinnulausir en konur, 10,2 prósent á móti 8,1 prósenti.** - kóp

Sjálfstæðismenn í Reykjavík:

# Framboðslisti samþykktur

**STJÓRNMÁL** Fulltrúaráð Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík samþykkti í gær framboðslista flokksins fyrir borgarstjórnarkosningar í maí.

Efsta sæti skipar Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri. Síðan koma borgarfulltrúarnir Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Gísli Marteinn Baldursson, Í sjötta sæti er Geir Sveinsson framkvæmdastjóri. Áslaug Friðriksdóttir framkvæmdastjóri er í sjöunda og Jórunn Fríannsdóttir borgarfulltrúi í áttunda sæti. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, skipar heiðurssæti listans.

Steingrímur Sigurgeirsson var kjörinn formaður fulltrúaráðsins. - gar

### ÍTALÍA

**Berlusconi kaupir sér frest**

Ítalska þingið samþykkti endanlega í gær umdeild lög sem heimila ráðherrum að fresta um hálft ár dómsmálum sem þeir sjálfir tengjast. Silvio Berlusconi á í tveimur slíkum vegna spillingarásakana.

### BRETLAND

**Miliband vill ljúka stríði**

David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, hvetur nú afgönsk stjórnvöld til þess að semja sem fyrst við talibana og aðra uppreisnarhópa svo ljúka megi stríðinu í Afganistan. Hann telur skilyrði til þess hagstæð nú.

### LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með stærð línubátsins Lukku ÍS-357 frá Suðureyri sem fékk hákarl á línuna á mánudag, í frétt blaðsins á síðu 2 í gær. Báturinn er 14 brúttótonn samkvæmt skráningu Fiskistofu og 11 metrar að lengd.

# Ól fjölfatlað barn og lést eftir ítrekuð læknamistök

**Læknamistök árið 2001 leiddu til þess að kona lést í tengslum við meðgöngu og fæðingu. Barninu var bjargað með keisaraskurði en er mikið fatlað. Eiginmanni konunnar og börnum hafa verið dæmdar bætur.**

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur verið dæmt í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða föður og tveimur börnum samtals þrjár milljónir króna í miskabætur vegna læknamistaka á Landspítala sem leiddu til dauða eiginkonu mannsins og móður barnanna. Áður höfðu faðirinn og börnin fengið 3,6 milljónir í miskabætur vegna málsins, en þau kröfðust frekari bóta.

Málsatvik voru þau að hjónin leituðu til tæknifrjóvgunardeildar Landspítala þar sem fósturvísir var settur upp hjá konunni. Hún var þá 47 ára. Hjónin fengu ekki upplýsingar um áhættu sem væri samhliða aðgerðinni, þar sem konan var komin á þennan aldur.

Þegar konan var gengin rúmlega 26 vikur með var hún flutt veik á spítalann. Hún var greind með meltingaróþægindi, og meðhöndluð við þeim, en var með meðgöngueitrun. Barnið var tekið með keisaraskurði en konan lést sama dag af miklum heilablæðingum. Barnið, sem nú er átta ára, býr við mikla fötlun í dag, meðal annars af völdum heilablæðingar sem það varð fyrir í fæðingunni. Það hefur verið greint með heilalömun og flogaveiki. Eldra barnið, sem greint hefur verið með einhverfu var mjög háð móður sinni, að því er fram kemur í gögnum dómsins. Eftir að hún dó lokaði það sig inni, hætti að borða með öðrum fjölskyldumeðlimum og fékk reiðiköst.

Dómurinn féllst á kröfu fjölskyldunnar um frekari bætur, en íslenska ríkið hafði viðurkennt bótaskyldu á grundvelli stórfellds gáleysis. - jss

## ATBURÐARÁS LÆKNAMISTAKA

**Apríl 2001**
- Fósturvísir settur upp hjá konunni.

**Október 2001**
- Konan gengin 26 vikur og 5 daga með. Greindist með meðgöngueitrun og var flutt á kvennadeild LSH

**Aðfaranótt 20 október**
- Konan kvartaði undan óþægindum frá magaopi. Blóðþrýstingur snarhækkaði.
- Konan greind með meltingaróþægindi og henni ítrekað gefin meltingar- og verkjalyf.

**Að morgni 20. október**
- Konunni fyrst þá gefin lyf við lækkunar blóðþrýstings.
- Konan komin með heilablæðingar og missti fljótlega alla meðvitund.
- Bráðakeisaraskurður gerður og barninu bjargað.
- Skurðlæknir mat að ekki væri unnt að gera skurðaðgerð á konunni vegna þess hversu alvarleg heilablæðingin væri.
- Konan lést samdægurs.




**KVENNADEILD** Konan var meðhöndluð á meðgöngudeild kvennadeildar Landspítalans.

## VIÐBRÖGÐ GAGNVART AÐSTANDENDUM

„Viðbrögð spítalans gagnvart aðstandendum í tilvikum sem þessu eru í höndum yfirmanna. Ég veit að þessu máli var vel sinnt gagnvart eiginmanni konunnar."

Þetta segir Hildur Harðardóttir yfirlæknir á meðgöngu,- fæðingar,- og fósturgreiningardeild Landspítalans.

Sérstakar verklagsreglur gilda á Landspítala um meðferð sjúklinga með of háan blóðþrýsting sem eru endurskoðaðar milli ára og eru nú nýyfirfarnar, að sögn Hildar.

Tæknifrjóvgun er hins vegar ekki framkvæmd á spítalanum lengur heldur hjá einkastofu, Art Medica.

„Í þessu tilviki er um að ræða einstakan atburð," segir Hildur. „Hér dó kona í tengslum við meðgöngu og fæðingu. Það gerist á tíu til fimmtán ára fresti á landinu. Ég veit að þeir sem önnuðust konuna á umræddum tíma töldu sig vera að vinna sína á réttan hátt. En hlutirnir geta gerst mjög hratt eins og í þessu tilviki."

Hildur segir að í þeim tilvikum sem sjúkingar séu hætt komnir kalli yfirmenn fyrir þá starfsmenn sem komið hafi að málinu og farið sé yfir það eins oft og þurfa þykir. Einstaka starfsmenn geti þurft meiri stuðning sem aðrir, sem þeir fá þá á einstaklingsgrundvelli.

PIPAR\TBWA • SÍA • 100602

25% AFSLÁTTUR
af rúðuþurrkum og rúðuvökva
í dag!

Og að sjálfsögðu færðu aðstoð hjá starfsmönnum á plani.

olís
Við höldum með þér!

## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**RÓLEGT VEÐUR**
Það verður úrkomulítið á landinu fram á annað kvöld en þá fer að rigna um norðan- og vestanvert landið. Um helgina verður víða einhver úrkoma en vindur verður í lágmarki og því víða ágætis veður. Á sunnudag fer heldur kólnandi norðantil.




**Á MORGUN**
3-8 m/s, væta N- og V-til um kvöldið.

**LAUGARDAGUR**
Hægviðri, víða úrkoma og kólnandi veður.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 3° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 4° |
| Frankfurt | 7° |
| Friedrichshafen | -2° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 9° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 13° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 2° |
| París | 8° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is


Nóttin
er nýjung í Nóatúni
DAG
Nótt
24:7
Nú er opið 24 tíma,
7 daga vikunnar
í þremur verslunum
Nóatúns
Hringbraut
Austurver
Grafarholt
NÓATÚN
www.noatun.is
EXPO • www.expo.is

## KJÖRKASSINN



*Eiga Litháarnir í mansalsmálinu að afplána fangelsisdóma sína í heimalandi sínu?*

| | |
|---|---|
| Já | 96,9 |
| Nei | 3,1 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Vilt þú að Ögmundur Jónasson setjist aftur í núverandi ríkisstjórn?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Verjandi krefst þess að hluta ákæru verði vísað frá dómi:

# Telur Catalinu þegar refsað

**DÓMSMÁL** Verjandi Catalinu Mikue Ncogo vill að ákæru á hendur henni fyrir að hagnast á vændisstarfsemi fimm kvenna verði vísað frá. Hann telur að Catalina hafi í raun þegar hlotið fyrir það dóm. Þetta kemur fram í greinargerð lögmannsins Jóns Egilssonar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Catalina var í desember dæmd í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir fíkniefnainnflutning og að gera út þrjár nafngreindar vændiskonur „auk fleiri ónafngreindra kvenna".

Jón bendir í greinargerð sinni á að úr því að fyrri dómurinn telji sannað að hún hafi gert út fleiri ónafngreindar konur, og miði refsinguna við það, hljóti konurnar fimm í nýja málinu að falla þar undir. Ekki sé hægt að refsa Catalinu aftur fyrir sama brotið og því beri að vísa þessum lið frá.

Catalina er jafnframt ákærð fyrir mansal. Hún hafi svipt þrjár kvennanna frelsi sínu og haldið þeim í kynlífsþrælkun.

Þessu er alfarið hafnað í greinargerðinni. Meðal annars liggi fyrir að konurnar hafi sjálfviljugar stundað vændi erlendis áður en þær komu hingað til lands. **- sh**



**VILL FRÁVÍSUN** Catalina hefur þegar hlotið tveggja og hálfs árs fangelsisdóm fyrir hórmang. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Þrýstingur á Ísrael:

## Nýbyggingar gagnrýndar

**ÍSRAEL, AP** Bretland, Frakkland, og ESB gagnrýna harðlega ákvörðun Ísraelsmanna um að heimila 500 nýjar íbúðir í austurhluta Jerúsalem, sem Palestínumenn vilja að verði höfuðborg ríkis síns.

Bandaríkjamenn hafa einnig gagnrýnt tímasetningu tilkynningarinnar, sem kom meðan Joe Biden varaforseti var á fundum með Ísraelum. Biden fundaði í gær með forseta Palestínustjórnar. Að fundinum loknum sagði Biden að Palestínumenn ættu skilið að eignast eigið ríki. **- gb**

N1 Deildin
2009 - 2010
HSÍ
KARLAR
Fimmtudagur

| | | |
|---|---|---|
| Kaplakriki | FH - Haukar | 19:00 |
| Digranes | HK - Grótta | 19:30 |
| Framhús | Fram - Valur | 19:30 |


# Tíundi hver borgaði fasteignagjöld of seint

**Af 17,4 milljarða álögðum fasteignagjöldum fóru tveir milljarðar í innheimtu hjá milliinnheimtufyrirtæki. 1.200 milljónir voru enn í vanskilum um áramót. Einn af hverjum átta greiðendum greiddi ekki innan 20 daga frá eindaga.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Ellefu prósent af álögðum fasteignagjöldum Reykjavíkurborgar á síðasta ári voru send til milliinnheimtufyrirtækis í innheimtu. Alls voru vanskilin 1.982 milljónir króna og greiðendurnir 5.472 talsins.

Meðalskuld hvers gjaldanda var um 362.000 krónur sem er meira en þreföld fasteignagjöld meðalíbúðar.

Í svari borgarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur ekki fram hve stór hluti vanskilanna er vegna íbúðarhúsnæðis og hve stór vegna atvinnuhúsnæðis. „Stór hluti vanskila fasteignagjalda er vegna fasteignafélaga sem lent hafa í erfiðleikum í kjölfar þrenginga í efnahagsmálum," segir hins vegar þar.

Af 5.472 greiðendum stóðu 3.282 skil á gjöldum sínum fyrir tilstuðlan milliinnheimtufyrirtækis og greiddu samtals 725 milljónir króna eða um 36 prósent af heildarvanskilum. Um áramót voru 2.190 aðilar enn í vanskilum með 1.257 milljóna króna fasteignagjöld, sem svarar til um 7% af álögðum heildargjöldum. Meðal-vanskil um áramót voru um 574 þúsund krónur.

Í svarinu kemur fram að fasteignagjöld hafi verið send í milliinnheimtu hafi þau ekki verið greidd tuttugu dögum eftir eindaga. Fréttablaðið spurði um þá skilmála sem borgin setur millifyrirtækjum um innheimtukostnað. Því er til svarað að innheimtukostnaðurinn vegna ársins 2009 hafi verið samkvæmt samningi borgarinnar og milliinnheimtufyrirtækis mun lægri en hámarksfjárhæðir samkvæmt lögum. Milliinnheimta og löginnheimta vegna ársins 2010 séu nú í útboðsferli.

Greiðslu fasteignagjalda var dreift á níu gjalddaga árið 2009 og leiddi það til þess að kröfum og útsendum greiðsluseðlum fjölgaði verulega frá því sem var þegar gjalddagarnir voru sex talsins.

Alls voru 41.654 kröfur sendar í milliinnheimtu, eða tæplega sex kröfur á hvern aðila.

Fréttablaðið hefur ekki undir höndum samning borgarinnar við fyrirtækið Momentum um innheimtuna. Miðað við að lágmarksþóknun hafi verið 600 krónur fyrir innheimtubréf hefur heildarþóknun vegna fyrstu innheimtutilrauna verið 25 milljónir króna.

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, hefur óskað eftir umræðu um vanskilainnheimtu á borgarráðsfundi í dag.

**peturg@frettabladid.is**



**RÁÐHÚS** 1.982 milljónir af fasteignagjöldum borgarinnar innheimtust ekki innan tuttugu daga frá eindaga. Milliinnheimtufyrirtæki tókst að innheimta um 725 milljónir. Um áramót voru 1.257 milljónir enn í vanskilum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### 5% GJALDA TIL MILLIINNHEIMTU

973 foreldrar, eða tæplega fimmtán prósent foreldra leikskólabarna í Reykjavík fengu bréf frá milliinnheimtufyrirtæki á vegum borgarinnar í fyrra, samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg.

Þessi hópur skuldaði samtals um 55 milljónir króna, eða 5,4 prósent af álögðum leikskólagjöldum, sem alls námu um milljarði króna. 334 áttu enn ógreidda reikninga af þessu tagi um áramót og skulduðu samtals um 11 milljónir króna. Álagning innheimtufyrirtækisins á höfuðstól krafnanna liggur ekki fyrir. **- pg**

Baráttan gegn loftslagsbreytingum:
Sökkva Maldíveyjar?



Forseti Maldíveyja, Mohamed Nasheed, heldur fyrirlestur í HÍ á laugardag

Forseti Maldíveyja, Mohamed Nasheed, heldur fyrirlestur í boði forseta Íslands og í samvinnu við Háskóla Íslands laugardaginn 13. mars kl. 13.15.



Mohamed Nasheed mun tala í fyrirlestrasal Öskju við Sturlugötu og heitir erindið *„Maldives: Fighting climate change from the frontline".*

Mohamed Nasheed er heimsþekktur fyrir baráttu sína gegn loftslagsbreytingum. Hætt er við að þær komi sérlega illa við heimaland hans, Maldíveyjar í Indlandshafi, þar sem þær eru mjög láglendar og að sama skapi viðkvæmar fyrir hækkun yfirborðs sjávar.

Forseti Íslands mun kynna forseta Maldíveyja en Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektor HÍ, stýrir fundinum.

Fyrirlesturinn er á ensku og öllum opinn. Aðgangur er ókeypis.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 100668

Fjögurra tíma verkfall flugumferðarstjóra olli mörgum óþægindum í gærmorgun:

# Áætlanir í flugi út um þúfur

**SAMGÖNGUR** Talsverð röskun varð á flugi í gær vegna verkfalls flugumferðarstjóra.

Verkfallið, sem stóð í fjóra tíma frá klukkan sjö í gærmorgun, riðlaði bæði flugi hér innanlands og til og frá landinu. Þær tafir sem urðu á fluginu ollu þeim helst vanda sem hugðust ná tengiflugi í erlendum flughöfnum.

Flugstoðir ohf. og flugumferðarstjórar ræddu saman í gær og fundur hefur verið boðaður aftur klukkan ellefu fyrir hádegi í dag. Flugumferðarstjórar boða áfram skyndiverkföll þar til samningar nást. Næsta verkfall yrði strax í fyrramálið klukkan sjö. **- gar**



**BEÐIÐ Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI** Farþegar reyndu að láta fara vel um sig á meðan þeir biðu af sér verkfall flugumferðarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

# 20% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM WATERLAND STÍGVÉLUM & ELKA POLLAGÖLLUM

ELKA Waterland








**Stígvél** st. 36-42
**3.999**kr ~~4.999~~kr



**Stígvél** st. 36-46
**3.999**kr ~~4.999~~kr



**Gúmmískór** st. 36-46
**2.399**kr ~~2.999~~kr



**Gúmmískór** st. 20-35
**1.839**kr ~~2.299~~kr



**Gúmmískór** st. 20-35
**1.839**kr ~~2.299~~kr



**Stígvél** st. 20-34
**1.999**kr ~~3.499~~kr



**Stígvél** st. 20-35
**2.799**kr ~~3.499~~kr



**Stígvél** st. 20-35
**3.199**kr ~~3.999~~kr



**Stígvél** st. 19-35
**2.399**kr ~~2.999~~kr



**Stígvél** st. 20-35
**2.399**kr ~~2.999~~kr

LOÐFÓÐRUÐ



**Stígvél** st. 20-35
**3.199**kr ~~3.999~~kr



**Stígvél** st. 20-34
**2.799**kr ~~3.499~~kr



**Stígvél** st. 19-35
**2.399**kr ~~2.999~~kr



**Stígvél** st. 20-35
**2.799**kr ~~3.499~~kr



**Stígvél** st. 20-34
**2.799**kr ~~3.499~~kr



**Stígvél** st. 19-35
**2.399**kr ~~2.999~~kr

LOÐFÓÐRUÐ



**Stígvél** st. 20-35
**3.199**kr ~~3.999~~kr

Gildir til 14. mars á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða tegund yoga stundar söngkonan Hera Björk þessa dagana?
2. Hvað eru margir kettir í Hrísey?
3. Hver er Eldhugi Kópavogs í ár?

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 46

Gæðaeftirlit með háskólum verður í höndum erlendra sérfræðinga:

# Gæðaráð háskólanna stofnað

**MENNTUN** Unnið er að stofnun gæðaráðs fyrir háskólana sem hafi gæðaeftirlit með kennslu og rannsóknum við skólana. Með því færist matið út fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og verður sjálfstætt.

Eindregnar óskir hafa komið fram um stofnun slíks ráðs í þeim vinnuhópum sem ráðherra hefur skipað undanfarna mánuði. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur nú, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, ákveðið að verða við þessum óskum. Gæðaráðið verður skipað erlendum sérfræðingum.



**ÁRNAGARÐUR VIÐ HÍ** Gæðaráðið mun hafa yfirumsjón með gæðaeftirliti í öllum háskólum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Undanfarið hefur verið unnið að stofnun þess og hafa erlendir sérfræðingar komið að þeirri vinnu, enda er ráðið að erlendri fyrirmynd. Stefnt er að því að gæðaráðið verði stofnað vorið 2010 og hefji fulla starfsemi þá um haustið.

Reiknað er með að ráðið verði skipað fjórum til sex alþjóðlegum sérfræðingum og ráðherra skipi formann úr þeim hópi. Skrifstofa ráðsins verður að öllum líkindum í húsakynnum Rannís.

Meðal verkefna ráðsins verður að gefa út gæðahandbók og að hafa yfirumsjón með því að samþykktum sé fylgt varðandi tryggingu gæða út á við. - kóp

Reiddi golfkylfu að lögreglu:

# Ákærður fyrir líflátshótun

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á fertugsaldri fyrir að ógna tveimur lögreglumönnum, sem voru við skyldustörf í Vestmannaeyjum, með því að ganga að þeim með golfkylfu reidda til höggs. Þetta átti sér stað í október á síðasta ári.

Jafnframt er maðurinn ákærður fyrir að hafa hótað þriðja lögreglumanninum lífláti. Maðurinn hafði þá verið handtekinn og hafði hótanirnar í frammi á lögreglustöðinni í Vestmannaeyjum. - jss


**Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.**

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Laugalandi, Holtum, föstudaginn 26. mars 2010 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 9. mars 2010.
**Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.**


Ótrúlegt en satt:

# Loðna hrygndi í fiskasafninu

**NÁTTÚRA Skipverjar á Sighvati Bjarnasyni VE komu á mánudag með lifandi loðnu til Fiskasafnsins í Vestmannaeyjum. Það má undrum sæta að loðnan svaraði kalli náttúrunnar, þrátt fyrir vistaskiftin, og hrygndi morguninn eftir.**

**Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum undanfarna daga er loðnuveiðum að ljúka. Loðnan sem veidd er á stutt eftir í hrygningu eins og dæmið frá safninu sýnir. Mörg fyrirtæki hafa veitt allan sinn afla úr loðnu sem lengst er gengin og hefur mesta hrognafyllingu. Með því er náð hámarks verðmætum úr þeim rúmlega hundrað þúsund tonnum sem leyfilegt er að veiða á vertíðinni.** - shá



**ATKVÆÐAGREIÐSLA Á ÞÝSKA ÞINGINU** Angela Merkel kanslari og aðrir þingmenn í kös við kjörkassann. NORDICPHOTOS/AFP

# Ákvörðunin gæti tafist

**Aðildarviðræður við Ísland koma væntanlega til kasta l eiðtogaráðs Evrópusambandsins á næsta fundi þess. Nokkur óvissa er þó um það hvort þýska þingið nær að afgreiða málið innan tveggja vikna.**

**UTANRÍKISMÁL** Ný ákvæði í þýskum lögum gætu orðið til þess að þýska þjóðþingið fái ekki nægan tíma til að taka afstöðu til þess hvort hefja eigi aðildarviðræður Evrópusambandsins við Ísland áður en málið verður tekið fyrir á næsta fundi Leiðtogaráðs Evrópusambandsins dagana 25. og 26. mars, eða eftir aðeins hálfan mánuð.

Þetta verður í fyrsta sinn sem reynir á þetta ákvæði, sem kveður á um að ráðherrar í ríkisstjórn Þýskalands verði að hafa samráð við þingið áður en þeir taka þátt í ákvörðunum á vettvangi ráðherraráðs Evrópusambandsins.

Samkvæmt þingsköpum þýska þingsins er hægt að afgreiða slík mál á einum þingfundi. Heimilt er þó að vísa máli til nefndar, ef einn þingflokkur eða fimm prósent þingmanna fara fram á það. Málið kæmi þá til kasta Evrópunefndar þýska þingsins, sem gæti sömuleiðis afgreitt málið á einum fundi.

Líklega myndu þó fleiri nefndir vilja hafa aðkomu að málinu, svo sem utanríkismálanefnd, og það gæti flækt afgreiðslu málsins og tafið hana. Lögin gefa þó kost á því, ef vilji er fyrir hendi, að afgreiða málið á sameiginlegum fundi allra þeirra nefnda sem vilja taka þátt í umræðunum.

Óvissan um afgreiðslu þingsins stafar fyrst og fremst af því að þetta verður í fyrsta sinn sem reynir á fyrrnefnt ákvæði í þýskum lögum um samráð ríkisstjórnar og þings í málefnum Evrópusambandsins. Þingið hefur að vísu alla möguleika til að afgreiða málið hratt, en hvorki í utanríkisráðuneyti Þýskalands né hjá þýska þjóðþinginu var í gær hægt að fá staðfestingu á því að þeir möguleikar verði nýttir. Það verði einfaldlega að koma í ljós, hvernig framkvæmdin verður í þetta sinn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins bar þetta mál á góma í síðustu viku á fundi Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra með Guido Westerwelle, hinum þýska starfsbróður hans í Berlín.

Á þeim fundi fagnaði Westerwelle skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um Ísland, þar sem mælt var með því að aðildarviðræður hefjist sem fyrst.

Sendinefnd frá þýska þinginu verður á Íslandi í dag og á morgun að ræða við ráðherra og flokksleiðtoga. gudsteinn@frettabladid.is

## LISSABON-DÓMURINN Í ÞÝSKALANDI

Forsögu málsins má rekja til þess að vorið 2008 kærði þýskur þingmaður, Peter Gauweiler, staðfestingu þýska þingsins á Lissabon-sáttmála Evrópusambandsins. Stjórnlagadómstóll Þýskalands komst að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa brætt málið með sér í rúmt ár, að til þess að fullnægja kröfum stjórnarskrárinnar verði ríkisstjórnin að hafa þýska þingið með í ráðum á vettvangi Evrópusambandsins. Í framhaldi af þessum dómi, Lissabon-dómnum sem svo er nefndur í Þýskalandi, breytti svo þýska þingið síðastliðið haust lögum um samráð þings og ríkisstjórnar í málefnum Evrópusambandsins með ákvæðum um að þingið eigi alltaf skýlausan rétt á því að segja álit sitt áður en ákvörðun er tekin á vettvangi ráðherraráðs Evrópusambandsins.


Fiton/SÍA

**Félagsfundur VR**

**verður haldinn í Veisluturninum, 20. hæð, Smáratorgi 3, Kópavogi, miðvikudaginn 17. mars nk. kl. 19.30.**

**Dagskrá:**
1. Kynning frambjóðenda til trúnaðarstarfa fyrir VR.
2. Fyrirspurnir og umræður.

**Félagsmenn hvattir til að mæta.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR



**Auglýsingasími**

**512 54 01**




Allt sem þú þarft...

# Fermingar tilboð



## MacBook 13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjástýring
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2.13 kg

**Verð: 199.990 kr.**

**Tilboð: 189.990,- kr.***

## iPod shuffle



Geymir allt að 1000 lög
Vegur aðeins 10,7g
5 litir

2GB
4GB

Verð frá: **14.990,-**

## iPod nano



Geymir allt að 4000 lög
Vegur aðeins 36,4g
Upptökumyndavél
FM útvarp
7 litir

8GB 16GB

Verð frá: **39.990,-**

## iPod touch



**Allt í einu tæki**

Geymir allt að 14.000 lög
iPod
Þráðlaust net (WiFi)
Leikjatölva
Vídeóspilari

Vegur aðeins 115g

8GB 32GB 64GB

Verð frá: **52.990,-**



**Fireant**
iPod hátalari
Verð frá 39.990,-



**iHome IH10**
iPod hátalari og útvarp
Verð frá 19.990,-



**Fartölvuhulstur**
Margar gerðir, ýmsir litir
Verð frá 4.990,-



**Hulstur**
iPod - iPhone
Verð frá 1.990,-



Tilboð

**EyeTV USB**
Sjónvarps og útvarpsmóttakari
Verð 23.990,-
Listaverð 26.900

**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími:**
Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

**www.epli.is**

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gilda til 1. apríl, eða meðan birgðir endast.



**BARN Á PRIKI** Kólumbískur hermaður leikur listir sínar með barni í kólumbíska hersirkusnum. NORDICPHOTOS / AFP

Viðskiptaráð hvetur til aukins eftirlits og eftirfylgni með hertari bankareglum:

# Vill ganga lengra í gagnsæi

**STJÓRNMÁL** „Aukið gagnsæi í fjármálakerfi er til þess að efla traust og trúverðugleika almennings á uppbyggingu og starfsemi fjármálafyrirtækja.“

Þetta segir í umsögn Viðskiptaráðs um frumvarp um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki.

Ráðið vill að gengið verði lengra við að auka gagnsæi á eignarhaldi helstu fjármálafyrirtækja landsins heldur en gert er í frumvarpinu. Er tekið undir sjónarmið Kauphallarinnar í því efni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi eða geti krafist nákvæmra upplýsinga um eignarhald fjármálafyrirtækja en Kauphöllin og Viðskiptaráð vilja að fyrirtækin hafi þær upplýsingar opinberar og aðgengilegar.



TÓMAS MÁR SIGURÐSSON

Viðskiptaráð telur frumvarpið fela í sér nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum en gerir nokkrar athugasemdir. Tímafrestur Fjármálaeftirlitsins til að fjalla um hæfi til að eignast virkan eignarhlut er talinn of langur og ákvæði um orðspor þess sem hyggst eignast virkan eignarhlut er talið of rýrt.

Viðskiptaráð hvetur til aukins eftirlits og eftirfylgni með hertari reglum um fjármálastofnanir en varar þó við að reglurnar verði of íþyngjandi fyrir fyrirtækin enda geti þær tafið fyrir eða komið í veg fyrir endurreisn skilvirks fjármálakerfis. Þá er efasemdum lýst um að Fjármálaeftirlitinu sé ætlaður nægur tími til reglusetningar þar sem lögin eiga að taka gildi þegar við samþykkt. - bþs

Heilbrigðismál á Blönduósi:

# Mikil óánægja með niðurskurð

**STJÓRNSÝSLA** Sveitarstjórn Skagastrandar brýnir þingmenn Norðvesturkjördæmis til að standa vörð um Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi. Ályktun þessa efnis var samþykkt á sveitarstjórnarfundi.

Stofnuninni hefur verið gert að spara sem nemur 11 prósentum af veltunni. „Sveitarstjórn skorar á heilbrigðisráðherra að endurskoða boðaðan niðurskurð og tryggja að Heilbrigðisstofnunin fái sanngjarna meðferð í samanburði við aðrar stofnanir. - th

Foreldrar í ESB-ríkjum:

# Foreldraorlof mánuði lengra

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** **Evrópusambandið hefur lengt foreldraorlof úr þremur mánuðum í fjóra, eða í átta mánuði samtals fyrir báða foreldra.**

**Samkvæmt lögum Evrópusambandsins getur móðir eða faðir barns tekið sér frí úr vinnu hvenær sem er á fyrstu sjö árum barnsins. Þetta foreldraorlof, sem svo er nefnt, er ekki það sama og mæðraorlof, sem móðir nýfædds eða nýættleidds barns fær að taka.**

**Foreldrar geta skipt foreldraorlofinu á milli sín að vild.**

**Misjafnt er eftir aðildarríkjunum hvort foreldrar fá greidd laun í foreldraorlofi eða ekki. Mæðraorlofið er líka mislangt eftir ríkjunum, allt frá fjórtán vikum á Möltu til sextán mánaða í Svíþjóð.** - gb

Almenn ánægja með framboð á menningarviðburðum:

# Telja nægu fé vera varið í menningarmál

**SKOÐANAKÖNNUN** Rúm 62 prósent þátttakenda í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um menningarneyslu telja hið opinbera verja nægu fé til menningarmála í þeirra byggðarlagi. Könnunin var gerð fyrir menntamálaráðuneytið nú í haust.

Þátttakendur voru beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingarinnar um að of litlu opinberu fé væri varið til menningarmála í þeirra byggðarlagi. Tæp 45 prósent sögðust frekar ósammála fullyrðingunni og tæp átján prósent voru mjög ósammála. Tæp fimmtán prósent voru aftur á móti mjög sammála fullyrðingunni og rétt 23 prósent frekar sammála.

Tæplega 83 prósent svarenda sögðust ánægð með framboð á menningarviðburðum í þeirra byggðarlagi og tæpum 80 prósentum fannst næg tækifæri til að taka þátt í menningarstarfsemi og skapandi starfi í byggðarlagi þeirra.

Á hinn bóginn voru talsvert færri, eða um 63 prósent, sem töldu börn fá næg tækifæri til að sækja fjölbreytta menningarviðburði og álíka mörgum þóttu börn fá góða menntun í listum og tækifæri til skapandi starfs í skólum.

Tæp 80 prósent sögðust gjarnan vilja sækja fleiri menningarviðburði en þeir gerðu, en tímaleysi, áhugaleysi eða þreyta og kostnaður komu helst í veg fyrir að fólk sækti eða tæki þátt í menningarviðburðum. - bs




**BARNA OG UNGLINGAGEÐDEILD** Bið eftir aðstoð hefur lengst eftir efnahagshrunið.

# Æ fleiri börn á geðdeild

**Sextíu ungmenni hafa verið lögð inn á barna- og unglingageðdeild í bráðainnlögn það sem af er ári en voru 200 allt árið í fyrra. Yfirlæknir segir ástæðu til að velta fyrir sér hvort kreppan skýri fjölgunina.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Bráðamálum á barna- og unglingageðdeild Landspítalans, BUGL, hefur fjölgað undanfarna mánuði. Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir barna- og geðlækninga, segir að það sem af er ári hafi yfir sextíu mál komið til bráðateymis BUGL en allt árið í fyrra voru þau rúmlega 200. Bráðamál eru mál sem tengjast bráðum geðrænum vanda, þau geta tengst miklum skapofsa ungmenna, vanlíðan og í alvarlegustu tilvikum tilraunum til sjálfsvíga.

Ólafur segir að á síðasta ári hafi starfsmenn BUGL fundið fyrir auknum þrýstingi á bráðainnlagnir sem jukust um sextán prósent miðað við árið á undan. Hann segir að þar fyrir utan séu málin sem komi til meðferðar á BUGL erfiðari og þyngri.

„Við veltum fyrir okkur hér hvort aukinn fjöldi bráðamála sé vísbending um áhrif kreppunnar á börn og ungmenni,“ segir Ólafur sem þó segir erfitt að fullyrða um slíkt þar sem ekki séu til rannsóknir um áhrif kreppunnar á börn. „Við getum ekki fullyrt neitt því það er svo margt sem hefur áhrif og það eru oft sveiflur í eftirspurn eftir þjónustu hjá okkur, hún eykst til dæmis á veturna. Hins vegar veltir maður fyrir sér hvort börn sem standa höllum fæti fyrir hafi orðið fyrir barðinu á kreppunni. Við verðum til að mynda vör við það hér að skólarnir eru að skera niður ýmis stuðningsúrræði,“ segir Ólafur sem bendir einnig á að börn sem standi illa geti farið úr jafnvægi ef fjölskylda þeirra lendir í þrengingum.

Ólafur segir biðlista eftir aðstoð BUGL hafa lengst í kreppunni, nú bíði um 100 börn og ungmenni eftir fyrstu innlögn á göngudeild auk þess sem tuttugu til þrjátíu börn bíði eftir innlögn. Hann segir að þó að reynt hafi verið að hlífa deildinni við niðurskurði hafi starfsfólki fækkað því ekki hefur verið ráðið í stað þeirra sem hafa hætt og stöður þeirra sem eru í fæðingarorlofi en ekki mannaðar að fullu. Í árslok 2008 lauk átaki sem fólst í að eyða biðlistum á BUGL.

Ólafur er í hópi fyrirlesara á málþingi Lions sem haldið verður í dag og fjallar um áhrif kreppunnar á börn og ungmenni. Hann segir að þó að kreppan hafi neikvæð áhrif þá hafi ýmislegt jákvætt fylgt henni einnig. Ýmislegt bendi til að verðmætamat hafi verið orðið brenglað í góðærinu, rannsóknir hafi sýnt að íslensk börn voru einmana og því megi kannski segja að lífsgildin séu að einhverju leyti heilbrigðari núna.

sigridur@frettabladid.is

## ÁHRIF KREPPUNNAR Á BÖRN

Lionshreyfingin stendur fyrir ráðstefnu um áhrif kreppunnar á börn og ungmenni í Norræna húsinu í dag klukkan 16.30. Fyrsta erindið flytur Geir Gunnlaugsson, landlæknir og sérfræðingur í barnalækningum, og ber það heitið Kreppa, börn og fjölskyldur. Þá flytja Sigurður Rafn Elíl, sálfræðingur á BUGL, og Vilborg G. Guðnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur og deildarstjóri á BUGL, erindi sem ber heitið Hlúum að jarðveginum. Gyða Haraldsdóttir, sálfræðingur og sérfræðingur á sviði fatlana barna, rekur forvarnargildi uppeldis og Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir á BUGL og sérfræðingur í barnageðlækningum, ræðir kreppuáhrif á börn.

Guðrún Björt Yngvadóttir, fjölumdæmisstjóri Lions, setur þingið sem haldið er í Norræna húsinu.

Ráðstefnustjóri er Jón Bjarni Þorsteinsson heimilislæknir.



Opið í dag
11 til 21

# 11.-14. mars

# Vorsprengja

# 25%

**AFSLÁTTUR**

AF ÖLLU

nema **15%** afsláttur af snyrtivöru



SPILUM SAMAN

Afslátturinn fæst ofan á aðra afslætti og tilboð.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

MOTTU MARS
Gegn krabbameini í körlum
www.karlmennogkrabbamein.is






Skartaðu skeggi
og verndaðu punginn
6.955.922 kr.
hafa safnast – Höldum áfram á
karlmennogkrabbamein.is

Styrktaraðilar
Síminn
Arion banki

H:N markaðssamskipti / SÍA

FRÉTTAVIÐTAL: Ögmundur Jónasson

# Vil áhrif í ríkisstjórninni

**Ögmundur Jónasson vill að áhrifa hans gæti í stjórnarráðinu við ríkisstjórnarborðið og getur hugsað sér að taka sæti í stjórninni. Ekkert sé ákveðið hvort það gerist eða hvaða sæti hann taki, en hann hafi verið sáttur í heilbrigðisráðuneytinu. Hann segir mikið hafa áunnist varðandi Icesave og hann bíði ekki endalaust eftir samstöðu á þingi um málið.**



**VAR SÁTTUR Í HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTINU** Ögmundur Jónasson segir ekkert hafa verið ákveðið um endurkomu sína í ríkisstjórn. Hann vilji hafa áhrif á stefnu hennar. Ótímabært sé að nefna ráðuneyti en hann hafi verið sáttur í heilbrigðisráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Því hefur verið slegið föstu, meðal annars á síðum Fréttablaðsins, að Ögmundur Jónasson sé á leið í ríkisstjórnina á ný. Hann sagði af sér embætti heilbrigðisráðherra í september vegna óánægju með höndlan stjórnarinnar á Icesave. Það mál er komið í annan farveg núna og Ögmundur segist hafa hug á að hafa áhrif á stefnu ríkisstjórnarinnar.

„Það hefur náttúrulega alltaf legið á borðinu, allar götur frá því ég sagði af mér embætti heilbrigðisráðherra, að ég taldi mig knúinn til að ganga úr ríkisstjórninni. Það var ekki vegna þess að ég væri þess sérstaklega fýsandi að ganga þar út. Það hefur engin breyting orðið á þeim efnum.

Ég vil að áhrifa minna og sjónarmiða gæti í stjórnarráðinu við ríkisstjórnarborðið og þar situr allt við hið sama. Því er ekki að leyna að innan VG hafa margir verið þessa hvetjandi lengi, en deilumálin sem tengjast Icesave hafa sett þarna strik í reikninginn.

## Sáttur í heilbrigðisráðuneytinu

Ögmundur segir málið þó ekki komið á það stig að beint hafi verið rætt við hann. Hann viti þó að rætt hafi verið um uppstokkun í stjórnarráðinu.

„Það hefur ekki verið rætt beint við mig, en mér er kunnugt um að það eru talsverðar hræringar í loftinu. Ég hef heyrt að fyrir hendi sé áhugi á að stokka eitthvað upp í stjórnarráðinu, en hvernig það verður gert er óljóst og það hefur ekki verið sest yfir það með mér.“

En ertu tilbúinn til að taka sæti í ríkisstjórn á ný?

„Ég hef verið þeirrar skoðunar allar götur frá því ég sagði af mér. Ég gekk ekki brosandi úr stjórnarráðinu, ég sá mig knúinn til að gera það.“

Í hvaða ráðuneyti vildirðu helst fara?

„Ég tel það ekki málum sérstaklega til framdráttar að vera með stífar yfirlýsingar um það í fjölmiðlum, en ég var bærilega sáttur í heilbrigðisráðuneytinu.“

## Icesave þokast vel áfram

Ögmundur segir mikinn ávinning hafa unnist í Icesave-málinu og þar hafi samstaðan verið sterkasta vopn Íslendinga. Hann hefur þó áhyggjur af því að stjórnarandstaðan sé að hverfa af þeirri braut, en vonar að svo sé ekki.

„Ég neita því ekki að í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslunnar gætti þess að fulltrúar stjórnarandstöðunnar vildu snúa þessu í þrönga flokkapólitík og húrra niður í gömlu hjólförin. Þegar sagt var að endurskoða þyrfti öll samningsmarkmið Íslands og um leið var sagt að ríkisstjórnin yrði að segja af sér, þá var augljóst að menn voru að tengja þetta tvennt; Icesave og líf ríkisstjórnarinnar. Það er einmitt þetta sem hefur verið þungamiðjan í mínum málflutningi, að krefjast aðskilnaðar þar á milli.

Ef stjórnarandstaðan ætlar að fara í þennan ham þá er hún að stórskaða málstað Íslands og bregðast skyldum sínum gagnvart þjóðinni. Í mínum huga er það alveg augljóst að þverpólitísk aðkoma að málinu er til þess eins fallin að styrkja okkar samningsstöðu.“

Ögmundur segist bera fullt traust til samninganefndarinnar og það hafi allir flokkar á Alþingi gert. Meta verði afurðina sem komi frá nefndinni. „Þetta þóf allt hefur fært okkur gríðarlegan ávinning talinn í tugum milljarða og menn skildu varast að tala um slíkt af nokkurri léttúð. Einn milljarður er þegar allt kemur til alls eitt þúsund milljónir.“

## Misnota ekki samstöðu

Ögmundur telur mun bjartara yfir Icesave-málum en áður og að þjóðaratkvæðagreiðslan hafi verið mjög mikilvæg. Samninganefndin hafi byr í seglin í kjölfar hennar. En ef brestir eru að komast í samstöðuna, er hann þá tilbúinn til að afgreiða málið án aðkomu stjórnarandstöðunnar?

„Samstaða er tæki til að ná árangri. Hún er ekki bara takmark í sjálfu sér. Ef þetta tæki er misnotað í þröngum flokkspólitískum tilgangi – og þá gegn sameiginlegum hagsmunum þjóðarinnar – þá er ég að sjálfsögðu ekki með í slíku ráðbruggi, nema síður sé.

En ég ætla að gefa mér að okkur auðnist öllum að rísa yfir þrengstu og smæstu hagsmuni og ég ætla að gefa mér að við verðum samferða í þessu til enda, allir stjórnmálaflokkar á Íslandi.“



FRÉTTAVIÐTAL
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

AÐALFUNDARBOÐ
Aðalfundur Fjölblendis ehf fyrir árið 2009
verður haldinn 25. mars 2010 kl. 17.00
Fundarstaður:
Grand Hótel, Sigtúni. Salur: Hvammur
Dagskrá verður hagað samkvæmt samþykktum félagsins
TCT
www.tct.is

# Þú átt rétt

## Hafðu samband við viðskiptabanka þinn um úrræði vegna greiðslu- og skuldavanda

**Úrræði vegna skuldavanda allflestra heimila eru til staðar. Flestum nægja þau almennu úrræði sem standa öllum til boða en sum heimili þurfa sérsniðnar lausnir þar sem skuldir og eignir eru lagaðar að greiðslugetu. Leitaðu til viðskiptabanka þíns hið fyrsta um úrlausn þinna mála.**

## Sértæk skuldaaðlögun

Öll fjármálafyrirtæki hafa samþykkt framkvæmd um sértæka skuldaaðlögun í þágu einstaklinga og heimila í skuldavanda sem felur í sér heildstæða endurskipulagningu á fjárhagsstöðu heimila í greiðsluvanda, afskriftir skulda o.fl.

- **Miðað er við að heimili haldi eftir bifreið og hóflegu húsnæði ef það ræður við 80% skuldsetningu þeirra eigna, miðað við núverandi markaðsverð.**
- **Skuldir verða lækkaðar niður í 80 - 110% ef greiðslugeta er fyrir hendi.**

**21,5 - 32 m.kr. afskrifað af íbúðinni**

### Dæmi 1 | Niðurfelling skulda með sértækri skuldaaðlögun

**Staðan núna:**

**Hús/íbúð**

Keypt á 40 m.kr. 2006.
Lán í erlendum gjaldmiðli 30 m.kr. (75% lán).

*Eftirstöðvar láns eru nú 60 m.kr., markaðsvirði húss/íbúðar nú er 35 m.kr.*

**Með sértækri skuldaaðlögun:**

**Hús/íbúð**

Lán lækkað niður í 80 – 110% af markaðsvirði íbúðar.
Fer niður í 28 til 38,5 m.kr. eftir því hver greiðslugeta heimilis er.

***Afskrift lána: 21,5 til 32 m.kr. eftir greiðslugetu heimilis.***

**35 - 48 m.kr. afskrifað af íbúðinni**

### Dæmi 2 | Niðurfelling skulda með sértækri skuldaaðlögun

**Staðan núna:**

**Hús/íbúð**

Keypt á 50 m.kr. á miðju ári 2006.
Verðtryggt lán 45 m.kr. (90%).

*Eftirstöðvar láns eru nú 61 m.kr. Markaðsvirði húss/íbúðar 44 m.kr.*

**Með sértækri skuldaaðlögun:**

**Hús/íbúð**

Lán lækkað niður í 35 til 48 m.kr. eftir greiðslugetu.

***Afskrift lána: 13 til 26 m.kr. eftir greiðslugetu heimilis.***

**Lánstími lengist að hámarki um 3 ár**

## Greiðslujöfnun íbúðalána

- **Stendur öllum til boða – áfram er hægt að sækja um greiðslujöfnun**
- **Lækkar greiðslubyrði af verðtryggðum íbúðalánum um u.þ.b. 20%**
- **Lækkar greiðslubyrði af íbúðalánum í erlendum gjaldmiðlum um 30 – 40% eftir myntsamsetningu**

**Leitaðu upplýsinga hjá viðskiptabankanum þínum, ÍLS eða Ráðgjafarstofu heimilanna.**
**Þú færð líka ítarlegar upplýsingar á island.is**


island.is
RÁÐGJAFARSTOFA UM FJÁRMÁL HEIMILANNA
Félags- og tryggingamálaráðuneyti

# X-tra ódýrt!




279 kr/stk.

**BÖKUNARPAPPÍR**
20 metrar




199 kr/pk.

**KORNFLEX**
500 gr




119 kr/pk.

**RÚSÍNUR**
250 gr



398 kr/pk.

**KATTASANDUR**
8 ltr.



139 kr/pk.

**VASAKLÚTAR**
10 einingar í pakka



198 kr/pk.

**TANNBURSTAR**
3 Í PAKKA




179 kr/stk.

**TANNKREM**
125 ml




159 kr/pk.

**BÓMULLARSKÍFUR**
100 stk.




399 kr/pk.

**FRANSKAR KARTÖFLUR**
1 kg

**KJÚKLINGALUNDIR**
FROSNAR
700 gr




998 kr/pk.

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**! Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ






119 kr/stk.

**MAIS KORN**
300 gr




299 kr/stk.

**PASTASÓSA M/BASIL**
690 gr




98 kr/stk.

**TÓMATAR, HAKKAÐIR**
400 gr




289 kr/pk.

**ELDHÚSRÚLLUR**
4 rúllur




389 kr/pk.

**WC PAPPÍR**
8 rúllur




98 kr/pk.

**EYRNAPINNAR**
200 stk.




229 kr/stk.

**STURTUGEL**
500 ml




199 kr/stk.

**SJAMPÓ**
500 ml




198 kr/stk.

**FLJÓTANDI HANDSÁPA**
500 ml

**KJÚKLINGABRINGUR**
FROSNAR
900 gr




1.198 kr/pk.

**nettó**

*Ódýrt fyrir heimilið!*

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS 2010

# Athyglinni beint að góðverkum

**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í fimmta sinn í dag. Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum en einnig eru veitt heiðursverðlaun. Í hverjum hinna fjögurra flokka eru fimm tilnefningar sem kynntar eru á þessari síðu og síðu 18. Forseti Íslands afhendir Samfélagsverðlaunin.**

## SAMFÉLAGSVERÐLAUN



**Í SUMARDVÖL** Vel fer um alla gesti í björtum og fallegum húsakynnum í Bergheimum.

### BERGMÁL

Bergmál var upphaflega kór en breyttist í líknar- og vinafélag í kjölfar þess að einn kórfélaginn veiktist af krabbameini sem dró hann til dauða. Markmið Bergmáls er að bjóða langveikum og blindum ókeypis orlofsdvöl að sumri en í sumar eru fimmtán ár frá því að sú starfsemi hófst. Félagið á nú og rekur hús sem hentar starfseminni. Allir sem að starfi Bergmáls koma gefa vinnu sína.

### KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS

Hátt á annað hundrað kvenfélög starfa í landinu og er Kvenfélagasamband Íslands regnhlífarsamtök þeirra. Starf Kvenfélagasambandsins byggir á grunninum sem lagður var við stofnun þess fyrir 80 árum en hefur lagað sig að breyttum heimi, einkum breyttri stöðu kvenna í samfélaginu. Markmið sambandsins snúast meðal annars um að standa vörð um hag íslenskra heimila og fylgjast með opinberum ákvörðunum sem snúa að menntunarmálum barna, heilbrigðis- og félagsmálum. Öll starfsemi kvenfélaganna byggir á sjálfboðavinnu.



**HÚFUVERKEFNIÐ** Á 80 ára afmæli Kvenfélagasambands Íslands færa kvenfélagskonur um allt land nýburum húfu að gjöf.



**ÚR HJÁLPARSTARFI** Hjálparf kirkjunnar stendur fyrir umfangsmikilli hjálparstarfi bæði erlendis og innanlands.

### HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR

Allar kirkjur innan Þjóðkirkjunnar standa að Hjálparstarfi kirkjunnar sem stofnað var 1970. Lengst af einbeitti Hjálparstarfið sér að því að veita aðstoð til bágstaddra þjóða og hefur Hjálparstarf kirkjunnar tekið þátt í hjálparstarfi víða um heim. Athygli vekur hversu skjótt er brugðist við hjá Hjálparstarfi kirkjunnar til dæmis þegar hamfarir dynja á bágstöddum þjóðum. Þá hefur Hjálparstarfið hin síðari ár einbeitt sér í auknum mæli að því að mæta vaxandi þörf fyrir aðstoð innanlands.

### SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Innan vébanda Slysavarnafélagsins Landsbjargar er unnið umfangsmikið sjálfboðaliðastarf. Björgunarsveitarmenn svara kalli nótt sem nýtan dag og fara út í hvaða veður og aðstæður sem er með það að leiðarljósi að bjarga mannslífum. Skemmst er að minnast snarpra viðbragða Íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar eftir jarðskjálftann á Haítí í janúar en sveitin var með fyrstu erlendu björgunarsveitunum sem komu á staðinn og skildi hún þar eftir mikinn búnað til afnota fyrir björgunarmenn sem á eftir komu.



**FRÁ HAÍTÍ** Skjót viðbrögð og björgunarstarf íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar vakti athygli eftir jarðskjálftana á Haítí í janúar.



**Á FUNDI Í FORELDRAHÚSI** Í Foreldrahúsum Vímulausrar æsku fer fram margháttað starf sem styður við fjölskyldur ungra vímuefnaneytenda.

### VÍMULAUS ÆSKA

Foreldrasamtökin Vímulaus æska eru stofnuð af foreldrum sem vildu leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn vímuefnaneyslu. Starfsemi samtakanna beinist að því að styðja við foreldra ungmenna í vímuefnavanda. Í því skyni starfa á vegum þeirra foreldrahópar en einnig er boðið upp á fjölskylduráðgjöf á vegum samtakanna og eftirmeðferð fyrir unglinga sem lokið hafa vímuefnameðferð. Frá 2002 hafa samtökin rekið Foreldrahús í Reykjavík og frá 2006 einnig í Hafnarfirði.

## FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR



**Í VATNASKÓGI** Drengirnir í Gauraflokknum njóta þess að busla og taka þátt í öðrum leikjum í Vatnaskógi.

### GAURAFLOKKURINN Í VATNASKÓGI

Ársæll Aðalbergsson framkvæmdastjóri Vatnaskógar, Bóas Valdórsson sálfræðingur og séra Sigurður Grétar Sigurðsson hafa staðið saman að því að taka á móti sérhópi drengja með ADHD í Vatnaskógi. Markmiðið er að drengir með ADHD geti sótt sumarbúðir eins og aðrir drengir í Vatnaskógi. Til að mæta þörfum drengjanna er fjölmennara starfslið í Gauraflokki en öðrum flokkum í Skóginum og er kostnaðinum mætt með fjáröflun til að foreldrar beri ekki meiri kostnað af dvölinni en aðrir foreldrar.

### HALLFRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

Hallfríður Ólafsdóttir er höfundur bókarinnar Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina. Sagan fjallar um litla mús sem villist inn í tónlistarhús þar sem heil sinfóníuhljómsveit er að hefja æfingu. Meðan hljóðfæraleikararnir stilla hljóðfæri sín verður músin, og um leið börnin sem á söguna hlýða, margs vísari um hljóðfærin og að lokum hlýðir músin á tónleika ásamt prúðbúnum tónleikagestum. Bókin hefur notið mikilla vinsælda og hefur komið út í Færeyjum og Kóreu. Sömuleiðis hafa Maxímús-tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands notið hylli barna. Á þessu ári er væntanlegt framhald af sögunni um Maxímús Músíkús.



**HALLFRÍÐUR OG MAXÍMÚS** Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari í Sinfóníuhljómsveitinni skóp músina Maxímús sem kynnir tónlist fyrir börnum.



**LAILA MARGRÉT ARNÞÓRSDÓTTIR** Tinna táknmálsálfur er fyrsta persónan í íslensku sjónvarpsefni fyrir börn sem eiga táknmálið að móðurmáli.

### LAILA MARGRÉT ARNÞÓRSDÓTTIR

Tinna táknmálsálfur er sköpunarverk Lailu Margrétar Arnþórsdóttur. Hún hefur birst í Stundinni okkar í vetur og verða þættirnir um hana alls átta að sinni. Tinna táknmálsálfur talar táknmál en þættirnir um hana eru þó talsettir þannig að börn sem ekki tala táknmál geti líka fylgst með ævintýrum hennar. Fyrir tíma Tinnu hafði ekkert barnaefni verið framleitt sérstaklega á Íslandi fyrir fyrir börn sem tala táknmál. Verulega er vandað til gerðar þáttanna og hefur Laila Margrét gefið alla vinnu sína í tengslum við gerð þeirra.

### RAUÐI KROSS ÍSLANDS OG ÖLDRUNARRÁÐ

Gleðidagar eru vikulöng sumarnámskeið ætluð börnum á aldrinum 7 til 12 ára. Leiðbeinendur á námskeiðunum eru aðallega eldri borgarar en þeim til aðstoðar eru nemendur í félagsráðgjöf við HÍ og sjálfboðaliðar Rauða krossins. Tilgangur námskeiðanna er að sameina unga og aldna báðum til hagsbóta. Börnin kynnast á námskeiðunum gömlum gildum og hefðum en einnig hugsjónum Rauða krossins um mannúð og óhlutdrægni. Boðið var upp á námskeiðin sumarið 2009 og verða þau aftur í boði á komandi sumri.



**GLEÐIDAGAR** Það er glatt á hjalla á sumarnámskeiðunum Gleðidögum þar sem kynslóðirnar mætast.



### TÓNSTOFA VALGERÐAR

Í Tónstofu Valgerðar fer fram tónlistarkennsla sem sérstaklega er löguð að þörfum nemenda með sérþarfir og er skólinn eini tónlistarskólinn á landinu þar sem þessir nemendur njóta forgangs. Nemendur Tónstofunnar geta bæði lagt stund á hefðbundið tónlistarnám og fjölþætt nám og þjálfun sem beinist að því efla tónnæmi og tónlistarfærni, bæta líðan og veita útrás fyrir sköpunarþrá.

**Á TÓNLEIKUM** Valgerður Jónsdóttir leikur á tónleikum ásamt nemanda sínum.

**Framhald á síðu 18**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Frosið lambakjöt **Betra verð!** Frosið lambakjöt **Betra verð!**



**1398** KR.KG
FROSINN LAMBAHRYGGUR



**1139** KR.KG
FROSIÐ LAMBALÆRI



**2698** KR.KG
FROSIÐ LAMBAFILLET / HRYGGVÖÐVI



**598** KR.KG
FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FL
*ALLIR BESTU BITARNIR.*




**398** KR.KG
K.F NÝTT KJÖTFARS




**479** KR.KG
BÓNUS FERSKIR KJÚLINGALEGGIR



**698** KR.KG
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



**1698** KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚLINGABRINGUR




**898** KR.KG
N.V FERSKT NAUTAHAKK




**198** KR.STK
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG
*GOTT VERÐ ALLA DAGA*




**598** KR.PK
N.V FERSKIR NAUTABORGARAR
*4 STK M/BRAUÐI*

**OS GOUDA OSTUR MILDUR 26%**
*Merkt verð 1296 kr.kg.*
*25% afsláttur*
**972** KR.KG







**BÓNUS SMYRILL 300g**
*20% afsláttur*
Alltaf mjúkur úr ísskápnum
**111** KR.STK

BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA



# SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS 2010

Framhald af síðu 16

## TIL ATLÖGU GEGN FORDÓMUM

### ADRENALÍN GEGN RASISMA

Í Adrenalíni gegn rasisma koma saman unglingar úr 9. og 10. bekk Laugalækjarskóla og frá nýbúadeild Austurbæjarskóla. Unglingarnir efla vináttu sína og draga um leið úr fordómum milli ólíkra menningarheima. Adrenalínið fagnar tíu ára afmæli á þessu ári og hafa hundruð unglinga tekið þátt í starfinu um árin.



**FJÖRUFERÐ** Útivist og hreyfing skipar verðugan sess í öllu starfi Adrenalínsins.

### HUGARAFL

Í Hugarafli starfa saman notendur geðheilbrigðisþjónustunnar sem eru í bata og fagfólk. Öll vinna í Hugarafli fer fram á jafningjagrundvelli og leitast hópurinn við að hafa áhrif á þá þjónustu sem stendur til boða. Eitt af verkefnum Hugarafls er fræðsluverkefnið Geðfræðslan en helsta markmið hennar er að draga úr fordómum gagnvart geðröskunum og notendum geðheilbrigðisþjónustunnar. Geðfræðslan er miðuð við nemendur í efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla.



**Á FUNDI HUGARAFLS** Fræðsla skipar ríkan sess í starfi Hugarafls.

### KRISTÍN VILHJÁLMSDÓTTIR/ BORGARBÓKASAFN

Á Borgarbókasafni er lagður metnaður í að þjóna innflytjendum sem best. Fyrir tveimur árum var Kristín Vilhjálmsdóttir ráðin til starfa sem verkefnastjóri fjölmenningarlegra verkefna safnsins. Markmið starfsins er meðal annars að stuðla að félagslegri aðlögun og skilningi og virðingu sem er nauðsynleg í fjölmenningarlegu samfélagi, rjúfa einangrun og auka færni í íslensku. Kristín hefur unnið frumkvöðlastarf í safninu af smitandi elju og meðal annars efnt til samvinnu við ýmis félagasamtök og stofnanir.



**TÖLUM SAMAN** Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, afhjúpaði tölulistaverkið Tölum saman á ársafmæli Söguhrings kvenna sem er liður í fjölmenningarstarfi Borgarbókasafns.

### PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON

Páll Óskar Hjálmtýsson var afar hugrakkur þegar hann kom út úr skápnum strax á unglingsaldri og ruddi með því brautina fyrir fjölda samkynhneigðra unglinga. Hann hefur með hispursleysi sínu og sterkri útgeislun án efa átt verulegan þátt í því að hér á landi er líkast til minna lagt upp úr kynhneigð fólks en víðast hvar.



**PÁLL ÓSKAR** Páll Óskar hefur sem vinsæll tónlistarmaður í tvo áratugi verið mikilvæg fyrirmynd.

### ÞÓRDÍS ELVA ÞORVALDSDÓTTIR

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir ákvað sumarið 2008 að skrifa blaðagrein vegna þess að henni misbauð sýknudómur sem féll í nauðgunarmáli. Greinin breyttist í bók sem hún vann að sleitulaust í eitt ár. Í bókinni Á mannamáli eru dregnar saman miklar upplýsingar um kynbundið ofbeldi á Íslandi. Þessar upplýsingar eru settar í margvíslegt og á stundum óvænt samhengi. Bókinni hefur Þórdís fylgt úr hlaði með fyrirlestrahaldi og fræðslu margs konar. Á bóndadaginn síðasta ýtti hún úr vör Öðlingnum sem er samstöðuátak gegn kynbundnu ofbeldi.



**ÞÓRDÍS ELVA ÞORVALDSDÓTTIR** Þórdís Elva hefur helgað líf sitt baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi frá miðju sumri 2008.

## HVUNNDAGSHETJA

### ANDRÉ BACHMANN

Gleðigjafinn og tónlistarmaðurinn André Bachmann er einn þeirra sem vinnur ötullega að því að láta gott af sér leiða. Til dæmis hefur hann gengist fyrir jólaskemmtunum fyrir fatlaða í hátt á þriðja áratug, auk þess sem hann hefur gefið út geisladiska til styrktar góðum málefnum sem oftast tengjast þeim sem minna mega sín í samfélaginu. Að auki er André gleðigjafi hvar sem hægt hefur verið að hitta hann fyrir gegnum árin, svo sem undir stýri strætisvagns.



**ANDRÉ BACHMANN** André er bæði gleðigjafi og dugnaðarforkur. Hann hefur meðal annars haft veg og vanda af jólaskemmtun fyrir fatlaða í nærri 30 ár.

### EMBLA ÁGÚSTSDÓTTIR

Embla Ágústsdóttir er tæplega tvítug baráttukona. Hún hefur áhuga á jafnréttismálum og ber hagsmuni hreyfihamlaðra barna sérstaklega fyrir brjósti. Embla er hreyfihömluð en lætur það ekki hindra sig í að lifa lífinu og ná metnaðarfullum markmiðum í námi og starfi. Hún leggur mikið upp úr því að miðla reynslu sinni og lífssýn og hefur í því skyni gengist fyrir námskeiðum og haldið fjölda fyrirlestra í skólum og víðar.



**EMBLA ÁGÚSTSDÓTTIR** Embla lætur hreyfihömlun ekki hindra sig við að uppfylla metnaðarfull markmið.

### JAKOB EINAR JAKOBSSON

Jakob Einar Jakobsson lagði baráttunni gegn einelti lið með því að hjóla hringinn í kringum landið á einni viku síðastliðið haust. Jakobi tókst hvort tveggja, að vekja athygli á málefninu og vekja upp umræðu um það og hitt að safna áheitum fyrir Liðsmenn Jerico sem eru samtök foreldra eineltisbarna og uppkominna þolenda.



**JAKOB EINAR JAKOBSSON** Hjólaði hringinn í kringum landið í fyrrahaust til að safna fé og vekja athygli á baráttunni gegn einelti.

### JÓNA BERTA JÓNSDÓTTIR

Jóna Berta Jónsdóttir hefur í meira en 20 ár helgað líf sitt því verkefni að hjálpa öðrum. Hún er formaður Mæðrastyrksnefndar Akureyrar og er ævinlega boðin og búin að veita liðsinni þegar hjálparbeiðni berst. Mæðrastyrksnefnd Akureyrar aðstoðar fólk um Eyjafjörð allan, frá Siglufirði í vestri að Grenivík í austri. Starfsemin fer fram allan ársins hring.



**JÓNA BERTA JÓNSDÓTTIR** Jóna Berta hefur starfað í meira en 20 ár fyrir Mæðrastyrksnefnd á Akureyri.

### LOVÍSA CHRISTIANSEN

Lovísa Christiansen hefur helgað sig starfi í þágu Krýsuvíkursamtakanna á annan áratug. Hún er ósérhlífin baráttukona sem er til þjónustu reiðubúin fyrir unga fíkla og fjölskyldur þeirra hvenær sem er. Hún ber hag skjólstæðinga Krýsuvíkurheimilisins fyrir brjósti, einnig eftir að meðferð þeirra lýkur. Á Krýsuvíkurheimilinu er rekin langtímameðferð fyrir unga fíkla og hefur árangur meðferðar verið afar góður.



**LOVÍSA CHRISTIANSEN** Lovísa starfar fyrir Krýsuvíkursamtökin sem reka meðferðarheimilið í Krýsuvík.

# HREINLÆTISTÆKI PÁSKATILBOÐ!

## STURTUhorn
6mm hert öryggisgler Sturtubotn og vatnslás fylgja

**2 GERÐIR • 4 STÆRÐIR • EITT VERÐ!**




RÚNNAÐUR MEÐ BOTNI
80x80 33.900 90x90 33.900

KANTAÐUR MEÐ BOTNI
80x80 33.900 90x90 33.900

til afgreiðslu af lager




WC upphengt með innbyggingarkassa með öllu, hvítum sturtuhnappi og mjúklokun 37.900- stgr

WC í gólf 14 í mitt gat 23.900- stgr

WC í vegg 19.900- stgr



19.900- stgr

STURTUSTANGARSETT termóSTURTUSTANGARSETT með öllu Verð 35.900- stgr



13.900- stgr termóSTURTUBLÖNDUNARTÆKI

15.900- stgr termó bað/STURTUTÆKI

12.900- stgr termóSTURTUBLÖNDUNARTÆKI



HANDLAUGARTÆKI Verð frá 4.900- stgr



BAÐ HANDLAUGAR Verð frá 5.900- stgr



150x75 sm | 160x75 sm | 170x75 sm

160x70 sm | 170x70 sm

BAÐKÖR Verð frá 33.580- stgr



BAÐHLUTIR - 30%



HANDKLÆÐAOFNAR
KRÓMAÐIR EÐA HVÍTIR



Stærðir: 60x80 sm 100x80 sm 90x80 sm 160x70 sm

SPEGILL m/ljósi Verð frá 28.900- stgr

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR KRÝSUVÍK
- hjálp til heilbrigðis

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvers virði eru góðar áætlanir?

## Óvissuferð

**ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR**

Á tök verða styrkist krónan ekki um fjórðung til fimmtung. Þetta voru skilaboð Alþýðusambandsins þegar nýverið var kynnt fremur dökk hagspá. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sagði að stjórnvöld og Seðlabanki þyrftu að skilja að án slíkrar styrkingar yrðu horfur á atvinnumarkaði ekki bjartar.

Seðlabankinn hefur spáð veikri krónu í höftum um næstu framtíð og því virðist fremur stefna í átök. Meðan óvissa er enn um afdrif Icesave-samninga stjórnvalda við Breta og Hollendinga stendur efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS í stað og gjaldeyrishöftum verður viðhaldið. Kostnaðinn bera almenningur og fyrirtæki landsins. Og þótt menn kunni að fagna veikri stöðu krónunnar í sjávarútvegi og öðrum útflutningsiðnaði þá bera aðrir skarðan hlut frá borði.

Samdóma álit flestra virðist þó að krónan sé of veik og langt frá jafnvægisgildi. Skiptar skoðanir um kjörstöðu krónunnar sýna hins vegar í hnotskurn mikilvægi þess að vita hvert er stefnt, en áköll um endurskoðun peningastefnunnar hafa enn sem komið er lítinn ávöxt borið. Vert er að rifja upp að margir hafa orðið til þess að benda á krónuna sem orsakavald efnahagssveiflna í hagkerfinu fremur en tæki til að bregðast við þeim. Má þar nefna rannsókn Þórarins G. Péturssonar, nú aðalhagfræðings Seðlabankans, og breska hagfræðingsins Francis Breedon í árslok 2004.

Á þessu var einnig haft orð í niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um alþjóðlega fjármálastarfsemi á Íslandi í október 2006. Þar var „efnahagslegur óstöðugleiki vegna sveiflna í gengi íslensku krónunnar“ nefndur sem ein þeirra ógna sem gæti gröfu undan möguleikum þess að koma hér upp alþjóðlegri fjármálamiðstöð.

Kannski er skýrslan um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð samt ekki gott dæmi, svona í ljósi þess hvernig fyrir íslenskum fjármálafyrirtækjum er komið. Hefðu þau átt að eiga von um að halda lífi í lausafjárkreppunni sem lagðist á alþjóðlega fjármálamarkaði þá hefði sú leiðarlýsing líkast til þurft að hafa verið komin fram fyrir löngu og búið að fara eftir þeim tilmælum sem í henni voru. Og er þá ekki litið til þess vanda sem í því var falinn að hverfa frá faglegu einkavæðingarferli og handvelja eigendur að Búnaðarbankanum og Landsbankanum.

Hafi reynslan eitthvað kennt okkur ætti það að vera að það borgar sig að vanda til áætlanagerðar og reyna svo að halda kúrsinum. Núna virðist sem velkst sé um í stormi án þess að stefnan sé skýr. Framtíðarskipan peningamála er þó lykilatriði í endurreisn efnahagslífsins.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra hafði á nýafstöðnu Iðnþingi orð á mikilvægi góðra áætlana. Hún benti með réttu á að í nýrri skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins vegna aðildarumsóknar Íslands væri að finna ábendingar um úrbætur sem vinna ætti að, hvort sem til aðildar kæmi eður ei. „Skortur á heildarstefnu hefur oft komið okkur í koll og er vafalítið helsti Akkilesarhæll okkar þjóðfélags. Hugsanlega hefði okkur gengið betur að hemja útrás íslenskra fjármálafyrirtækja, sem endaði með ósköpum, ef við hefðum fylgt skýrari stefnu með geirnegldum heildarmarkmiðum,“ sagði hún.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

GEÐVERND

**Aðalfundur Geðverndarfélags Íslands**

Aðalfundur Geðverndarfélags Íslands verður haldinn **laugardaginn 20. mars** næstkomandi, að Hátúni 10, jarðhæð og **hefst kl. 14.**

Að loknum aðalfundarstörfum skv. lögum félagsins mun **Páll Matthíasson, geðlæknir,** flytja erindið „Stefnumótun í geðheilbrigðisþjónustu“ .

Kaffiveitingar.

Félagar eru hvattir til að mæta.

***Stjórn Geðverndarfélags Íslands***

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Samræði við safneign**

Á dögunum barst tilkynning frá Nýlistasafninu um nýja sýningu á verkum úr eign safnsins, sem valin hafa verið af stjórnarmönnum þess. Sýningin ber hið eðla heiti: Samræði við sameign. Í fyrstu var talið að um bagalega misritun væri að ræða, en engin leiðrétting hefur borist og verður því að gera ráð fyrir að titillinn sé réttur. Ekki fylgdi sögunni hvaða verk fá atlotanna notið, en hitt er ljóst að hér er á ferð sköruleg atrenna gegn bábiljunni um að myndlist sé tómt rúnk.



**Á einn inni**

Athygli hefur verið vakin á því að Steingrímur Sævarr Ólafsson, fréttastjóri á Pressunni, talar inn á myndband sem Samtök iðnaðarins létu gera fyrir Iðnþing á dögunum. Í samtali við vef DV í gær kvaðst Steingrímur ekki líta á þetta sem hagsmunaárekstur, hann hafi bara verið að gera Samtökum iðnaðarins greiða. Eins og fréttamenn gera.



**Bara sýnt á Netinu**

Steingrímur segist enn fremur hafa fengið samþykki yfirmanna sinna á Pressunni. Sá vefur myndi því væntanlega ekki telja það til tíðinda ef Óðinn Jónsson, fréttastjóri RÚV, læsi inn á áróðursmyndbönd frá LÍÚ eða Náttúruverndarsamtökum Íslands? Þá bætir Steingrímur við að myndbandið hafi ekki verið ætlað til sýninga og flutnings í sjónvarpi og útvarpi. Það er rétt. Myndbandið var sýnt á Netinu – því þrönga og afmarkaða skoti upplýsingamiðlunar. Sem vill svo til að er starfsvettvangur Steingríms Sævars.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Í minningu Valtýs

Tveir stjórnmálamenn áttu mestan þátt í að ryðja Íslandi braut inn í nútímann, og fór þó hvorugur þeirra með framkvæmdarvald. Báðir sátu þeir lengi á Alþingi, en þingið var samt ekki helzti vettvangur þeirra, heldur tímaritin, sem þeir ritstýrðu, enda bjuggu þeir báðir í Kaupmannahöfn. Annar brýndi Íslendinga til dáða í Nýjum félagsritum, það var Jón Sigurðsson. Hinn beitti fyrir sig Eimreiðinni í sama skyni og fjallaði þar einnig um bókmenntir, listir, tækni og vísindi. Það var dr. Valtýr Guðmundsson, sem fæddist á þessum degi fyrir 150 árum og andaðist 1928.

Segja má, að Valtý hafi að ýmsu leyti orðið betur ágengt en Jóni forseta, en Jón hafði undirbúið jarðveginn. Jóni tókst að leggja grunninn að frjálsum viðskiptum við útlönd 1855 með því að sannfæra hikandi fylgismenn sína um kosti frjálsra viðskipta, en hann gat þó ekki hróflað við þrúgandi viðskiptahömlum innan lands og vistarbandinu. Árangurinn af þrotlausu starfi Jóns birtist smám saman í upplýstara viðhorfi lesenda hans og fylgismanna til ýmissa framfaramála, sem komust í höfn eftir daga Jóns. Framlag hans fólst í að stappa stálinu í landsmenn og plægja og sá í jarðveginn fyrir framtíðina. Þetta hlutverk rækti Jón forseti með glæstum brag.

### Upphafsmaður heimastjórnarinnar

Valtýr tók við kyndlinum af Jóni og náði skjótum árangri. Þegar Valtýr tók sæti á Alþingi 1894 og hóf síðan útgáfu Eimreiðarinnar, hafði sjálfstæðisbaráttan hjakkað árum saman í hjólförum ófrjós og innantóms þrefs um stjórnskipuleg formsatriði. Valtýr einsetti sér að finna nýjan flöt á sjálfstæðismálinu með því að móta raun-



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Valtýr Guðmundsson

hæfar kröfur á hendur dönsku stjórninni í stað þeirra einstrengingslegu ályktana og frumvarpa, sem Alþingi hafði sent frá sér árin á undan og danska stjórnin hafði jafnharðan hafnað. Málamiðlun Valtýs fólst í að slá af ströngustu kröfum um stjórnskipuleg formsatriði til að rjúfa kyrrstöðuna í efnahagslífi landsins. Þetta var kjarni Valtýskunnar, sem meiri hluti Alþingis gerði að sinni stefnu 1901 eftir sex ára þóf.

Eimreiðin seldist í 1500 eintökum á móti 400 eintökum Nýrra félagsrita á tímum Jóns forseta. Valtýr fylkti um sig frjálslyndum menntamönnum innan þings og utan. Barátta hans hratt af stað þeirri atburðarás, sem endaði með heimastjórn 1904. Hannes Hafstein átti lítinn hlut að því máli, þótt hann veldist til ráðherradóms, þegar til átti að taka. Valtý grunaði, að Magnús Stephensen landshöfðingi og menn hans hefðu tekið Hannes fram yfir sig meðal annars vegna þess, að þeir töldu Hannes mundu verða þeim auðsveipan á ráðherrastóli.

Hannes Hafstein rækti ráðherradóminn vel. Þó var það Valtýr, sem lagði grunninn að báðum höfuðmálum Hannesar í fyrri stjórnartíð hans 1904-1909, símamálinu og bankamálinu. Símamálið snerist um að leggja síma til landsins fremur en að taka upp loftskeytasamband við útlönd og láta símann nema land á Austfjörðum og teygja sig þaðan til Reykjavíkur frekar en að taka símann á land í Reykjavík og láta þá landsbyggðina ef til vill þurfa að bíða. Valtýr lagði samningana um símann upp í hendur Hannesar og einnig bankamálið, sem snerist um að laða hingað heim erlent starfsfé til að stofna Íslandsbanka til að keppa við Landsbankann, en honum stýrði Tryggvi Gunnarsson, móðurbróður Hannesar og náinn samherji landshöfðingja, og þótti íhaldssamur og hlutdrægur í lánveitingum. Tryggvi, Magnús og Hannes voru „afturhaldslið“ í augum Valtýinga. Hannes skipaði sér í sveit með andstæðingum Valtýs á Alþingi, þar á meðal voru konungkjörnir þingmenn, sem drógu taum dönsku stjórnarinnar í sjálfstæðisdeilunni. Íhaldið, sem Valtýr barðist gegn, minnir um sumt á þá, sem mestum skaða hafa valdið að undanförnu með því að hjakka í sömu hjólförum eftir hrun í von um eigin ábata.

### Sundrung og siðferði

Valtýr var rískrifandi líkt og Jón forseti. Hann skrifaði móður sinni 1896: „Þeir sem nú um undanfarin ár (síðan Jón Sigurðsson dó) hafa verið foringjar í íslenzkri pólitík hafa anað áfram í blindni, jafnt út í fen og foræði sem annað, og þá er ekki von að vel fari.“ Hann skrifaði stjúpa sínum 1910 og 1911: „Sundrungin og eigingirni einstaklinganna er svo mikil, að þjóðinni er stórhætta af búin. … Hið andlega siðferði þjóðarinnar er spillt og lamað, þjóðarsálin sjúk. … Og einmitt þess vegna blöskrar mér svo barnaskapurinn í pólitíkinni heima, auk allrar spillingarinnar, varmennskunnar og fjárgræðginnar.“

Ævisaga Valtýs eftir Jón Þ. Þór sagnfræðing er nú aftur komin út, í kilju, fín bók, mæli með henni.

# Stúdentar í óvissu

**UMRÆÐAN**

Jens Fjalar Skaptason skrifar um málefni stúdenta



**JENS FJALAR SKAPTASON**

Á undanförnum misserum hefur atvinnuleysi á Íslandi aukist hröðum skrefum. Alþýðusamband Íslands spáir 10,7% atvinnuleysi á landsvísu.

Í árferði sem þessu hvílir sú skylda á herðum stjórnvalda að huga að aðgerðum sem tryggja öryggi þeirra sem enga vinnu fá. Á síðasta ári öxluðu stjórnvöld þessa ábyrgð gagnvart námsmönnum m.a. með því að koma á fót sumarönn við Háskóla Íslands. Mikillar ánægju gætti meðal nemenda með þetta og leiddi það til þess að fjöldi nemenda gat lagt stund á lánshæft nám hjá LÍN síðastliðið sumar. Ýmsir vankantar voru þó á þessari frumraun, til dæmis var námsframboð af skornum skammti og sá fjöldi nemenda sér því ekki fært að nýta sér sumarönn.

Þrátt fyrir ítrekaðan þrýsting hefur Stúdentaráði hvorki borist afdráttarlaust svar frá háskólayfirvöldum né menntamálaráðuneyti hvort til standi að halda sumarönn í ár. Sú staðreynd að það skuli vera vafamál þykir Stúdentaráði undarlegt. Ekki aðeins hefur atvinnuleysi aukist frá því í fyrra heldur hafa atvinnuleysisbætur til atvinnulausra námsmanna verið afnumdar með öllu. Í þessari stöðu verður að gera þá kröfu til stjórnvalda að sýna a.m.k. viðleitni til þess að bæta úr vanköntum sumarannar síðasta árs.

Ef stjórnvöld hafna sumarönn við HÍ er ljóst að álag á félagsþjónustu sveitarfélaganna mun aukast til muna, en samkvæmt upplýsingum frá félags- og tryggingamálaráðherra, eiga stúdentar rétt á félagslegum bótum í sumar ef þeir eru stunda ekki nám. Að mati Stúdentaráðs getur það vart talist þjóðhagslega hagkvæmt að velta kostnaðinum með slíkum hætti frá ríki til sveitarfélaga. Þegar valið stendur á milli óafturkræfra félagslegra bóta eða námsláns sem verða að fullu endurgreidd, með vöxtum, telur Stúdentaráð svarið augljóst.

Á erfiðum tímum og í harðnandi samkeppnisumhverfi íslenskra háskóla telur Stúdentaráð það óskoraða skyldu ríkisins gagnvart nemendum hins ríkisrekna Háskóla Íslands að svara neyðarkalli þeirra, koma til móts við þá á tímum atvinnuleysis og veita þeim kost á sumarönn í ár.

*Höfundur er formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# LOKADAGAR!

## MISSIÐ EKKI AF TÆKIFÆRINU!

ORMSSON

ÞVOTTADAGAR

## ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR og UPPÞVOTTAVÉLAR
## Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI..!!



### AEG ÞVOTTAVÉL



**LAVAMAT 52840**
1200 snúninga vél
Tekur 6 kg af þvotti
Þvottahæfni: A
Orkuflokkur: A+
Notendahandbók
á íslensku
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

**TILBOÐSVERÐ kr. 119.900,-**
LISTAVERÐ: 144.900,- *Þú sparar: 25.000,- kr.*

### AEG ÞVOTTAVÉL



**LAVAMAT 62840**
1200 snúningar /mín.
Tekur 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi
sérstakt sparnaðarkerfi
Framvinduskjár
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+
Íslenskar leiðbeiningar

**TILBOÐSVERÐ kr. 109.900,-**

### AEG UPPÞVOTTAVÉL



**FAVORIT 65010VI**
Gerð til innbyggingar
Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
Mjög hljóðlát vél
– 44db (re 1 pW)
Orkunýtni : A
Þvottahæfni : A
Þurrkhæfni : A

**TILBOÐSVERÐ kr. 149.900,-**
LISTAVERÐ: 189.900,- *Þú sparar: 40.000,- kr.*

### Elektro Helios ÞVOTTAVÉL



**TF 1255E**
1200 snúninga vél
Tekur 6 kg af þvotti
Öll hugsanlega þvottakerfi
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+
Sænskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar

**TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-**

### AEG UPPÞVOTTAVÉL



**FAVORIT 40370U-W**
Hljóðlát vél aðeins 49db
TURBO-þurrkun
Þurrkar með heitum blæstri
12 manna stell
5 Þvottakerfi
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni: A

**TILBOÐSVERÐ kr. 114.665,-**
LISTAVERÐ: 134.900,- *Þú sparar: 20.235,- kr.*

### Elektro Helios UPPÞVOTTAVÉL



**DI 8525**
Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hitastillingar
Hljóðlát vél
– 49db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
Íslenskar leiðbeiningar

**TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-**

### AEG UPPÞVOTTAVÉL



**FAVORIT 60871U-M**
Stál uppþvottavél
12 manna stell
6 þvottakerfi
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni: A
6 falt vatnsöryggiskerfi
Mjög hljóðlát (aðeins 41db)
Íslenskt stjórnborð
Notendahandbók á íslensku

**TILBOÐSVERÐ kr. 156.315,-**
LISTAVERÐ: 183.900,- *Þú sparar: 27.585,- kr.*

### AEG *PAR=* ÞVOTTAVÉL og ÞURRKARI



**LAVAMAT 64851**
ÞVOTTAVÉL
1400 snúninga
Taumagn: 7 kg
Þvottahæfni: A
Orkuflokkur: A+
Öll hugsanleg þvottakerfi
ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
Notendahandbók á íslensku
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

**LAVATHERM T56740**
ÞURRKARI
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn: 7 kg
Mjög hljóðlátur
Notendahandbók á íslensku
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

**TILBOÐSVERÐ =parið= kr. 262.481,-**
LISTAVERÐ =PARIÐ=kr. 308.800,- *Þú sparar: 36.908,- kr.*

ORMSSON *Gerðu hreinlega frábær kaup á eðal heimilistækjum!*

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON LÁGMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

# Íslenska krónan: Er sveigjanleikinn of dýru verði keyptur?

UMRÆÐAN
Jón Steinsson skrifar um íslensku krónuna


JÓN STEINSSON

Í þeirri miklu fjármálakreppu sem riðið hefur yfir heimsbyggðina síðustu misseri upplifði ekkert ríki hrun sem var neitt í líkingu við það sem við Íslendingar upplifðum. Á ýmsa mælikvarða er hrun bankakerfisins Íslandi árið 2008 langstærsta fjármálakreppa allra tíma hvar sem er í heiminum. Núverandi upplýsingar benta til dæmis til þess að eignarýrnun í bankakerfinu frá því fyrir hrun sé um 4.200 ma.kr. eða um 280% af VLF. Á þennan mælikvarða er hrunið á Íslandi fimm sinnum stærra en næststærsta hrun allra tíma (Indónesía, 1998).

Þegar hrun af þessari stærðargráðu ríður yfir er nánast óumflýjanlegt að landsframleiðsla dragist saman og atvinnuleysi aukist tímabundið. En ef mið er tekið af hinu gríðarlega umfangi hrunsins er samdráttur landsframleiðslu og aukning atvinnuleysis á Íslandi í raun ótrúlega lítil. Núverandi kreppa hefur valdið dýpri kreppum í öðrum ríkjum sem þó upplifðu vandamál í fjármálakerfinu sem voru aðeins brotabrot af því sem við upplifðum.

Það að kreppan á Íslandi hefur ekki verið verri en raun ber vitni á sér fleiri en eina skýringu. Það tókst að halda innlenda greiðslukerfinu gangandi í gegnum allt hrunið. Allir gátu notað greiðslukortin sín innanlands og allir sem héldu vinnunni fengu greidd laun á tilsettum tíma. Ríkisvaldið beitti ríkisfjármálum með öflugum hætti til þess að milda sveifluna. Stöðugleikasáttmáli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins tryggði frið á vinnumarkaði þrátt fyrir mikla kaupmáttarrýrnun. Frysting gengistryggðra lána, frestun nauðungaruppboða og tímabundinn sveigjanleiki gagnvart tæknilega gjaldþrota fyrirtækjum innan bankakerfisins kom í veg fyrir holskeflu gjaldþrota með tilheyrandi öngþveiti. Og skynsöm útfærsla á endurreisn bankanna hefur lagt grunninn að aukinni nýsköpun og endurskipulagningu hagkerfisins.

Allt var þetta mikilvægt. En mikilvægast af öllu var líklega sú stefna stjórnvalda að leyfa gengi krónunnar að lækka um ríflega helming á árinu 2008. Sú stefna hefur framkallað „launalækkun án blóðsúthellinga“ og þannig snarbreytt samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Það er engum blöðum um það að fletta að þegar allt var komið í óefni var sveigjanleikinn sem fylgdi því að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil dýrmætur.

En hádegisverðurinn er aldrei ókeypis.

Sveigjanleikinn sem fylgir því að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil – og nýtist svo vel þegar allt er komið í óefni – er dýru verði keyptur. Verðið sem við greiðum fyrir sveigjanleikann eru himinháir vextir ár eftir ár.

Frá árinu 1995 og til ársloka 2007 var vaxtamunur við útlönd að meðaltali um 5%. Gengi krónunnar var nánast hið sama í lok þessa tímabils og það var í upphafi. Lántökukostnaður í krónum var því að meðaltali um 5% á ári hærri en í viðskiptaveginni myntkörfu á þessu 12 ára tímabili. Það segir sig sjálft að það er verulegur baggi fyrir íslenskt atvinnulíf að búa við 5% hærri fjármagnskostnað en fyrirtæki í öðrum löndum.

*Margir kvarta sáran yfir okurvöxtum og vísitölutengingu lána á Íslandi. En sömu aðilar eru oft svarnir andstæðingar þess að krónunni sé kastað og annar gjaldmiðill tekinn upp í staðinn. Þessir aðilar vilja borða kökuna og eiga hana.*

Á árinu 2008 hrundi síðan gengið um helming. En jafnvel þegar hrunið er tekið með í reikninginn var lántökukostnaður í krónum frá 1995 til loka ársins 2008 um 1% á ári hærri en í viðskiptaveginni myntkörfu. Vaxtamunurinn sem við búum við að staðaldri er svo mikill að það þarf að eiga sér stað hrun á stærð við hrunið 2008 á tíu ára fresti til þess að vega það upp.

En hvernig fæ ég það út að beint samband sé milli sveigjanleikans sem hjálpar okkur þegar við klúðrum hlutunum og þeirra háu vaxta sem gera okkur erfitt fyrir að staðaldri?

Þetta kemur til af því að fjármagnseigendur gera sér grein fyrir því að einmitt þegar kreppir að mun krónan lækka í verði. Þessi hegðun krónunnar – að lækka í verði þegar kreppir að – gerir krónueignir minna aðlaðandi en ella.

Eignir sem gefa vel af sér þegar kreppir að eru sérstaklega aðlaðandi fyrir fjárfesta þar sem það er einmitt þegar kreppir að sem fjármagn er mest virði. Það felst í því ákveðin trygging að eiga slíkar eignir og fjárfestar eru tilbúnir til þess að borga hátt verð fyrir þær. Eignir sem á hinn bóginn gefa illa af sér þegar kreppir að eru af sömu ástæðu sérstaklega óaðlaðandi fyrir fjárfesta. Slíkar eignir magna niðursveifluna fyrir eigendur sína í stað þess að dempa hana. Fjárfestar vilja því fá sérstaklega háa ávöxtun fyrir að eiga slíkar eignir.

Eins og fyrr segir veldur sjálfstæð peningamálastjórn okkar Íslendinga því að krónan lækkar í verði þegar kreppir að. Þetta hjálpar íslenskri framleiðslu þegar allt er í rugli. En þessi hegðun krónunnar gerir það einnig að verkum að krónueignir eru sérstaklega óaðlaðandi fyrir fjárfesta.

Með öðrum orðum, sveigjanleiki krónunnar færir fjármagn frá Íslandi. Íslenska krónan hækkar því fjármagnskostnað íslenskra fyrirtækja að staðaldri. Yfir tímabilið 1995 til 2007 var þetta krónuálag 5% á ári að meðaltali.

Lykilspurningin þegar kemur að því að velja á milli þess að halda krónunni til framtíðar eða að taka í staðinn upp aðra mynt er því: Er möguleikinn á því að geta fellt gengið í niðursveiflu nægilega mikils virði til þess að hann réttlæti það að íslenskt atvinnulíf þurfi að búa við 5% hærri fjármagnskostnað en samkeppnisaðilar í öðrum löndum ár eftir ár?

Margir kvarta sáran yfir okurvöxtum og vísitölutengingu lána á Íslandi. En sömu aðilar eru oft svarnir andstæðingar þess að krónunni sé kastað og annar gjaldmiðill tekinn upp í staðinn. Þessir aðilar vilja borða kökuna og eiga hana. Í rauninni er eini raunhæfi möguleikinn til þess að losna við okurvexti og vísitölutengingu lána að við köstum krónunni. En þá mættum við heldur ekki lengur koma okkur í ógöngur með reglulegu millibili því gengisfelling yrði ekki lengur möguleiki í stöðunni.

*Höfundur er lektor í hagfræði við Columbia háskóla í New York.*

# Þverpólitísk samstaða

UMRÆÐAN
Einar Skúlason skrifar um stjórnmál


EINAR SKÚLASON

Árangur í stjórnmálum og samstaða um lausnir liggur oft í því hvernig nálgun menn hafa á viðfangsefnin. Nálgist menn þau með þröngra hagsmuni t.d. flokkshagsmuni, eða hagsmuni viðskiptablokka og/ eða ákveðinna samtaka að leiðarljósi verður niðurstaðan oftast röng og þjónar ekki hagsmunum almennings.

Lausnir á alltaf að mæla við fjöldann, sem hefur hag eða byrðar af þeim. Í sjávarútvegsmálum ber að hafa í huga heildarhagsmuni, bæði allra þeirra sem vinna í greininni og alls almennings, ekki bara útgerðarmanna og kvótaeigenda. Sama má segja um málefni Orkuveitu Reykjavíkur. Hana verður alltaf að nálgast með það fyrir augum að fjöldinn hafi hag af og búi við ódýra og örugga orku. Viðskiptamöguleikar Orkuveitu Reykjavíkur, bæði í öðrum löndum, í stóriðju eða í öðrum verkefnum mega aldrei tefla frummarkmiðinu í tvísýnu.

Hrunið og þau vandamál sem við erum að glíma við eru erfiðustu verkefni sem íslensk alþýða og stjórnmálamenn hafa fengist við. En í þessu leynast tækifæri sem sjálfsagt er að nýta sér til að gera stjórnmál skilvirkari, gagnsærri og umfram allt heiðarlegri.

Peningaárin og útrásartíminn, þegar peningar virtust ótakmarkaðir og eyðsluæðið ríkti hvert sem litið var, ruglaði marga í ríminu og virðist ljóst að siðferðileg viðmið hafi týnst um stund, bæði í viðskiptalífi og víðar og í stjórnmálum. Skýrslan stóra frá Rannsóknarnefnd Alþingis er nú á næsta leiti og mun væntanlega varpa ljósi á það sem aflaga fór. Enginn vafi leikur á því að þar verður að finna harða dóma bæði um stjórnmálamenn og viðskiptajöfra. Þeir sem brotið hafa lög verða að sæta refsingu og í kjölfar skýrslunnar fer áreiðanlega fram mikið uppgjör. Minnumst samt þess að fólk er saklaust uns sekt sannast.

Hvað stjórnmálin varðar og minn flokk sérstaklega brugðust menn þannig við hruninu að þeir eldri stigu til hliðar, sumir í fullu fjöri, til að gefa nýju fólki tækifæri og svara kröfunni sem gerð var til allra flokka um endurnýjun. Mikil endurnýjun varð bæði á forystu og þingliði Framsóknarflokksins og góð samstaða er meðal flokksmanna um forystusveitina.

Í lok nóvember bar ég sigur úr býtum í forvali okkar framsóknarmanna vegna borgarstjórnarkosninganna í vor. Eitt af því veigamesta sem ég vil halda á lofti í kosningabaráttunni framundan er meiri samvinna og þverpólitísk nálgun á sem flest mál í borgarstjórn Reykjavíkur. Við getum gert enn betur, þó að margt hafi áunnist í þeim efnum á seinni tíma kjörtímabilsins. Við eigum að nálgast verkefnin á nýjan hátt. Ég vil nefna eitt. Í Reykjavík er mikill fjöldi fjölskyldna í miklum vandræðum vegna skulda sem engin leið er að ráða við. Hátt hlutfall atvinnulausra og aukin hætta á gjaldþrotum og húsnæðismissi bætir sífellt í vandann. Þegar þúsundir fjölskyldna eru komnar í þessa stöðu er það ekki lengur einkamál hverrar fjölskyldu fyrir sig heldur er það risavaxið samfélagsvandamál.

*Fyrr eða síðar munu málefni fjölskyldna í þessum aðstæðum lenda á könnu sveitarfélagsins og þess vegna er mikilvægt að Reykjavíkurborg taki frumkvæði sem fyrst í skuldamálum heimila.*

Fyrr eða síðar munu málefni fjölskyldna í þessum aðstæðum lenda á könnu sveitarfélagsins og þess vegna er mikilvægt að Reykjavíkurborg taki frumkvæði sem fyrst í skuldamálum heimila. Mér er ljóst að flestir telja með réttu að þetta sé mál landsstjórnarinnar, en ég vil velta því upp að allir borgarfulltrúar í Reykjavík standi saman að því að kortleggja vandann í borginni nákvæmlega og skilgreini hann.

Borgin myndi síðan nálgast ríkisstjórnina sem aðili málsins og leita samstarfs til lausnar á vandanum, en beita jafnframt því aðhaldi sem nauðsynlegt er til að knýja á um aðgerðir. Við getum kortlagt vandann og greint hann og unnið að lausn. Ekkert af því verður auðvelt, né auðleyst, en þetta væri góð byrjun. Um fleiri mál má áreiðanlega ná samstöðu flokka.

*Höfundur er oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


BÁSAR
dömu & herra bolir
WOOLMARK
Verð bolur: 9.900 kr.

100% Merino ull sem heldur vel hita á líkamanum og dregur raka frá húðinni. 195 gr/m².
66° NORÐUR

BÁSAR
dömu & herra gammósíur/ nærbuxur
WOOLMARK
Verð gammósíur: 9.500 kr.
Verð nærbuxur: 5.200 kr.

Léttur og sérstaklega hlýr fatnaður úr 100% Merino ull. 195 gr/m².
66° NORÐUR

BÁSAR
húfa
WOOLMARK
Verð: 2.800 kr.

Klassísk hlý húfa úr 100% Merino ull.
66° NORÐUR




# Þú verslar í matinn ...

... hjá kaupmanninum á horninu sem notar ágóðann til að ráða húsamálara sem safnar sér fyrir trompet og bensíni til að komast að kaupa hann og eldsneytið skilar skatti í ríkiskassann sem rekur framhaldsskólann sem börnin þín sækja á milli þess sem þau vinna í bíóhúsi til að geta keypt mótorhjól sem nágranni þinn gerir upp því hann er bifvélavirki og væri ekki með vinnu ef ekki væri til fólk eins og þú.

Vika verslunar og þjónustu fagnar framlagi hvers einasta landsmanns til lifandi hagkerfis. Þú snýrð hjólum atvinnulífsins og stuðlar þar með að betri búsetuskilyrðum á Íslandi.

**Við spilum saman!**

www.vikaverslunar.is

Samtök verslunar og þjónustu

Virðing
Réttlæti

ENNEMM / SIA / NM41245




# Framkvæmdastopp í Reykjavík

**UMRÆÐAN**
Dagur B. Eggertsson skrifar um atvinnumál


DAGUR B. EGGERTSSON

Átakalínurnar í aðdraganda borgarstjórnarkosninga eru að skýrast. Samfylkingin vill að Reykjavíkurborg ráðist í nauðsynlegt viðhald og framkvæmdir á næstu þremur árum og halda þannig uppi atvinnu í mestu kreppunni. Sjálfstæðisflokkurinn boðar frjálshyggju og afskiptaleysi og boðar 70% niðurskurð í framkvæmdum næstu þrjú árin. Þetta birtist í þriggja ára áætlun um framkvæmdir og rekstur Reykjavíkurborgar sem meirihluti borgarstjórnar kynnti í síðustu viku.

### Fjárfesting úr 10 milljörðum í einn

Þriggja ára áætlun meirihlutans felur nánast í sér framkvæmdastopp. Heildarfjárfesting A-hluta borgarinnar á tímabilinu á að vera 6,6 milljarðar sem er minna en framkvæmt hefur verið á meðalári að undanförnu. Þess má geta að árið 2008 var framkvæmt fyrir 10,3 milljarða en framkvæma á fyrir 1,3 árið 2013 samkvæmt hinni nýju áætlun. Þetta samhengi sést vel á meðfylgjandi mynd.

### Ekki gert ráð fyrir Hverahlíðavirkjun

Þá vekur sérstaka athygli að í þriggja ára áætlun Orkuveitu Reykjavíkur er ekki gert ráð fyrir fjármögnun eða framkvæmdum við Hverahlíðarvirkjun en góð sátt hefur verið um þá framkvæmd frá umhverfissjónarmiðum. Skýringanna er að leita í því að meirihlutinn hefur keyrt fjárhag fyrirtækisins út á ystu nöf með því að fjórfalda skuldir þess á fjórum árum, þrátt fyrir viðvaranir. Ljóst er að leita þarf nýrra leiða við fjármögnun Hverahlíðavirkjunar. Virkjunin getur orðið lykill fyrir orkuöflun til fjölmargra atvinnuskapandi verkefna.

### Áfram niðurskurður í viðhaldi og sumarstörfum

Rétt er að minna á að til viðbótar niðurskurði í framkvæmdum hefur meirihlutinn þegar skorið niður í viðhaldi fasteigna úr 1.323 milljónum 2008 í 734 milljónir á yfirstandandi fjárhagsáætlun. Þetta er helmings niðurskurður í mannaflsfrekustu verkunum. Enn meiri niðurskurður er í viðhaldi gatna og umhverfis borgarinnar þar sem farið er úr 1.323 milljónum árið 2008 í 611 milljónir króna á yfirstandandi ári. Þá er ótalið að sumarstörfum fækkar hjá umhverfissviði og framkvæmdasviði auk íþrótta- og tómstundasviðs eða samtals um 300 störf.

### Samfylkingin setur atvinnumálin númer eitt

Samfylkingin mun leggja sérstaka áherslu á atvinnumál í aðdraganda borgarstjórnarkosninga og boðar breytingartillögur við framlagða þriggja ára áætlun. Hún verður tekin til afgreiðslu í borgarstjórn 16. mars nk. Þetta ætti ekki að koma neinum á óvart heldur er í beinu framhaldi af ítrekuðum tillögum flokksins um átak í viðhaldsverkefnum, mótun atvinnustefnu, nýtingu á tómu húsnæði í þágu nýsköpunar og atvinnueflingar auk annarra tillagna flokksins um atvinnumál í borgarstjórn á þessu kjörtímabili. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hafa sýnt þessum tillögum ótrúlegt fálæti.

### Hanna Birna boðar frjálshyggju

Athyglisvert var að í borgarstjórn brást Hanna Birna Kristjánsdóttir við gagnrýni Samfylkingarinnar með þeim orðum að ljóst væri að Samfylkingin „hefði ekki trú á atvinnulífinu“. Líklega er þarna um að ræða einhverja ómenguðustu frjálshyggjustefnu í atvinnumálum sem kynnt hefur verið frá hruni. Það á ekkert að gera – bara bíða. Klassísk jafnaðarstefna á krepputímum er þvert á móti sú að þá sé réttlætanlegt og mikilvægt að stuðla að atvinnu með opinberum fjárfestingum og átaki í tímabærum viðhaldsverkefnum, eftir því sem kostur er. Óhætt er að segja að hinar pólitísku átakalínur séu að skírast.

*Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík.*




# Guðmundi Andra svarað

**UMRÆÐAN**
Sigurður Magnússon skrifar um bæjarmál á Álftanesi


SIGURÐUR MAGNÚSSON

Guðmundur Andri á við bæjarstjóra Á-lista, sem „þriðja bæjarstjórann“, í skrifum sínum á dögunum í Fréttablaðinu, bæjarstjórann sem ákvað að bregðast við óskum íbúanna við Blikastíg og Fálkastíg, um betra leiksvæði. Tveir fyrri bæjarstjórar höfðu skellt skollaeyrum við óskum þeirra.

Þetta er rétt, bæjarstjóri Á-lista fól framkvæmdadeild bæjarins að gera þarna umbætur og horfa til þess sem vel hefði tekist í öðrum hverfum s.s. við Miðskóga. Ef að ekki hefur tekist vel til, eins og að var stefnt, skrifast það á misskilning sem stjórnsýsla bæjarins þarf að leiðrétta. Í tilefni þessara skrifa vil ég þó fullyrða að aldrei hefur áður verðið gert jafn mikið til að bæta aðstöðu og umhverfi barna og unglinga á Álftanesi eins og í tíð Á-lista. Framkvæmdir við skóla- og íþróttasvæði vitna um þessar áherslur í starfinu og ekki síður margvíslegar umbætur í umferðaröryggismálum.

Skoðanir Guðmundar Andra og forystu Á-lista, fara saman, um að ekki sé grundvöllur fyrir rekstri sjálfstæðs sveitarfélags á Álftanesi við núverandi fjárhagslegar forsendur. Hann talar fyrir sameiningu, en Á-listinn hefur lagt áherslu á að treysta tekjustofna bæjarsjóðs, s.s. með uppbyggingu atvinnulífs sem falli að viðkvæmu umhverfi Álftaness og um leiðréttingu á greiðslum frá Jöfnunarsjóði. Á miðsvæðinu lét Á-listinn skipuleggja atvinnubyggð fyrir ferða- og menningartengda þjónustu og nærþjónustu fyrir íbúana.

Með uppbyggingu vildi Á-listinn breyta svefnbæ í sjálfbært samfélag. Bygging glæsilegrar sundlaugar sem glatt hefur börn og fullorðna á Álftanesi og hefur dregið að sér áttatíu og fimm þúsund gesti, var m.a. liður í þessum áformum. Hópur, skipaður starfsmönnum á sviði íþrótta- og æskulýðsmála, starfaði með hönnuðum við undirbúning sundmiðstöðvarinnar. Hönnun og val á búnaði hefur í flestum efnum tekist vel þótt einstök atriði kunni að vera álitaefni. Vatnsrennibrautin vinsæla sem blasir við frá Álftanesvegi er áberandi í umhverfinu, en mun hverfa úr sjónlínu frá veginum þegar þjónustuhús Búmanna á miðsvæðinu rís en framkvæmdir við það eru hafnar. Gula litinn, val arkitekts hússins, má svo mála yfir ef þurfa þykir og fella hann að umhverfislitum.

Sumir halda því fram að fjárhagsvandi Álftaness stafi af byggingu nýju laugarinnar, en horfa þá framhjá tjóni sveitarfélagsins í bankahruninu vegna lána og skuldbindinga, sem er meira en byggingarkostnaður hinnar nýju laugar. Þótt framkvæmdin hafi verið stór væri rekstur laugarinnar ekki ofviða sveitarfélaginu við efnahagslegar aðstæður sem horft var til við ákvarðanatökuna 2006.

Guðmundur Andri þekkir líka vel markmið Á-listans og framkvæmdir, og þar með virkan stuðning við hugsjónir umhverfisverndarfólks á Álftanesi, sem vill varðveita einstaka náttúru, fjölbreytileika lífríkisins og sýna sögu og menningu ræktarsemi. Stórt skref í þessa átt var stigið 8. apríl 2009 þegar bæjarstjóri undirritaði viljayfirlýsingu við ráðherra umhverfismála og menntamála um samvinnu Álftanesbæjar og ríkisins um rekstur menningar- og náttúrufræðiseturs og gestastofu vegna verndunar Skerjafjarðar.

Því miður hafa þessi góðu áform verið sett á hliðarlínuna. Áfram verður þó barist fyrir verndun á einstakri náttúru á Álftanesi fyrir komandi kynslóðir, fjörum, sjávartjörnum og votlendi og að menningarsögu svæðisins verði sómi sýndur. Í baráttu fyrir þeim málstað verður áfram óskað liðsinnis Guðmundar Andra.

*Höfundur er bæjarfulltrúi Á-lista og fyrrverandi bæjarstjóri á Álftanesi.*








**REYKJAVÍK FASHION FESTIVAL,** eða RFF, verður haldið í fyrsta skipti um næstu helgi, 18.-21. mars í tengslum við Hönnunarmars. Til þátttöku eru skráðir fremstu fatahönnuðir landsins, rúmlega tuttugu talsins, en sýnt verður í O.J. Kaaber húsinu, Sætúni 8. Miða er hægt að nálgast á midi.is.



FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447




Fermingartilboð
Gleym mér ei sængurfatnaður 25% afsláttur
Verð áður 9.280 kr
Verð nú 6.960 kr
Lín DESIGN
Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



Eirberg



Betra loft
betri líðan
Airfree lofthreinsitækið
Byggir á nýrri tækni sem eyðir
• Frjókornum, ryki og myglusveppi
• Vírusum og bakteríum
• Gæludýraflösu og ólykt
• Er hljóðlaust og viðhaldsfrítt
• Tilvalið á heimilið og á skrifstofuna
Hæð aðeins 27 cm





Kjólar og bolero jakkar í úrvali
hjá Hrafnhildi
Sími: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is




Ingibjörg segir háa hæla vera „algjört möst," en hún heldur þessa dagana annars mikið upp á fallegar skyrtur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lakkið besta skrautið

**Ingibjörgu Ragnheiði Egilsdóttur þykir þægilegt að ganga í skyrtum. Þær henta vel í vinnunni en hún hefur tekið við sem aðstoðarkona Karls Berndsen við gerð sjónvarpsþáttarins Nýtt útlit á Skjá einum.**

„Ég er mikið fyrir að vera í skyrtum og þykir það þægilegt og töff," segir Ingibjörg Ragnheiður Egilsdóttir fegurðardrottning og bætir við að með þröngu belti sé hægt að búa til mjög kvenlegt útlit. Við skyrtuna klæðist Ingibjörg þröngum gallabuxum og háum hælum sem hún segir „algjört möst". „Ég er alltaf í rosalega háum hælum," viðurkennir hún brosandi.

Ingibjörg segist, eins og margir aðrir, stundum detta í þá gryfju að velja aðeins svört föt en þá reyni hún að lífga upp á þau með skemmtilegum fylgihlutum. „Flottasti fylgihluturinn í dag er til dæmis naglalakk," segir hún og bætir við að hún hafi góðan aðgang að naglalakki þar sem vinur hennar Karl Berndsen sé kominn með umboð á nýju naglalakki sem heitir Nails Inc. „Svo er ég framkvæmdastjóri fyrirtækisins," segir hún glettin.

Ingibjörg kynntist Karli fljótlega eftir að hann dæmdi í keppninni um Ungfrú Ísland árið 2008 en þar lenti hún í öðru sæti. „Við höfum verið hálfgerð hjón síðan," segir hún glaðlega. Karl hafði í svolítinn tíma reynt að fá hana til samstarfs við sig í þáttum sínum Nýtt útlit, en það var í lok síðasta árs sem hún ákvað að slá til. Hún segir miklu meiri vinnu liggja að baki hverjum þætti en margir geri sér grein fyrir.

En verður fólk ekki hálf smeykt við að láta fegurðardrottningu ráðskast með sig? „Nei, alls ekki þessar huggulegu konur hafa allar tekið mér mjög vel," segir hún en í þessari þáttaröð tekur Karl Berndsen fyrir þekktar konur í þjóðfélaginu.

*solveig@frettabladid.is*


Allt fyrir **góðan svefn** og **betri heilsu**

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi



PROFLEX

Takmarkað magn af IQ-Care heilsudýnum og Proflex stillanlegum rúmum á sértilboði frá framleiðanda

Proflex 2x80x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
kr. 339.900 - verð áður kr. 429.000

Proflex 2x90x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
kr. 349.900 - verð áður 459.000

Fermingartilboð sjá www.svefn.is

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**LITSKRÚÐUG MYNSTUR** eru hönnuðum eins og Dries Van Noten og Donatellu Versace hugleikin um þessar mundir og víst að tískan mun snúast á sveif með litum og mynstrum eftir því sem nær dregur sumri. Aðrir hönnuðir, sem hafa ákveðið að láta sköpunargleðina ráða í sams konar málum, eru til að mynda Anna Sui og Tory Bruch.



# Einn Clark Gable, takk

**Árvekniátakið Karlmenn og krabbamein hefur hrint af stað umræðu um skegg. Vagn Boysen hárgreiðslumeistari reiknar allt eins með að æði grípi um sig og segir mikilvægt að hafa umhirðuna á hreinu.**

„Ekki er ólíklegt að átak Krabbmeinsfélags Íslands, Mottumars, eigi eftir að hleypa einhverri skeggtísku af stað og þá helst að yfirvaraskeggið sæki í sig veðrið enda er það þema þess,“ segir Vagn Boysen, hárgreiðslumeistari á Hárkúnst og kennari við hárgreiðsludeild Iðnskólans í Hafnarfirði, en allir sem þaðan ljúka námi útskrifast með sveinspróf í skeggklippingum og rakstri í kringum skegg.

Vagn segir skegg hafa átt undir högg að sækja á Íslandi síðustu ár en á erfitt með að skilja ástæðuna. Þessu sé þveröfugt farið í nágrannalöndunum þar sem skeggtískan gangi í bylgjum. „Ekki nóg með það, heldur kallast hvert afbrigði af skeggi tilteknu nafni sem fagmenn og sérstakir áhugamenn um skegg þekkja. Þannig er sem dæmi hægt að biðja um Clark Gable- eða jafnvel Hitler-mottu á hárgreiðslustofum,“ útskýrir Vagn en bætir við að flest hárgreiðslufólk þurfi þó frekari leiðbeiningar.

Við þá sem hafa eða ætla að safna skeggi segir Vagn mikilvægt að hafa nokkur grundvallaratriði í huga varðandi skeggrakstur og umhirðu. „Mikilvægt er að hafa í huga að misjafnt er eftir andlitslögun hvaða útfærslur henta best. Til dæmis getur hökutoppur komið vel út á breiðleitu andliti og yfirvaraskegg og bartar virka stundum sem mótvægi við langleitt andlit.“

Þá segir Vagn sköfur henta betur en rafmagnsvélar til að ná skörpum útlínum á skeggi og mikilvægt að nota góða raksápu við raksturinn. Hins vegar henti skafan ekki öllum og sé þá betra að grípa til rafmagnsvélarinnar og svo öfugt. Skeggið sé síðan gott að þvo með sama hársjampói og viðkomandi notar yfirleitt. „Þó er langbest að fá fyrst ráðgjöf hjá sérfræðingum,“ segir hann. *roald@frettabladid.is*



Vagn sýnir Stefaníu Ragnarsdóttur, nema á 5. önn í hársnyrtingu við Iðnskólann í Hafnarfirði, réttu handtökin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Hannes Ingi Jóhannsson mætti alskeggjaður til leiks en fékk sér mottu í tilefni af Mottu-mars. Friðbjörn Georgsson hélt sínu skeggi en lét snyrta meðfram köntum.


;ALLT

HEILSA

Þriðjudaga



**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Full búð af nýjum vörum

Bíbí & Blaka

Þönglabakka 6, Mjóddinni, Reykjavík
www.bibiogblaka.is

Sundleikfimi:
Okkar frábæra sundleikfimi er að hefjast á ný
í sundlaug Hótel Loftleiða.
Kennt er á mánud. og miðvikud. kl. 20.00.
*Eldri borgarar á þriðjud. og fimmtud. kl. 13.30.*
Vinsamlega skráið ykkur fyrir 13. mars.
Námskeiðin standa í 4 vikur.

Kveðja,
starfsfólk sundlaugar
Hótel Loftleiða.
Sími: 444-4085 / 662-0485

DONG FANG SALON

Silfurskartgripir
– bjartir og fallegir



*Litir á steinum hvítur, bleikur, blár, grænn og fjólublár*

Eigulegar fermingargjafir

GULL-ÚRIÐ • MJÓDDINNI
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari



AÐHALDSUNDIRFÖT

Ný sending

Selena

Hæðasmári 4 (í sama húsi og bílaapótekið)
Sími 553 7355 • Opið virka daga 11-18, laugard. 11-15

Eirberg



Ný sending af sundfatnaði komin

www.eirberg.is • 569 3100
Stórhöfða 25



Fötin voru í áttatíu prósent tilfella svört.

# Svart sýnir völd og áhrif

**Yves Saint Laurent hannar fyrir konur með völd.**



Kvöldklæðnaðurinn var skærlitaður.

Stefano Pilati hjá Yves Saint Laurent þótti taka skref í nýja átt þegar hann kynnti nýjustu línu tískuhússins í París fyrr í vikunni. Línan er ætluð konum með völd og til þess fallin að undirstrika áhrif þeirra.

Engan skal undra að fötin voru í nær áttatíu prósentum tilvika svört enda er svarti liturinn einkennandi fyrir völd og áhrif. Inn á milli mátti síðan sjá skærlitaðan kvöldklæðnað sem skar sig úr.

Af sýningunni að dæma ætlar Yves Saint Laurent að fikra sig yfir í fágaðri klæði en hingað til hafa þau heldur verið tælandi. *ve*

# Lindsey hætt hjá Ungaro

**Ferill Lindsey Lohan sem tískuhönnuðar virðist liðinn undir lok.**

Hin 23 ára leikkona var ráðin sem listrænn ráðunautur til franska tískufyrirtækisins Emanuel Ungaro í fyrra og fyrsta lína hennar frumsýnd í október. Gagnrýnendur voru lítt hrifnir og töldu sumir að fötin hefðu jaðrað við að vera hallærisleg og gamaldags. Emanuel Ungaro var að sögn brjálaður yfir línunni sem hönnuð var undir hans nafni, þótt sjálfur sé hann ekki lengur tengdur fyrirtækinu.

Lindsay er fastagestur á fjölda tískusýninga. Athygli vakti þegar hana vantaði á sýningu Ungaro á tískuvikunni í París. Hún var spurð út í fjarveruna og svaraði því þá að hún ynni ekki lengur fyrir Ungaro. Engin opinber yfirlýsing þess efnis hefur komið frá fyrirtækinu sjálfu.



Lindsey Lohan er hætt að hanna föt fyrir Ungaro.

# Íslenskur prjónakjóll á forsíðu

**Forsíðuna á maíhefti breska prjónablaðsins YARN Forward prýðir kjóllinn Thelma eftir íslensku prjónakonuna Hörpu Jónsdóttur. Hún er með fleiri verkefni í undirbúningi fyrir blaðið.**



Harpa er að vonum ánægð með heiðurinn en þetta er þó ekki í fyrsta skipti sem prjónauppskrift eftir hana birtist í blaðinu.

„Ég var með belti í blaðinu í fyrra en ritstjóri blaðsins setti sig í samband við mig í gegnum vefinn Ravelry sem er eins konar „Feisbúkk“ prjónaáhugafólks.“

Kjólinn kallar Harpa Thelmu eftir dóttur sinni og lýsir honum svo að honum svipi til lopavesta sem hafi verið vinsæl með hefðbundnu munstri að ofan. Kjóllinn er með A-sniði með víðu pilsi og blómum á pilsinu sem prjónuð eru með rósaleppaprjóni.

„Eins er blúnda neðan á pilsinu sem byrjað er að fitja upp á svo kjóllinn er unninn öðruvísi en aðrir prjónakjólar.“

Harpa er dugleg að búa til uppskriftir frá grunni og hefur prjónað síðan hún man eftir sér. Hún segir heiður að fá uppskrift á forsíðu blaðsins þó hún græði ekki mikið og sér fram á áframhaldandi samvinnu við blaðið. „Þetta er ekki vel borgað en ég fæ eitthvað fyrir; er ánægð og læri mikið eins og að vera í sambandi við tækniritstjórann. Þetta hefur undið upp á sig og ég er með tösku, barnakjól og fleira í undirbúningi fyrir blöð sem koma út í haust.“

*heida@frettabladid.is*




Kjóll Hörpu verður á forsíðu YARN Forward sem kemur út í maí.

# Tískusýning með boðskap

ÞRJÁTÍU TONN AF ÍS VORU FLUTT FRÁ SVÍÞJÓÐ TIL PARÍSAR FYRIR NÝAFSTAÐNA TÍSKUSÝNINGU CHANEL.

Chanel hélt tískusýningu með boðskap í París á þriðjudag en fyrirsæturnar voru umluktar bráðnandi ísjökum og blotnuðu margar í fæturna. Þrjátíu tonn af ís voru flutt inn alla leið frá Svíþjóð en ísnum var ætlað að vekja áhorfendur til umhugsunar um hlýnun jarðar.

„Hlýnun jarðar er málefni okkar tíma og tískuheimurinn verður að taka tillit til þess,“ sagði Karl Lagerfeld, hönnuður Chanel, þar sem hann stóð í vatnspolli í blautum gallabuxum. Fyrirsæturnar voru margar klæddar eftir veðri og mátti sjá ótal loðkápur og ullarkjóla á pöllunum. *- ve*



NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrirsæturnar blotnuðu margar í fæturna á gólfinu sem átti að minna á hafið bláa.

Gullsmíðaverkstæði Árna Höskuldssonar lokar 13. mars næstkomandi

ÚTSALA

Mikið úrval skartgripa

40% afsláttur af öllum vörum

Opnunartími 13:00 til 18:00 virka daga
laugardaginn 13. mars 11:00 til 17:00

Bergstaðastræti 4 – 101 Reykjavík – Sími: 562-0335

SHISEIDO

Super Corrective Serum NÝTT

Yngri húð í dag en í gær

Endurbyggir kollagen, elastín og hýalúrónsýru.*

Byltingarkennda efnið Bio-Regenesist** fjölgar fíbróblast frumum um 27%* sem vekja upp náttúrulega eiginleika æskunnar. Eftir eins dags notkun sáust færri hrukkur í 92% tilvika og 96% fundu að andlitslínur hefðu lyfst.*** Eftir þrjár vikur staðfestu 97% sýnilega minnkun á djúpum hrukkum.***

*prófað á rannsóknarstofu **einkaleyfi ***prófað af 222 konum

BIO-PERFORMANCE



Shiseido dagar í Hygea

11. - 13. mars Kringlunni & Smáralind

Fullt af flottum nýjungum • Glæsilegir kaupaukar

HYGEA Snyrtivöruverslun STOFNSETT ÁRIÐ 1953

Kringlunni s. 533 4533 | Smáralind s. 554 3960



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**

# Uppvakningar og afturgöngur á tískuviku

Á tískuvikunni í París þar sem 140 tískusýningar fóru fram mátti finna fleiri en eina ríkjandi tískustefnu. Eitt af því sem virðist vera tíðarandi um þessar mundir er endurvakning gamalla tískuhúsa. Hvort þetta tengist heimskreppunni skal ósagt látið en víst er að þegar gamalt tískuhús er endurvakið býr nafnið eitt yfir nokkurri frægð og því kostar það miklu minna í markaðssetningu og auglýsingum en nýr og óþekktur hönnuður getur búist við að þurfa að leggja í og stundum búa þessi tískuhús enn yfir gömlu dreifingarkerfi. Ég hef áður minnst á tískuhús Carven sem eitt sinn gerði garðinn frægan í hátískunni en eftir að hafa haldið sig við ilmvatnsframleiðslu árum saman spratt það fram á ný á tískuvikunni í október 2009. Nú sýndi Guillaume Henry aðra tískulínu sína fyrir Carven sem hann hannar innblásinn af hátísku gullaldar tískuhússins, framleidda með nýjum efnum og á afskaplega sanngjörnu verði fyrir viðskiptavini, rakin leið til árangurs á þessum síðustu og verstu tímum.

En það eru fleiri tískuhús sem eitt sinn máttu muna fífil sinn fegri eins og Rochas, Pierre Balmain eða Nina Ricci sem fengið hafa andlitslyftingu, nema að hreinlega sé hægt að tala um upprisu frá dauðum. Aðferðirnar eru þó alls ekki þær sömu hjá öllum þessum tískuhúsum, hver notar sína aðferð. Til dæmis leitar Christophe Decarnin, sem hefur frá 2007 gefið Pierre Balmain nýtt líf, lítið í smiðju stofnandans. Frá upphafi er hægt að tala um stíl Decarnin með sínum stuttu pallíettu-kjólum og jökkum með ýktum öxlum og axlapúðum í anda diskóáranna. Í október sótti Marco Zanini hjá Rochas innblástur sinn í Elskhuga Marguerite Duras á sumarsýningunni. Að þessu sinni var það kvikmyndin Cactus Flower með Ingrid Bergman og Goldie Hawn sem sveif yfir vötnum, hönnunin mjög í anda áranna kringum 1970. Litirnir líkt og fölnuð blóm með turkísbláu og flúorbleiku en markmiðið er að endurskapa tísku „Parísardömunnar" sem er fræg fyrir góðan smekk og stíl. Sumum þykir þó lítið spennandi að sjá í þessari hönnun og tískusýningin hreinlega leiðinleg.

Fleiri mætti nefna eins og Peter Chopping sem er fyrrverandi aðstoðarmaður Marcs Jacobs, en hann er nú listrænn stjórnandi Nina Ricci sem eins og fleiri hélt sig eingöngu við ilm og snyrtivörur síðustu misseri. Chopping hannar mjög kvenlega hönnun og er mjög upptekinn af gegnsæjum efnum en tískuskríbentar eiga erfitt með að setja fingur á hvert hann er að fara. Bandarískir viðskiptavinir hafa hins vegar tekið framleiðslunni vel enda heimsþekkt nafn í tískubransanum. Og ef formúlan virkar er það ekki spurningin?

*bergb75@free.fr*



Zoe Saldana í ægifögrum kjól frá Natalia.



Kate Winslet í kjól frá Yves Saint Laurent.



Cameron Diaz í gylltum kjól frá Oscar de la Renta.

# *Dauf tíska á ÓSKARNUM*

**Tískuspekúlöntum þóttu stjörnurnar á rauða dreglinum á Óskarnum í ár heldur ófrumlegar. Einn þeirra spurði hvar Björk væri því það hefði tilfinnanlega vantað einhvern til að hressa upp á samkomuna.**

Kvikmyndastjörnurnar voru þó allar í sínu fínasta pússi eins og vanalega á Óskarsverðlaunahátíðinni. Leikkonan Zoe Saldana úr myndinni Avatar þótti þó bera af í fjólubláum siffonkjól frá Natalia.

Kate Winslet var með hárgreiðslu í anda Veronicu Lake og í hátíðlegum silfruðum kjól frá Yves Saint Laurent.

Nýjasta tíska skipti miklu máli og þannig var Cameron Diaz í kjól frá Oscar de la Renta sem nýverið var frumsýndur á tískupöllunum á tískuvikunni í New York.

Umdeildustu kjólarnir voru þeir sem Charlize Theron og Jennifer Lopez klæddust. Theron var í bleikum Christian Dior kjól með allsérstöku brjóststykki en J.Lo í bleikum kjól frá Giorgio Armani Privé, en hún leit út fyrir að vera með aukamanneskju á mjöðminni.



Charlize Theron í kjól frá Christian Dior.



Sandra Bullock í kjól frá Marchesa.

Jennifer Lopez í kjól frá Giorgio Armani Privé.

Diane Kruger í kjól frá Chanel.



Sarah Jessica Parker í gulum kjól frá Chanel.




NÝJAR VÖRUR
Stórar stærðir • blússur
toppar • leggings
Útsalan heldur áfram,
enn meiri lækkun
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16






System belti herra / dömu
kr. 29.900.-
Dömu tilboðspakki belti+pils+armar
kr. 39.995.-
Herra tilboðspakki belti+armar
kr. 34.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



12 kg
Þvottavél
og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Frábær vara á góðu verði
Heilstæðar kremlínur fyrir þig
• Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast
• Lift- fyrir eldri húð
• Margar nýjungar í boði



DeBa
Sölustaðir: Apótek og snyrtivörudeildir

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics



Plokkari með ljósi



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR


Tíska kallast vinsældabylgja í menningu, hvort sem hún er innan fatnaðar, tónlistar, byggingalistar eða útlits. Hinar ólíku tegundir tvinnast gjarnan saman.



**heimild: http://is.wikipedia.org**








# Gólfefni

Sérblað • fimmtudagur 11. mars















▲ **Eik Honey**
1261 x 189 x 9 mm
9mm harðparket í hæðsta gæðaflokki. Smella og 25 ára ábyrgð.
Verð 5.990.-
balterio



◀ **Eik Cottage**
1261 x 189 x 9 mm
9mm harðparket í hæðsta gæðaflokki. Smella og 25 ára ábyrgð.
Verð 5.490.-
balterio



▲ **Eik Barn**
1261 x 189 x 9 mm
8mm harðparket í hæðsta gæðaflokki. Smella og 25 ára ábyrgð
Verð 5.490,-
balterio



▶ **Eik Cambridge**
1261 x 189 x 9 mm
9mm harðparket í hæðsta gæðaflokki. Smella og 25 ára ábyrgð
Verð 5.990.-
balterio

Egill Árnason™



Ásgeir segir fólk gjarnan taka eitt herbergi fyrir í einu og að framkvæmdatíminn sé oft eðlilegri nú en áður tíðkaðist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gólfefnakaup til framtíðar

**Egill Árnason er rótgróið fyrirtæki sem stendur framarlega í sölu á parketi og flísum. Úrvalið er breitt og hentar ólíkum þörfum.**

„Fyrir þá sem kjósa slitsterkt parket mælum við með harðparketinu frá Balterio en á undanförnum árum hefur orðið hröð framför í framleiðslu á því. Það hefur útlit hefðbundins viðarparkets en stenst slitálag á mestu álagssvæðum,“ segir Ásgeir Einarsson, framkvæmdastjóri Egils Árnasonar. Hann segir parketið henta sérstaklega vel ef slitþolið þarf að vera mikið, ef hundar eða önnur gæludýr eru á heimilinu, á vinnustöðum og í verslunum svo dæmi séu tekin. Þá segir hann fólk í auknum mæli velja harðparket á heimilin af praktískum ástæðum. „Ef fólk vill auðvelt líf og leggur upp úr góðri endingu þá hentar harðparketið afar vel,“ segir Ásgeir. Hann bendir einnig á Grandeur, nýjustu vörulínuna frá Balterio, en efnið er hannað út frá gömlum breiðum parketborðum og er ætlað að koma í staðinn fyrir 24 sentímetra breiðu viðarborðin sem margir kannast við í gömlum húsum erlendis. Ásgeir segir efnið henta vel í hús sem er verið að gera upp en líka á skrifstofuhúsnæði þar sem þarf að setja niður hlýlegt en slitsterkt gólfefni.

Þeir sem eru að leita að náttúrulegu og sígildu gólfefni hallast síðan að plankaparketi sem er bæði hægt að fá gegnheilt og krosslímt. „Plankaparketið frá Baltic-Wood hefur verið sérstaklega vinsælt undanfarin ár en þar er um að ræða náttúruleg efni með æðum, kvistum og öllu því sem náttúran hefur upp á að bjóða. Flestir sem eru að leita að hlýlegu gólfefni á heimilið falla fyrir því. „Hreyfingin á gegnheilum plankagólfum getur verið mikil en hún er minni á krosslímda plankaparketinu. Útlitsmunur er þó varla sjáanlegur og fer valið því eftir því sem hentar hverjum og einum.“

Auk parkets og flísa selur Egill Árnason hurðir og þiljur ásamt því að vera með sérvörudeild sem leysir verkefni á borð við að leggja íþróttagólf, flísaklæðningar og setja upp kerfisveggi. Aðspurður segist Ásgeir mæla eindregið með því að fólk fái fagmenn til að leggja parket en Egill Árnason er í samstarfi við Félag íslenskra parketmanna (FÍP). „Það er þó alltaf eitthvað um að fólk vilji spreyta sig sjálft og gerum við okkar besta til að uppfylla þær þarfir. Sem dæmi um það má nefna að Baltic-Wood parketinu okkar fylgja íslenskar leiðbeiningar um lagningu og viðhald.“

Ásgeir segir marga kaupendur vinna öðruvísi nú heldur en áður en kreppan skall á. „Fólk tekur minni fleti og gefur sér lengri tíma í verkin. Það tekur gjarnan eitt herbergi fyrir í einu og gerir hlutina á mun eðlilegri framkvæmdahraða en áður.“ Hann segir fólk líka í auknum mæli horfa í verðið samhliða gæðum. „Þetta er þannig bransi að fólk velur ekki endilega það ódýrasta. Það er að kaupa til framtíðar og veit að þá er ekki alltaf best að veðja á ódýrasta kostinn. Aftur á móti reynir það að velja praktískar lausnir og fá sem mest fyrir peninginn.“

# Persneskt í nýrri húsnæði

Margir tengja persneskar mottur við þung og dökk húsgögn og heimili í antíkstíl. Það kemur því skemmtilega á óvart hve mikið persnesk-ar mottur hafa verið notaðar af ungum hönnuðum og þá notaðar með léttum og ljósum húsgögnum og háglans innréttingum. Tékkneskir hönnuðir voru fengnir til að endurhanna innviði kirkju heilags Bartólómeusar í Bæheimi í Tékklandi fyrir nokkrum árum og notuðu þeir meðal annars hvíta Panton-stóla með persneskum mottum. Alvöru persneskar mottur eru oft fáanlegar á málverkauppboðum hérlendis sem og í antíkverslunum. *-jma*



**Perneskt teppi við hvít og létt húsgögn er ljómandi falleg blanda.**

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411



**● ÁHÖLDIN GEYMD EN EKKI GLEYMD** Gott er að hafa í huga þegar málningarumferðin hefur verið tekin á íbúðina að það mun eflaust koma að því að heimilisfólk langi aftur að mála. Og þá getur verið gott að hafa ekki gengið svo illa frá áhöldunum að fjárfesta þurfi í nýjum. Til að hreinsa rúllu sem notuð hefur verið á vatnsþynnanlega málningu er best að nota rúlluskröpu til að ná sem mestu af málningunni úr. Því næst skal skola hana með volgu og mildu sápuvatni. Reynið svo að þurrka hana með því að vinda hana vel. Penslana er hægt að þrífa á sama hátt og gott er að þerra öll áhöld yfir baðkerinu. Á olíumálningu þarf að nota sérstaka penslasápu en annars eru þrifin eins og um vatnsleysanlega málningu væri að ræða. *-jma*



**Hugmyndafluginu sleppt lausu á gólfið.** MYND/WIDEOPENSPACES.SQUARESPERE.COM

# Munstur á gömul gólf

**Máluð gólf geta verið bæði falleg og ódýr lausn ef gólfefnið sem fyrir er er orðið lúið.**



Á heimasíðu Slippfélagsins er að finna leiðbeiningar um hvernig bera á sig að við að mála gólf. Þar kemur meðal annars fram að styrkleiki málningarinnar þarf að fara eftir þeim ágangi sem gólfið þarf að þola, ekki fer sama styrkleikastig á bílskúrsgólf og stofugólf. Sterk efni sem notuð eru á verkstæðisgólf innihalda oft leysiefni sem eru ofnæmisvaldandi og henta ekki í íbúðarhúsnæði.

Ef endurmála á gólf þarf að fjarlægja gamla málningu af með stálbursta og sköfu. Þegar öll laus málning er farin af þarf að þvo gólfið með olíuhreinsi og skola svo með vatni. Eins þarf að matta glansandi yfirborð með sandpappír og hreinsa. Þegar mála á steingólf þarf yfirborðið að vera fast og hreint.

Þegar undirbúningsvinnu er lokið má gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn. Hægt er að mála gólfið í einum lit eða nota stensla og framkalla hin ýmsu munstur.

Stensla á veggi er hægt að fá víða í málningarverslunum en gólfstensla er til dæmis hægt að panta af vefnum. Á síðunni www.sunnyspaint.com er hægt að panta skemmtilega stensla og eins af síðunni www.stecilgallery.com. *-rat*



**Markið sett hátt í munstruðum stiga.** MYND/KARENOAKLEY.COM



**Slitin viðargólf er fallegt að mála í tíglum.** MYND/WWW.COUNTRYLIVING.COM




▲ **Eik Unique 3ja stafa parket**
2200 x 209 x 14mm
Extra breið 20,9cm borð, viðarlæsing, 30 ára ábyrgð og matt lakkað
Verð 5.990,- fm



◀ **Eik Antique plankaparket**
2200 x 182 x 14mm
Viðarlæsing, 30 ára ábyrgð og matt lakk.
Einnig fáanlegt burstað og fasað.
Verð 12.990,- fm

▶ **Eik Touch of Gray**
2200 x 182 x 14mm
Burstað plankaparket með viðarlæsing, 30 ára ábyrgð og möttu lakki.
Einnig fáanlegt með fösun.
Verð 12.990,- fm





◀ **Eik hvíttuð plankaparket**
2200 x 182 x 14mm
Viðarlæsing, 30 ára ábyrgð og matt lakk.
Einnig fáanlegt, olíuborið, burstað og fasað.
Verð frá 9.900,- fm

Egill Árnason™



▲ Plankaparket
Verð frá 8.790,- pr m$^2$
Eik Sauvage plankar, lakkað, smellt, burstað og micro fasað, Framleiðsluland: Þýskaland

Viðarparket ▶
Verð frá 4.990.- pr m$^2$
Eik Naturmatt 3-stafa, lakkað og smellt, Framleiðsluland: Þýskaland





◀ Plastparket
Verð frá 1.690,- pr m$^2$
Hlynur Classic, smellt, Framleiðsluland: Þýskaland

Harðparket ▶
verð frá 3.990.- pr m$^2$
Dökk Eik, smellt, fasað, Framleiðsluland: Belgía



HARÐVIÐARVAL

Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími: 567 1010 | www.parket.is




**DYRAMOTTAN DÝRMÆT** Um gildi góðrar útidyramottu þarf ekki að fara mörgum orðum. Hún forðar því að salt, tjara, slabb og bleyta berist inn á gólfin með skótauinu. Hún þarf að vera stöðug á sínum stað en ekki einhver bleðill sem vöðlast upp og er kominn út í horn þegar á reynir.

Auk þess að sinna því hlutverki vel sem henni er ætlað er dyramottan það fyrsta sem mætir augum bæði heimafólks og gesta þegar stigið er inn fyrir þröskuldinn. Því er gaman að hafa hana þokkalega útlits, þannig að hún veki góð og glaðleg hughrif.

# Gólfefni við allra hæfi

**Í verslun Harðviðarvals að Krókhálsi 4 fást vönduð gólfefni í miklu úrvali.**



Vel er tekið á móti viðskiptavinum Harðviðarvals að sögn Björns. Hægt er að sjá sýnishorn af öllum gólfefnum sem eru í boði þar sem verslunin státar meðal annars af stærsta parketsýningarsal landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Harðviðarval hefur frá stofnun lagt áherslu á að bjóða upp á allt það nýjasta og besta í gólfefnum. Að sögn Björns Matthíassonar, sölu- og markaðsstjóra verslunarinnar, er harðparket meðal eftirsóttustu gólfefna um þessar mundir.

„Fólk er að sækjast eftir slitsterku og nútímalegu gólfefni, sem er praktískt og á viðráðanlegu verði. Harðparket stenst allar þær kröfur,“ segir Björn, en í verslun Harðviðarvals að Krókhálsi 4 fást ýmis afbrigði af þessu plastparketi frá evrópskum framleiðendum á borð við Quick Step í Belgíu og Haro í Þýskalandi, og er það selt frá 3.990 krónum á fermetrann.

Björn segir þetta plastparket mjög sterkt. Til marks um það sé parketið eyrnamerkt hótelum, veitingastöðum og verslunarhúsnæði þar sem mikil örtröð er. Sökum styrkleika og eins vegna þess hversu flott og eðlilegt gólfefnið er sé það líka vinsælt á heimili. „Það þolir alveg að vera inni á öllum svæðum heimilisins, hvort sem það er forstofan eða stofan. Fólk er þó yfirleitt vanafast þegar kemur að baðherbergjum og velur þá frekar flísar. Þar er enn vinsælt að fá sér svart, hvítt eða grátt og jafnvel kaffibrúnt á gólfið,“ segir hann en í versluninni fást flísar frá Edil Chogi, sem er ítalskur framleiðandi, þekktur fyrir vönduð gólfefni.

Að sögn Björns aðstoðar starfsfólk Harðviðarvals viðskiptavini við val á gólfefnum, auk þess sem tilboð eru í gangi þar sem öll þjónusta er innifalin. „Við getum til dæmis mælt fyrir gólfefninu, afhent það, lagt á gólf og þrifið að lagningu lokinni. Við tökum meira að segja alla afganga til baka og endurgreiðum ósagað efni,“ útskýrir hann.

Þess má geta að harðparket og flísar eru aðeins hluti þess sem er á boðstólum í Harðviðarvali. Þar fást líka í góðu úrvali vínylgólfdúkar, viðarparket, línóleumdúkar, sem eru mikið notaðir í iðnaðarhúsnæði og hurðir. „Verðbilið er breitt og þannig reynum við að koma til móts við þær ólíku kröfur og þarfir sem viðskiptavinirnir gera. Allir ættu því að finna eitthvað við sitt hæfi,“ segir Björn.

Harðviðarval er opið virka daga frá klukkan 9 til 18 og á laugardögum frá klukkan 10 til 14.



**GÓÐ RÁÐ UM VIÐARGÓLF**

Forðist að nota gólfsápur sem ekki eru ætlaðar á viðargólf þar sem þær gætu innihaldið fægilög eða sýrur sem skemma yfirborð gólfsins.

Notið eingöngu hreinsiefni sem framleidd eru sérstaklega til hreinsunar gólfefna úr náttúrulegum viði.

Notið hlífðarmottur á svæði þar sem mikið er gengið um svo forðast megi að grófur sandsteinn rífi upp slétta áferð gólfsins.

Bleytið gólfið sem minnst þegar skúrað er því vatn gerir viðargólf mött og þenur út viðinn þar sem vatn smýgur í samskeyti.

Þerrið strax upp sull og bleytu sem lendir á gólfinu og setjið strax hlífðarpúða undir stól- og borðfætur svo gólfið rispist ekki.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ragnar Haraldsson verslunarstjóri í Múrbúðinni við stórar og ljósar gólfflísar sem nú njóta hvað mestra vinsælda á alrými.

# Stöðug framkvæmdagleði

**Múrbúðin hefur stimplað sig inn hjá Íslendingum fyrir fádæma gott vöruval og enn betra vöruverð.**

„Okkar upplifun á framkvæmdagleði Íslendinga er síst minni nú í kreppunni en í góðærinu svokallaða, því síðan hrunið varð hefur Múrbúðin stóraukið viðskiptavinafjölda sinn. Fólk kemur í Múrbúðina með vissu fyrir því að það gengur að góðum vörum. góðri þjónustu og góðu verði vísu, og greinilegt að fólk spáir meira í verðið nú en áður, hefur skynsemina í farteskinu og framkvæmir fyrir það sem það á fyrir í buddunni, en ekki fyrir stóru KB-bankalánin,“ segir Ragnar Haraldsson, verslunarstjóri í Múrbúðinni á Kletthálsi 7 í Reykjavík, en Múrbúðin er einnig starfrækt á Akureyri, í Reykjanesbæ og Húsavík.

Múrbúðina stofnuðu hjónin Baldur Björnsson og Matthildur Guðbrandsdóttir fyrir eigið fé árið 2005. Verslunin byrjaði smátt en flutti síðan í núverandi húsnæði að Kletthálsi 2005, þar sem hún hefur vaxið stöðugt síðan og sífellt verið bætt við nýja vöruflokka. Þau hjón eru enn einu eigendur Múrbúðarinnar.

„Múrbúðin hefur frá fyrstu tíð lagt áherslu á góðar vörur og framúrskarandi verð. Við erum yfirleitt með betra verð en samkeppnisaðilarnir og bjóðum sama verð fyrir alla, í stað sérafsláttar. Slíkt munar reyndar svo miklu fyrir viðskiptavini okkar að þótt hinir auglýsi stöðugt útsölur og afslætti er verðið yfirleitt enn lægra hjá okkur vegna minni álagningar. Við erum líka sem betur fer laus við skuldabyrði og þurfum því ekki að taka vaxtakostnað með í álagninguna, sem raunin er víða þar sem viðskiptavinir eru eina tekjulindin,“ segir Ragnar um velgengni Múrbúðarinnar sem á undanförnum misserum hefur gjörbreytt flísamarkaðnum með sanngjarnri verðlagningu, en því má bæta við að nær allar flísar eru til á lager svo viðskiptavinir fá þær afhentar strax við kaupin.

„Við seljum vandaðar flísar í fyrsta flokki frá mörgum birgjum. Flísar sækja sífellt í sig veðrið enda fallegt og hentugt gólfefni,“ segir Ragnar og bætir við að stórar flísar, allt að 45x90cm, í gráum og brúnum tónum njóti nú mestra vinsælda á alrými híbýla.

„Þá er parket alltaf vinsælt gólfefni og hefur plastparket orðið valkostur æ fleiri, enda orðið svo fallegt áferðar að varla sést munur á því og viðarparketi,“ segir Ragnar og bætir við að Múrbúðin bjóði plast- og viðarparket í úrvali og á mjög góðu verði.

**● DANSAÐ Í LITRÍKRI LJÓSADÝRÐ** Ljósagólf nutu vinsælda á diskótímabilinu eftir að hafa sést í Saturday Night Fever 1977, en leikstjórinn hafði áður séð slíkt gólf í klúbbnum The Club í Alabama. Ljósagólf höfðu þó þekkst síðan á 6. áratugnum og voru þá gerð úr gegnsæju, lituðu gleri sem lagt var á ljósaperur. Ljósagólf nútímans eru gerð úr lituðum ljóstvisti (LED), rauðum, grænum og bláum. Þau geta sýnt mismunandi munstur ásamt því að blikka undir tölvustjórn. Sum skynja dansþunga svo ljósin blikka í takt við tónlistina.



Hjá **Flísaverk.is** færðu alla þjónustu sem þú þarft fyrir **baðherbergið** ofl.

**Gerum upp baðherbergið frá A–Ö**



*Flísalagnir • Parketlagnir • Niðurrif • Förgun • Pípulagnir Rafmagn • Múrverk • Smíðavinna*

FLÍSAVERK.IS

Flísaverk • Sími 898-4990



▲ Flísar Ocean Stone 30x60 koksgráar

4.490,- pr.m²



▲ Náttúrusteinn 30x60 svartur

4.490,- m²



Granít 45,7x45,7
4.390,-pr.m²



Sand stone 45x90cm grá
6,900,- pr.m²



Veggflís hvít til silkimött og glansandi 25x40cm
2.290,- pr.m²

MÚRBÚÐIN

*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*



▲ **Firenze Nacar**

20x31, 6 flísar frá Porcelanosa á Spáni. Verð kr. 7832.- fermeterinn.



◀ **Velas Blanco**

33,3x66,6 flísar frá Venis á Spáni. Verð kr. 8609 fermeterinn



◀ **Tarkett linoleum**

gólfdúkur með XF húð sem þarf ekki að bóna. Mikið litaúrval. Verð kr. 4173 fermeterinn.



**Tarkett viðarparket** ▶

Eik Rumba robust 3 stafa kr. 5290.- fermeterinn

ÁLFABORG



Teppi úr náttúrulegum efnum koma vel út með parketlögðu gólfi og gott að setja efnið til að mynda á stiga. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kókosteppin vinsæl á 8. og 9. áratugnum

**Kókosteppi eru oft notað sem samheiti yfir gólfteppi úr trefjaefnunum kókos, sísal og júta. Teppi úr þessum náttúruefnum slógu fyrst í gegn í enda 8. áratugarins.**

Kaupfélag Eyfirðinga á eina fyrstu auglýsingu í íslensku dagblaði er lýtur að kókosmottum en árið 1948 auglýsir kaupfélagið kókosmottur og átta árum síðar, árið 1956, eru motturnar líka auglýstar af Kron, búsáhaldadeild á Skólavörðustíg. Kókosefnið virðist í fyrstu hafa birst í smærri bútum, dreglum og mottum, en ekki heilteppum.

Í lok 8. áratugarins öðlast teppin svo þær vinsældir sem þau njóta enn þann dag í dag en ein fyrsta umfjöllun um teppin sem birtist í blöðum er viðtal við húsgagnahönnuðinn Eyjólf Pálsson, sem hafði þá nýverið stofnað Epal. Eyjólfur segir kókosteppin þá einkum eiga upp á pallborðið hjá yngri kynslóðinni en á þessum árum urðu húsgögn og gólfefni úr náttúrulegum efnummjög vinsæl, samfara hippabyltigunni. *-jma*



GOSH
COSMETICS

KYNNING
Í REYKJAVÍKUR APÓTEKI
FIMMTUDAGINN 11. MARS.




Dagkrem


Næturkrem

Sérfræðingur verður á staðnum og veitir faglega ráðgjöf til viðskiptavina.

**20% afsláttur af GOSH.**

Förðunarlína, krem - og hreinsilína, body lína, shampo og hármótunarefni.

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

# Gömlu gildin oft þau bestu

**Álfaborg í Skútuvogi 6 er ein elsta starfandi gólfefnaverslun landsins. Verslunin kappkostar að bjóða upp á gæðavörur á góðu verði.**



**„Vegna gengishrunsins verðum við hreinlega að finna nýjar leiðir til að geta boðið upp á vörur sem fólk getur keypt, segir Kolbeinn í Álfaborg.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við vorum vön að segja að við ættum allt á gólfið á einum stað, en eftir að við bættum við okkur hreinlætistækjum, baðinnréttingum og fleiru þá er réttara að segja að við höfum allt á gólfið og baðið, á einum stað að sjálfsögðu," segir Kolbeinn Smári Össurarson, einn eigenda verslunarinnar Álfaborgar að Skútuvogi 6 í Reykjavík. Verslunin var stofnuð árið 1986 og segir Kolbeinn hana á leiðinni að verða eina elstu starfandi gólfefnavöruverslun á Íslandi.

Álfaborg hefur haft aðsetur í Vogahverfinu frá stofnun og þar af í Skútuvogi 6 síðustu sjö árin. Að sögn Kolbeins var Álfaborg fyrst og fremst þekkt sem flísaverslun framan af en hefur hægt og bítandi bætt við sig öðrum gólfefnum. Síðustu þrjú ár hefur Álfaborg svo fest kaup á fyrirtækjunum Gólfefni-Teppaland og Baðheimum, sem hefur breikkað vöruúrval verslunarinnar til muna.

Kolbeinn segir Álfaborg leita nýrra leiða til að bjóða viðskiptavinum sínum upp á eins hagstætt verð og mögulegt er hverju sinni. „Vegna gengishrunsins verðum við að finna nýjar leiðir til að geta boðið upp á vörur sem fólk getur keypt. Í samvinnu við birgjana okkar hefur okkur tekist það og verð á gólfefnum frá okkur hefur alls ekki hækkað í takt við gengið. Okkur hefur líka tekist vel til með að eiga nóg af vörum sem hefur víða verið vandamál, og það veldur því líklega að við erum með stærri hluta af markaðnum í dag en áður ."

Eins og áður sagði er hægt að finna allt á gólfið í Álfaborg, parket, flísar, dúka og teppi. Kolbeinn segir markaðinn fyrir vörur af þessu tagi hafa tekið töluverðum breytingum upp á síðkastið. „Sú breyting lýsir sér á ýmsan hátt. Til dæmis fóru flísarnar sífellt stækkandi í mörg ár en eru núna að minnka á nýjan leik, því þær eru ódýrari. Plastparket og þriggjastafaparket eru líka að verða vinsælli en plankaparket, svo fátt eitt sé nefnt," segir Kolbeinn.

„Þá hefur orðið nokkur aukning í sölu á heimilisgólfdúk og ódýr teppi eru að koma inn aftur. Filt-teppin voru nánast alveg dottin út, en nú eru þau farin að seljast aftur. Margir hafa ekki jafn mikið fjármagn milli handanna og áður var og þá þarf að leita nýrra leiða. Gömlu góðu leiðirnar og gildin eru oft þau bestu," bætir Kolbeinn við.

Þegar Álfaborg sameinaðist Gólfefnum og Teppalandi fékk fyrirtækið umboð fyrir vörur frá evrópska gólfefnarisanum Tarkett, sem er stærsti framleiðandi gólfefna í Evrópu. Tarkett er stærsti birgir Álfaborgar og segir Kolbeinn fyrirtækið mjög sterkt í framleiðslu á viðarparketi, plastparketi og gólfdúkum, ásamt fleiru. „Í flísunum er það Porcelanosa-merkið sem er mest áberandi hjá okkur. Þar er um að ræða mjög vandaðar vörur sem við bjóðum upp á á afar góðu verði miðað við gæði. Fyrirtækið er meðal þeirra sem eru taka þátt í því með okkur að komast í gegnum þetta erfiðleikaskeið. Það þurfa allir að taka eitthvað á sig," segir hann.



**Með því að mála aftan á vínildúk getur hann orðið orðið fínasta motta.**



**Fara verður varlega við stimplunina því annars getur liturinn smitast.**



**Fínt er að blanda saman litum.**

# Vínildúkur verður motta

Ekki þarf að kosta offjár að hressa upp á gólfin heimafyrir. Á vefsíðunni www.diyideas.com eru birtar ýmsar góðar hugmyndir. Til að mynda sú að kaupa afganga af vínildúk á afsláttarverði og mála þá í fjörlegum litum. Hér er aðgerðin í nokkrum skrefum:

**1.** Hreinsið bakhlið vínildúksins með sápulausu hreinsiefni og látið þorna.

**2.** Notið reglustiku til að mæla út þann hluta dúksins sem á að nota og klippið með beittum skærum.

**3.** Berið grunn á dúkinn með málningarrúllu. Látið þorna.

**4.** Húðið dúkinn.

**5.** Notið málningarlímband til að móta flötinn sem á að mála.

**6.** Málið dúkinn með völdum litum. Eins má blanda saman litum til að fá flotta áferð.

**7.** Notið reglustiku til að afmarka ferninga meðfram útlínu dúksins.

**8.** Málið hvern ferning.

**9.** Notið stimpil, til að mynda með laufformi, og stimplið inn í ferningana. Lyftið stimplinum varlega upp til að koma í veg fyrir smit.

**10.** Berið tvær eða þrjár umferðir af vaxbóni á til að verja dúkinn.



**Heimilisgólfdúkar**
frá Tarkett í miklu úrvali. Verð frá kr. 2190 fermeterinn



**Tarkett viðarparket**
Rumba eik natur kr. 6290.- fermeterinn



**Tarkett plastparket**
Woodstock 8 mm eikarplanki fasaður kr. 2890.- fermeterinn



Við hjá Álfaborg bjóðum uppá teppi í miklu úrvali bæði á lager og sérpöntuð. Allt frá filtteppum til hágæða teppaflísa og ullarteppa.

ÁLFABORG


FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

**HÁTÍÐLEGT YFIRBRAGÐ** Stefánsþrep nefnist þessi litla trappa sem er milli forstofunnar og eldhússins á bænum Nesi í Aðaldal. Nafnið er sótt í hönnuðinn Stefán Bjarnason þúsundþjalasmið og föður húsfreyjunnar á heimilinu. Hann leysti þessi frágangsmál með sínum hætti og gerði inngönguna í eldhúsið mun hátíðlegri en ef um þverskorna tröppu hefði verið að ræða. Hugsanlega undir áhrifum frá litlu kirkjunni sem er á hlaðinu í Nesi.



**FÓTKALDIR ÍSLENDINGAR TROÐA MOLD** Íslendingar gengu á moldargólfum langt fram á tuttugustu öld og þannig var það til dæmis á bænum Tyrfingsstöðum í Skagafirði allt til ársins 1969. Moldin var þá þétttroðin og hörð undir fæti og hætt er við að fótkuldi hafi hrjáð heimilisfólkið. Timbur var þó einnig notað á gólfin eftir efnum og aðstæðum og gátu efnameiri fjölskyldur klætt bæði veggi og gólf með timbri. Eins voru steinhellur lagðar á gólfin bæði í híbýlum fólks og í útihúsum. Um miðja 18. öld beittu dönsk stjórnvöld sér fyrir byggingu steinhúsa á landinu og sendu iðnaðarmenn til landsins til að kenna handtökin. Eins risu timburhús upp úr miðri 18 öld, lögð timburgólfum. Í dag þekkjast moldargólfin ekki lengur og parket er algengasta gólfefnið í híbýlum fólks. Þó eru mörg nútíma gólf gjarnan lögð náttúrusteini eða flotað yfir steinsteypta hellu svo svipar til gamalla gólfa. Munurinn er þó sá að nú eru gólfin lögð hita sem ekki var tilfellið í torfbæjunum.

*Heimild: www.minjasafnreykjavikur.is*

# Flottar á fáa fermetra

Skrautlegar, eldri flísar, oft í marokkóskum stíl, geta gert lítið gólfrými, og þar með talin lítil rými, að litlum smarögðum heimilisins. Þannig geta lítil afdrep svo sem gestasnyrting, forstofur og lítil hol eða gangar gefið íbúðinni framandi blæ.

Verslanir hér í bæ hafa margar hverjar selt flísar sem hafa yfir sér gamaldags yfirbragð síðustu árin. Til upplýsingar fyrir þá sem vilja eitthvað sem enginn annar á má benda á að húsmæður hér í bæ hafa keypt sér flísar á mörkuðum í utanlandsferðum til Spánar og landa Miðjarðarhafsins. Fyrir utanlandsfara er kannski ráð að hafa augum opin fyrir slíkum möguleikum. Þá eru nytjamarkaðir stundum með gamlar, ónotaðar flísar á lager og svo er ekki loku fyrir það skotið að ættingjar og vinir eigi kannski ónotaðar flísar í geymslunni hjá sér sem keyptar voru fyrir löngu. *-jma*


**Skrautlegar og litríkar flísar eru aðalsmerki margra híbýla við Miðjarðarhafið.**





**BOLADAGAR !!**
Bolir á 2-3.000 kr. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

## Til bygginga




Óska eftir notuðu mótatimbri öllum stærðum. sími 434 77 74 895 77 74 netfang kletturr@simnet.is

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Gott nudd - good massage. S. 846 1397.

**TILBOÐ Í DETOX OG SVÆÐANUDD fyrir 2 kr. 9000**
Skrúbb, heitur pottur og nudd. Tilboð í DETOX fyrir 2 kr.9000. Margar tegundir af nuddi, slökun, snyrting, veitingar, næringar, vítamín og heilsuráðgjöf. Ekkert sex nudd, NO sex massage. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantanir 445 5000. J. B. Heilsulind.

BODYNUDD/LÍKAMSNUDD. Slökun og vellíðan.Veljum ÍSLENSKT. Tímap í síma 848 6255.

**NÝTT SPA - DREAM OASIS**
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

## Kennsla

**Indverskur matur**
Ef þú vilt elda indverskan mat fyrir veislu og læra í leiðinni hafðu þá samband í S. 616 1056

## Ökukennsla

Ökukennsla. Kenni á Subaru Legacy árg. ,07. Uppl. í s. 891 6055, Kristján.

## Heimilistæki

Undra Mopan,sópa og skúrar i firði,gæðavorur i apelsínan kondu sjá

## Dýrahald

Grár Fress kettlingur fæst gefins, móðir er Siams afbrigði. Kassavanur. Óskar eftir góðu heimili. S. 821 4875.

## Fyrir veiðimenn

Hreindýraveiðar - Námskeið til undirbúnings hreindýraveiðum Námskeið fyrir áhugamenn um hreindýraveiðar, sérstaklega verðandi hreindýraveiðimenn, þar sem farið er yfir undirbúning veiðiferðar, veiðisvæði kynnt, aðferð við veiðar, vistfræði hreindýra og meðferð bráðar. Leiðbeinendur eru sérfræðingar á sviði veiða, stjórnunar og vistfræði hreindýra 5 kest. Verð: 4.000,- Staður: Mími símenntun, Skeifan 8, 108 Reykjavík Tími: þriðjudaginn 16. mars kl. 19-22. Þátttaka tilkynnist til: ÞNA sími 471 2838 eða á heimasíðunni: www.tna.is

## Hestamennska



Vandaðar hestaklippur. Verð aðeins 37.800. Frí heimsending. www.isbu.is. Símar: 4347702 / 8637702

## Húsnæði í boði

ALLT FASTEIGNIR
Fasteignasala og leigumiðlun
www.alltfasteignir.is
S. 565 1233
Húsaleigusamningar

Góð 4. herb. 114m2 Íbúð til leigu í norðurbæ Hafnarfjarðar. Frábært staðsetning, stutt í alla þjónustu. 120þús. með hússjóði og hita.Langtímaleiga, laus 1. apríl. Uppl. í síma 899 2616 eða 893 5370.

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
**Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

Til leigu 4herb. falleg íbúð í frábæru hverfi (Hvassaleit,103.v.k) Öll ný uppgerð. Endilega hafið samband í s. 822 2957. P.S laus strax.

Til leigu um helgar eða til lengri tíma 120 fm einbýlishús í Vaðlaheiði gengt Akureyri, stutt í Hlíðarfjall. S. 897 7613.

## Húsnæði óskast

Óskum eftir 3-4 herb íb til langtíma leigu í 101,107 í vor eða sumar. s772 5700.

60 ára manni vantar 2ja herbergja íbúð hv. 109-110, örugg greiðsla 70-85þús. Uppl. s. 892 9552.

Hjón með tveggja ára barn óska eftir vönduðu 3-4 herbergja húsnæði til leigu miðsvæðis í Reykjavík. Reyklaus, reglusöm og skilvís. Upplýsingar gefur Erlendur í s. 695-9645.

## Sumarbústaðir

Smáhýsi til sölu 13m2 - fullbúinn timburhús. Verð 1750þ. m/vsk. S. 692 4597 & pallikri@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu, 90, 180, 360 og 1000 fm iðnaðar- og lagerhúsnæði í Hafnarfirði. Uppl. 660 1060.

Til leigu 210 fm. iðnaðarhús í Hafnarf. Uppl. í síma 892 9260.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Atvinna í boði

**Veitingahús**
Starfskraftur óskast í 80% vinnu. ca. 20 dagar í mán. 12 daga frá 11:30-18:30 og 8 daga frá 7:45-14:45. Uppl. í s. 843 9950.

Íslensk fjölskylda leitar eftir Íslenskri aupair til að hugsa um 3 stráka á aldrinum fimm til tíu ára. Fjölskyldan býr í háskólabæ á austurströnd bandaríkjanna. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri. Starfið hefst í byrjun sumars og er til minnst eins árs. Áhugasamir hafið samband í passa3straka@gmail.com

Óskum eftir verkamanni til starfa á höfuðborgarsvæðinu þarf að hafa lyftara eða vinnuvélapróf. uppl. í 898 9308 á skrifstofutíma.

## Viðskiptatækifæri

**Kaupi og/eða yfirtek hlutafélög sem eiga yfirveðsettar eignir. Skoða allt.**
**Uppl. í s. 849 7665**

## Einkamál

Óskum eftir verkamanni til starfa á höfuðborgarsvæðinu þarf að hafa lyftara eða vinnuvélapróf. uppl. í 898 9308 á skrifstofutíma.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Símadömur 908 1616**
**Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dömuna þína. Við bíðum eftir þér! Halla er ný. Opið frá kl. 13:00 og frameftir á virkum dögum. Opið allan sólahringin um helgar. 908 1616.**

**Samkynhn. KK ath:**
Nú er allt vaðandi í nýjum auglýsingum samk.hn. KK og það bætast sífellt nýjar við! Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 535-9923 en heyrir auglýsingar annarra í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa/Mastercard). Ertu búinn að heyra nýjustu auglýsingarnar í dag?

Flott stelpa leitar spennu! 21 árs dama vill kynnast karlmanni með allskonar skemmtilegheit í huga, bæði í síma en líka við nánari kynni. Auglýsingu hennar má heyra á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (Visa/Mastercard), augl.nr. 8875.

Ný upptaka: Hún og þú! Ung og bráðfalleg kona ímyndar sér að hún sé með þér, fyrir framan þig, og hún lýsir því í smáatriðum sem er að gerast. Frábærlega heit og lifandi upptaka! Þú heyrir hana hjá Sögum Rauða Torgsins, sími 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (Visa/Mastercard), uppt.nr. 8327.

## Þjónustuauglýsingar

**Kanínur**

Opið virka daga 10-18 og lau 10-16
**DÝRAGARÐURINN**
Síðumúla 10 • S:517-6525


**ÖFLUGIR FJARSTÝRÐIR BÍLAR Í MIKLU ÚRVALI.**
TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Nethyl 2 • sími: 5870600 • www.tomstundahusid.is

**BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS**

TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

**HRADPENINGAR.IS**
**Vantar þig lán strax?**
**SMS 1917**
10.000-40.000 kr. beint á bankareikning þinn.
Skráðu þig núna á www.hradpeningar.is s.511 1917.

**Tré Inn ehf**
**Íslensk framleiðsla - vönduð vara.**
*Innréttingar - Innihurðir*
*Eldhús - Bað - Fataskápar - Þvottahús - Stofa - Afgreiðsla - Skrifsstofur - Borðplötur - Skápar - Hillur*
**Lager eða sérsmíði. Verkstæði Vesturvör 22, 200 Kóp. S. 860 0811**


**FRÁBÆRAR**
IP Eftirlits myndavélar fyrir heimili vinnu og bústaðinn.
Hugna ehf
554-6991
894-4708


**Allt á einum stað**

BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
**SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA**
**SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066**

CARGO sendibílaleiga
**566 5030**
www.cargobilar.is
**Sendibílar til leigu**
*Þú leigir hann.*

Krefst ekki meiriprófs réttinda


*Lífgaðu upp á tilveruna.*
Harðviður er hlýlegur í borðplötur, hillur þrep o.fl. Eigum fyrirliggjandi gott úrval af hágæða ítölsku límtré. 25 ára góð reynsla segir sitt um gæðin.
**EFNISSALAN EHF.**
EFNISSALAN EHF, SMIÐJUVEG 9 (GUL GATA), SÍMI 554 5400
WWW.EFNISSALAN.IS

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
**Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510**
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

FJARÐARBÓLSTRUN ehf
Kelduhvammur 18
220 Hafnarfirði
Sími 864 - 4188

Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
**Netfang:**
**leit.is/servefir/fjardarbolstrun**

**Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn**
Vagnhöfða 7, kjallara - 110 Reykjavík
Sími 445 5562 - Gsm 615 2562
Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir.
Einnig aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00, ALLA DAGA

## Fasteignir


EIGNAMIÐLUN Reykjavík

Frá 1957

Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

### Hofakur 3 - Arnarneshæð




Sérlega falleg og vönduð 4ra herbergja, 132,0 fm íbúð á annari hæð í lyftuhúsi viðHofakur 3 í Garðabæ ásamt stæði í bílageymslu og sérgeymslu. Áhvílandi lán frá ÍLS ca 23,2 milljónir. V. 28,9 m. 5503

**OPIÐ HÚS Í DAG (FIMMTUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00.**

### Árakur 3 - jarðhæð




3ja herbergja 106,8 fm björt íbúð á jarðhæð. Íbúðin er öll vönduð, parket- og flísalögð. Góð verönd er til suðurs. Íbúðin skiptist í n.k. forstofu, hol, stofu, eldhús, þvottahús, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Sér geymsla. Áhvílandi lán frá ÍLS ca 21,2 milljónir. V. 23,5 m. 5500

**OPIÐ HÚS Í DAG (FIMMTUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00.**

### Árakur 3 - falleg rúmgóð íbúð




Björt 3ja herbergja 117 fm íbúð á annari hæð. Íbúðin er öll vönduð, parket- og flísalögð. Svalir til suð/vesturs. Íbúðin skiptist í n.k. forstofu, hol, stofu, eldhús, þvottahús, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Sér geymsla. Áhvílandi lán frá ÍLS ca 23,0 milljónir. V. 25,9 m. 5499

**OPIÐ HÚS Í DAG (FIMMTUDAG) FRÁ KL. 17:00 -18:00.**



Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

### Bárugrandi 5, íbúð 302 - 107 Reykjavík

**Opið hús í dag fimmtudag frá kl. 17:30 til 18:00**




Falleg og björt 3-4ra herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bílakjallara á fallegum stað við Bárugranda í Reykjavík. Íbúðin er skráð 86,6 m2 og bílastæði í lokuðum bílakjallara 24,1 m2. Frábær staðsetning stutt í alla þjónustu. **Lækkað verð! Eignin er laus til afhendingar! V 21,9 m.**



FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

### TIL LEIGU – Vegmúli 2 – Reykjavík.



Til leigu skrifstofu- og verslunarhúsnæði við Vegmúla 2 í Reykjavík, þar sem SPRON var til húsa. Húsið er allt nýinnréttað á glæsilegan hátt. Frábært útsýni. Ýmsar stærðir í boði t.d. 129 fm. og 140 fm. Jarðhæð tilvalin fyrir hárgreiðslu- eða snyrtistofu. **Nánari upplýsingar veita Gunnar í síma 693-7310 eða Hilmar í síma 896-8750.**


## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Varnargarður undir Gleiðarhjalla í Ísafjarðarbæ**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **9. apríl 2010.**

**Skipulagstofnun**

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing
### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

**Tillaga að breyttu deiliskipulagi íþrótta- og útivistarsvæðis á Selfossi.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi íþrótta- og útivistarsvæðis við Engjaveg á Selfossi

Gildandi skipulag er frá 8. ágúst 2008 og tekur til alls útivistarsvæðisins að undarskildu Gesthúsasvæðinu.

Deiliskipulags mörk eru þau sömu og í gildandi deiliskipulagi, þ.e. allt íþróttavæðið að undanskildu Gesthúsasvæði. Svæðið sem breytingin nær til er á nyrsta hluta deiliskipulagsreitsins, á milli gervigrasvallar og knattspyrnuvallar. Bætt er við byggingarreit fyrir áhorfendastúku í milli valla og er hann tengdur byggingarreit meðfram Engjavegi. Gert er ráð fyrir að 1. áfangi áhorfendastúku rúmi um 760 sæti og verði hún staðsett vestan við keppnisvöll fyrir miðju. Stúkan er u.þ.b. 12m á breidd og nær að stíg. Hún er tæpir 5m á hæð, með 10 sætaröðum. Í síðari áföngum er gert ráð fyrir að stúkan geti lengst til beggja átta ( norðurs og suðurs.) og þannig tvöfaldast að stærð. Einnig að það verði mögulegt að byggja við stúku langsum, þannig að hluti áhorfendasæta snúi að gervigrasvelli.

Uppdráttur og greinargerð mun liggja frammi í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 á Selfossi á auglýstum afgreiðslutíma, frá og með fimmtudeginum 11. mars til og með 08. apríl 2010.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, frestur til að skila inn athugasemdum rennur út þann 23. mars 2010 og skal þeim skilað skriflega til skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 2, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

Selfossi, 08. mars 2010.
Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

## Tilkynningar

### Eggjagjafi óskast

Auglýst er eftir konu af afrískum uppruna á aldrinum 25 – 35 ára sem er tilbúin að gefa egg til að nota við tæknifrjóvgun. **Vinsamlega hafið samband við ART Medica, Bæjarlind 12, 2001 Kópavogi í síma 515 8100**

### SÚÐAVÍKURHREPPUR

**Auglýsing um deiliskipulag fyrir Heydal, Mjóafirði**

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi í Heydal, Mjóafirði í Súðavíkurhreppi, skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.
Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er heildarstærð skipulagssvæðisins 9 ha þar sem m.a. er gert ráð fyrir sex sumarbústöðum, 40 fm hvert 110 fm leiksal, fjórum norðurljósahúsum 35 fm hvert og 100 fm bílskúr.

Skipulagsuppdráttur ásamt greinargerð er til sýnis á skrifstofu Súðavíkurhrepps, og á heimasíðu Súðavíkurhrepps, www.sudavik.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og skal þeim skilað til Súðavíkurhrepps eigi síðar en 4. maí 2010 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkir henni.

Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps
Ómar Már Jónsson.

## Húsnæði óskast

BARNAVERNDARSTOFA

### Skrifstofuhúsnæði óskast

Barnaverndarstofa óskar eftir skrifstofurými til leigu í Borgartúni eða miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.

Stærð 150-200 fm með möguleika á tveimur 10-15fm, einu 15-20fm og tveimur 25-30fm rýmum.

**Tilboð óskast send fyrir föstudaginn 12. mars á aslaug@bvs.is**


Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



# Eyðum óvissunni

**UMRÆÐAN**

Ólína Þorvarðardóttir og Guðbjartur Hannesson skrifa um sjávarútvegsmál



ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR



GUÐBJARTUR HANNESSON

Á liðnum vikum hafa samtök útgerðarmanna gengist fyrir fundaherferð gegn áformum stjórnvalda að gera breytingar á framtíðarskipan fiskveiðistjórnunarinnar með innköllun og endurúthlutun fiskveiðiheimilda á tuttugu árum. Þau áform byggja á fyrirheiti því sem báðir stjórnarflokkar gáfu fyrir síðustu kosningar og stjórnarsáttmálinn kveður á um.

Útvegsmönnum virðist mikið í mun að sannfæra almenning um að afleiðing fyrirhugaðra breytinga muni verði hrun greinarinnar á örfáum árum. Það vekur athygli við þennan málflutning að um leið og LÍÚ kallar eftir nákvæmri útfærslu og talar um „óþolandi óvissu“ um hana, telja samtökin sig geta spáð gjaldþroti greinarinnar verði innköllunarleiðin farin. Margt í þeim málflutningi byggir á augljósum misskilningi og/eða ranghermi. Skal nú vikið að því helsta.

Fullyrt hefur verið að ætlunin sé að „taka af“ útgerðinni þær fiskveiðiheimildir sem hún hefur nú yfir að ráða og „keypt“ á liðnum árum. Hafa menn notað orð eins „eignaupptöku“ og „þjófnað“. Í hinu orðinu segja sumir að þeim hafi alltaf verið ljóst að fiskveiðiheimildirnar séu ekki eign heldur einungis nýtingarréttur. Gott og vel. Sé hið síðarnefnda tilfellið, er enginn ágreiningur þarna. Stjórnvöld hafa aldrei hugsað sér að taka neitt af neinum, heldur að treysta í sessi eignarhald þjóðarinnar yfir auðlind sinni til að eyða allri óvissu og tryggja í framkvæmd ákvæði 1. gr. fiskveiðistjórnunarlaga en þar segir: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar“. Stjórnvöld telja einnig mikilvægt að koma inn í stjórnarskrá lýðveldisins ákvæði um eignarhald þjóðarinnar á náttúruauðlindum, þ.m.t. sjávarauðlindinni. Þá vilja stjórnvöld skapa sanngjarnar og eðlilegar leikreglur í þessari atvinnugrein og ná sátt við þjóðina, en ekki aðeins LÍÚ, um fiskveiðistjórnunarkerfið. Allar breytingar sem gerðar verða eiga að tryggja „trausta atvinnu og byggð í landinu“ eins og stendur í sömu grein. Þannig er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að smærri og stærri útgerðir landsins muni veiða fiskinn í sjónum, eftir sem áður, enda hafa þær tækin og reynsluna.

Fullyrt hefur verið að stjórnvöld ætli með breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu að svipta grunninum undan rekstri sjávarútvegsfyrirtækja enda muni innköllun og endurúthlutun fiskveiðiheimildanna gjörbylta rekstrarforsendunum. Ekkert er fjær sanni. Það segir sig sjálft að íslenskur sjávarútvegur er undirstöðuatvinnugrein sem efnahagslífið þarf á að halda. Útvegurinn nytjar eina mikilvægustu auðlind þjóðarinnar. En það er auðvitað sanngirnismál að arðurinn af þeim afnotum skili sér í þjóðarbúið, til samfélagsins sem ól þessa atvinnugrein af sér en fari ekki út úr greininni eða í vaxtagreiðslur til bankanna.

Vel rekinn sjávarútvegur, hagkvæm nýting auðlindarinnar, sjálfbærni og sanngjarnar leikreglur hljóta að vera sameiginlegt markmið allra í íslenskum sjávarútvegi. Þau útvegsfyrirtæki sem eru vel rekin og hafa hagað sér skynsamlega í fjárfestingum eru og eiga að vera samfélagsstólpar.

„Greinin verður að geta fjárfest og viðhaldið sér“ sagði framkvæmdastjóri FISK-Seafood á fundi sem LÍÚ hélt nýlega á Grand-Hotel í Reykjavík. Það eru orð að sönnu. Úthlutun nýtingarréttar veiðiheimilda til langs tíma, t.d. 15-20 ára myndi skapa útgerðunum stöðugri rekstrarskilyrði en nú eru, með möguleikum á langtímaáætlunum. Samhliða þarf að tryggja eðlilegan leigumarkað þannig að þeir sem ekki þurfa að veiða þær aflaheimildir sem þeim er úthlutað skili þeim aftur inn í „auðlindasjóð“ þaðan sem aðrir eiga þess kost að leigja þær til sín á sanngjörnu verði, en ekki á því uppsprengda leiguverði sem hér hefur tíðkast. Afraksturinn af leigunni myndi nýtast til samfélagslegra verkefna. Þannig myndi samfélagið njóta góðs af leigutekjum veiðiheimildanna en ekki einungis handhafar kvóta. Nýtt fyrirkomulag myndi þýða mun minni fjárfestingakostnað fyrir útgerðirnar, lægra leiguverð og tryggari starfsskilyrði til framtíðar.

Framkvæmdastjóri FISK-Seafood, Jón Eðvald Friðriksson, sem vitnað var til að ofan, hefur talað fyrir því að stjórnvöld geri samning við útgerðina til langs tíma um nýtingarrétt af veiðiheimildum. Hann segir að málið snúist um vinnufrið. Undir þetta getum við tekið heils hugar. Það hefur skort á vinnufriðinn að undanförnu, enda leiða hræðsluáróður og stríðsyfirlýsingar sjaldan til friðar.

Verkefnið sem bíður okkar – hagsmunaaðila í sjávarútvegi ekki síður en stjórnvalda – er að eyða óvissunni. Til þess þurfa allir að nálgast viðgangsefnið af ábyrgð og ræða það málefnalega.

Þeim útvegsmönnum fer fjölgandi sem viðurkenna rétt þjóðarinnar til þess að treysta í sessi forræði samfélagsins yfir auðlindinni. Um leið þurfa stjórnvöld að fallast á rétt fyrirtækjanna til þess að móta sér skynsamlega fjárfestingastefnu og traustari rekstrarforsendur.

Síðast en ekki síst þarf að koma hér á fiskveiðistjórnunarkerfi sem meiri sátt ríkir um. Vankantar núverandi kerfis hafa haft alvarlegar afleiðingar fyrir margar byggðir landsins og leitt af sér mismunun og mannréttindabrot sem sjá má af hæstaréttardómum sem fallið hafa og úrskurði Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Það er því sanngirnismál, nú þegar endurreisa þarf íslenskt efnahagslíf, að þessi atvinnugrein komi að því verki eins og til er ætlast af öðrum ábyrgum aðilum, ekki síst í atvinnulífinu.

*Höfundar eru þingmenn Samfylkingarinnar.*



**DOUGLAS ADAMS FÆDDIST ÞENNAN DAG.**



*„Menn eru yfirleitt ekki stoltir af forfeðrum sínum og þjóða þeim þess vegna sjaldan í mat.“*

***Douglas Noël Adams (1952-2001) var breskur rithöfundur, þekktastur fyrir að hafa samið Hitchhiker´s Guide to the Galaxy og bækurnar um Dirk Gently.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. MARS 1985

## *Gorbatsjov leiðtogi Sovétríkjanna*

Mikhail Gorbatsjov átti glæstan stjórnmálaferil að baki þegar hann varð forseti Sovétríkjanna. Hann gekk í kommúnistaflokkinn 1952, ári áður en hann kvæntist Raisu Maximovnu og fór fyrir sendinefnd Sovétríkjanna í Belgíu 1972-1974. Hann varð svo aðalritari flokksins við dauða Konstantíns Tsjernenko 11. mars 1985 og beitti ýmsum aðferðum til að lappa upp á ímynd flokksins. Hann sendi ekki sovéskar herdeildir til að kveða niður frelsisbaráttu íbúa Mið-Evrópu 1989 og meinaði ekki þýsku ríkjunum sameiningu 1990.

Gorbatsjov barðist gegn sundrungu Sovétríkjanna 1990 og var settur í stofufangelsi af harðlínumönnum í ágúst ári síðar. Hann sagði af sér embætti 25. desember 1991 og varð þar með síðasti leiðtogi Sovétríkjanna.



**SÖGULEGUR SÆTTIR** Gorbatsjov kom til fundar við Ronald Reagan á Íslandi 1986.

## MERKISATBURÐIR

**1922** Mahatma Gandhi fangelsaður fyrir borgaralega óhlýðni.

**1941** Línuveiðarinn Fróði verður fyrir árás þýsks kafbáts suður af Vestmannaeyjum. Fimm sjómenn farast í árásinni.

**1950** Kvikmynd Óskars Gíslasonar, Síðasti bærinn í dalnum, frumsýnd.

**1976** Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness stofnað.

**1983** Donald D. MacLean, einn þeirra sem njósnuðu í Bretlandi fyrir Rússa, er jarðsettur í Moskvu.

**1990** Litháen verður sjálfstætt ríki með Vitautas Landsbergis sem forseta.

AFMÆLI



**ÚLFAR LINNET** skemmtikraftur er þrítugur.



**THORA BIRCH** leikkona er 28 ára.

# Eins árs afmæli Blómabarna



**ÁRS AFMÆLI** Verslunin Blómabörn selur notuð barnaföt.

Afmælisstemning verður í versluninni Blómabörnum í Hafnarfirði á laugardaginn en þá er ár liðið frá því að verslunin var stofnuð.

Blómabörn er í Bæjarhrauni 10 en eigandi verslunarinnar, Arnbjörg Högnadóttir, fór af stað með verslunina til að koma notuðum barnafötum aftur í notkun. Framtakið hefur hlotið góðar viðtökur og í tilefni afmælisins verða léttar uppákomur í versluninni svo sem andlitsmálun og sælgæti fyrir yngstu kynslóðina, lukkuleikur og páskaegg svo eitthvað sé nefnt. **- jma**



**RITHÖFUNDURINN** Pétur Gunnarsson mun kynna nýja bók.

# Vetrargleði á Hala

Vetrargleði verður í Þórbergssetri á Hala í Suðursveit á morgun, föstudaginn 12. mars í tilefni af fæðingardegi meistara Þórbergs. Dagskrá hefst klukkan 20.30 með söng Samkórs Hornafjarðar.

Síðan munu Pétur Gunnarsson rithöfundur og Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur fjalla um nýjar bækur um og eftir Þórberg. Fluttur verður stuttur fyrirlestur um ála, áður en gestir fá að gæða sér á reyktum ál frá Ara Þorsteinssyni, ættuðum frá Reynivöllum.

Dagskráin er liður í vetrarhátíð í Ríki Vatnajökuls og verður létt yfir henni. Opið verður inn á sýningar í setrinu í lok dagskrár. Þar er nú ný sögusýning um landnám í Skaftafellssýslum og myndasýning af ferðalagi í Veðurárdali. **- gun**



**FREYJA HARALDSDÓTTIR** Situr í stjórn Félags um fötlunarrannsóknir og heldur tölu um hugmyndafræðina Sjálfstætt líf á ráðstefnunni á morgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

RÁÐSTEFNA UM FÖTLUNARRANNSÓKNIR: HALDIN Á FÖSTUDAG

# MARGT FATLAÐ FÓLK BÝR VIÐ ÓVIÐUNANDI AÐSTÆÐUR

Mannréttindi og sjálfstætt líf er yfirskrift ráðstefnu um fötlunarrannsóknir sem Félag um fötlunarrannsóknir og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum stendur fyrir á morgun á Grand Hóteli í Reykjavík.

„Á ráðstefnunni verður fyrst og fremst fjallað um mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem gefinn var út árið 2007 og hugmyndafræðina Sjálfstætt líf,“ upplýsir Freyja Haraldsdóttir, sem er í stjórn Félags um fötlunarrannsóknir. Hún segir að stjórnvöld á Íslandi hafi undirritað sáttmálann en hafi ekki staðfest hann enn. „Til þess þarf að gera heilmiklar breytingar á lagaumhverfinu,“ útskýrir hún.

Freyja segir réttarstöðu fatlaðs fólks fremur veika á Íslandi og lítið sem það hafi í höndunum til að gæta réttinda sinna og því sé mikilvægt að vinnan við staðfestingu sáttmálans verði unnin hratt og vel. „Verið er að vinna í þessu uppi í ráðuneyti en einhvern veginn finnur maður að þetta hefur verið sett aftar í forgangsröðunina eftir bankahrunið.“

Freyja heldur, ásamt Vilborgu Jóhannsdóttur lektor í þroskaþjálfafræði, fyrirlestur á ráðstefnunni á morgun um hugmyndafræðina Sjálfstætt líf. „Hugmyndafræðin byggist á því að fatlað fólk fái að stjórna eigin lífi. Að valdið, sem hefur alltaf verið hjá stjórnvöldum og þjónustukerfinu, fari til fatlaðs fólks og það skipuleggi og haldi utan um sína þjónustu sjálft,“ segir Freyja og bendir á að þetta sé grundvallaratriði fyrir fatlað fólk og í raun nátengt mannréttindasáttmálanum.

Hún er innt eftir því hvað helst bjáti á varðandi réttindi fatlaðra á Íslandi. „Það er svo ótal margt,“ svarar hún og bendir á rannsókn sem þær Vilborg eru að vinna. „Þar kemur í ljós að fatlað fólk býr margt við óviðunandi aðstæður. Það hefur litla aðstoð og þar af leiðandi fá tækifæri til að taka þátt í samfélaginu, mennta sig, komast á atvinnumarkað, eignast fjölskyldu og eiga sitt eigið heimili,“ segir hún og bætir við að fatlaðir mæti talsverðri óvirðingu frá því kerfi sem skapað hafi verið í kringum fatlað fólk. Hún segir helsta baráttumál fatlaðs fólks í dag vera að fá beingreiðslu, sem það geti sjálft ráðstafað og notað til að ráða sér aðstoðarfólk. Tilraunir með slíkar beingreiðslur hafi verið gerðar og reynst vel. „Líf fatlaðs fólks snýst um þjónustukerfið þegar það ætti að vera öfugt. Þjónustukerfið ætti að snúast um fatlað fólk,“ segir hún með áherslu.

Ráðstefnan hefst klukkan 9 í fyrramálið og stendur til klukkan 17. Aðalfyrirlesari er Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík, sem mun fjalla um samning Sþ og réttindi fatlaðs fólks. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má nálgast á www.fotlunarfraedi.hi.is en vefsíða Félags um fötlunarrannsóknir er vefsetur.hi.is/fotlunarrannsoknir. **solveig@frettabladid.is**


†

*Æviminning*

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

**Upplýsingar um stærðir og verð, hafið samband í síma 512 5490 - 512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is**





# Villingar og vandræðagripir

Nornir, valkyrjur og vandræðaunglingar eru á meðal þess sem fjallað verður um á Mímisþingi í JL-húsinu við Hringbraut á laugardag.

Mímisþingið er árlegt málþing íslenskunema haldið í samstarfi við ReykjavíkurAkademíuna og fer það nú fram í þriðja sinn. Á málþinginu eru nokkrir fyrirlestrar sem unnir eru upp úr BA-ritgerðum og eru umfjöllunarefni fjölbreytt að vanda.

Skipulögð dagskrá stendur frá klukkan 12 til 17.30 með tveimur hléum þar sem boðið er upp á léttar veitingar og kaffi. Drykkir verða í boði þegar dagskránni lýkur. Fundarstjórn er í höndum Guðrúnar Steinþórsdóttur. **- rve**



**FURÐUSKEPNUR** Nornir verða til umræðu á Mímisþingi á laugardag.

# Karlakórinn Stefnir sjötíu ára

Karlakórinn Stefnir varð sjötíu ára 15. janúar síðastliðinn. Af því tilefni efnir kórinn til afmælistónleika í Guðríðarkirkju í Grafarholti dagana 10., 11. og 12. mars og munu einsöngvarar koma fram með kórnum; stórsöngvarinn Kristinn Sigmundsson og Þórunn Lárusdóttir, söng- og leikkona. Stjórnandi er Gunnar Ben og undirleikari er Judith Þorgeirsson.

Farið verður yfir farinn veg í söngsögu kórsins og nokkur af vinsælustu lögunum sem kórinn hefur sungið rifjuð upp. Karlakórinn Stefnir fékk Hildigunni Rúnarsdóttur tónskáld til að semja nýtt verk fyrir kórinn í tilefni af afmælinu en Hildigunnur samdi lög við tvö ljóða Jóns Helgasonar. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og hægt er að nálgast miða á midi.is, hjá kórfélögum og við inngang. **- jma**



**MARGAR PERLUR FLUTTAR** Kristinn Sigmundsson óperusöngvari mun leggja Stefnisfélögum lið á afmælistónleikum kórsins og meðal annars syngja aríu Sarastrós úr Töfraflautunni, Þér Ísis og Ósíris.




**SIGURVEGARARNIR** Lið Egilsstaðaskóla skipuðu Hafsteinn Gunnlaugsson, Stefán Bragi Birgisson, Erla Gunnlaugsdóttir og Jóhanna K. Sigurþórsdóttir. MYND/GUNNLAUGUR HAFSTEINSSON

# Ungt og efnilegt afreksfólk

Egilsstaðaskóli var sigursæll í Austurlandsriðli keppninnar Skólahreysti sem fór fram í íþróttahúsinu á Egilsstöðum nýlega. Liðið náði 59 stigum og tryggði sér þátttökurétt í úrslitunum í Laugardalshöll í lok apríl.

Lið Vopnafjarðarskóla varð í öðru sæti með 49 stig og lið Grunnskóla Breiðdalshrepps í því þriðja með 44,5 stig. Ellefu skólar af Austurlandi sendu lið til þátttöku.

Af afrekum einstaklinga má nefna að Stefán Bragi Birgisson, Egilsstaðaskóla, hífði sig 33 sinnum upp, Anna Mekkín Reynisdóttir, Grunnskóla Hornafjarðar, gerði 45 armbeygjur, Fannar Bragi Pétursson, Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar, tók 40 dýfur og Rannveig Steinbjörg Róbertsdóttir, Grunnskóla Breiðdalshrepps, hékk í 3,26 mínútur í hreystigreipinni. Grunnskóli Hornafjarðar var fljótastur í gegnum hraðabrautina, fór hana á 2,21 mínútu. **Heimild/Austurglugginn.is**

# Argentínsk skáldverk

Ragnheiður Kristinsdóttir mun í dag halda fyrirlestur á vegum Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum er nefnist Herforingjastjórn Argentínu og bókmenntir kvenna. Í fyrirlestrinum mun Ragnheiður fjalla um skrif argentínsku skáldkonunnar Luisu Valenzuela og setja skáldverk hennar í sögulegt samhengi. Þema skáldsagna Valenzuela er oft tengt ofbeldi, pyntingum, kúgun og stöðu alþýðu og kvenna í karllægu samfélagi. Fyrirlesturinn hefst klukkan 12.25 og fer fram í stofu 132 í Öskju. **- jma**



**SKÁLDSKAPUR Í SÖGULEGU SAMHENGI** Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum stendur fyrir fyrirlestri í Öskju í dag.

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, dóttur, tengdadóttur, móður, tengdamóður, systur og ömmu*

**Hjördís Áskelsdóttir**
Rimasíðu 6, Akureyri

**Stefán Traustason**

| | |
|---|---|
| **Svala Halldórsdóttir** | **Sigurður Ó.Guðbjörnsson** |
| **Trausti Adamsson** | **Monika M.Stefánsdóttir** |
| **Monika M.Stefánsdóttir** | **Gunnar Á.Jónsson** |
| **Halldór Á.Stefánsson** | **Guðbjörg L. Gylfadóttir** |
| **Svala H.Stefánsdóttir** | **Jónas H.Friðriksson** |

**bræður og barnabörn.**

---



*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, sonur, bróðir, mágur og vinur,*

**Sveinn Bjarki Sigurðsson**
Goðheimum 23, Reykjavík,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 9. mars.

**Fyrir hönd fjölskyldu og vina,**
**Ragna Eiríksdóttir**
**Alexander Freyr, Sólveig Embla, Ásta Eir**

| | |
|---|---|
| **Sigurður Þórir Sigurðsson** | **Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir,** |
| **Rúnar Sigurðsson** | **Stefanía Ragnarsdóttir.** |

---



*Elskulegur eiginmaður minn og faðir,*

**Sigurbjörn Hreindal Pálsson**
Vallartröð 12, Kópavogi,

lést laugardaginn 6. mars á gjörgæsludeild Landspítalans. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 15. mars kl. 13.00.

**Elsa Skarphéðinsdóttir**
**Bóas Hreindal Sigurbjörnsson**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Hildar Aðalbjargar Bjarnadóttur**
frá Hvammsgerði í Vopnafirði.

| | |
|---|---|
| **Kristín Brynjólfsdóttir** | **Arthúr Pétursson** |
| **Guðrún Brynjólfsdóttir** | **Andrés Magnússon** |
| | **Elín Hannesdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**Þorvaldur Erlendsson**
áður til heimilis að Skagfirðingabraut 49, Sauðárkróki,

lést á Heilbrigðisstofnun Skagafjarðar 8. mars sl. Útför hans fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 13. mars kl. 11.00.

**Halldís Hulda Hreinsdóttir**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Guðmundsdóttir**
Kirkjuvegi 1, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, föstudaginn 5. mars. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 16. mars kl. 13.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Kær bróðir okkar og mágur,*

**Engilbert Þ. Hafberg**

lést hinn 12. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

| | |
|---|---|
| **Ingibjörg Þ. Hafberg** | **Leifur E. Núpdal** |
| **Sigurður Þ. Hafberg** | **Janina Hafberg** |

---



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi okkar,*

**Knútur Hallsson**
fyrrverandi ráðuneytisstjóri, til heimilis á Smáragötu 9A í Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans að kvöldi föstudagsins 5. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 16. mars og hefst kl. 13.00.

**Erna Hjaltalín**

| | |
|---|---|
| **Jónas Knútsson** | **Halldóra Kristín Þórarinsdóttir** |
| **Erna Kristín Jónasdóttir** | **Hrefna Kristrún Jónasdóttir** |

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,*

**Anna Guðmundsdóttir**
Skógarseli 43,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 8. mars. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 19. mars kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

| | |
|---|---|
| **María Helgadóttir** | **Friðrik G. Gunnarsson** |
| **Helgi Helgason** | |
| **Inga Lára Helgadóttir** | **Ólafur Haukur Jónsson** |
| **Björk Helgadóttir** | **Sigurður Hauksson** |
| **Guðmundur Rúnar Helgason** | |
| **Inga Á. Guðmundsdóttir** | |
| **Þorsteinn Guðmundsson** | |

**barnabörn og langömmubörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.





# Rangt kosið eða rétt

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur

Ég greiddi atkvæði um daginn í fyrstu þjóðaratkvæðagreiðslu lýðveldisins. Mér fannst það stór viðburður að þjóðin fengi að segja sinn hug í viðamiklu máli sem hefur ekki bara með hvert einasta okkar að gera í dag, heldur mun hafa áhrif á komandi kynslóðir. Með þjóðaratkvæðagreiðslunni var brotið blað í sögu lýðræðis á Íslandi og í örskotsstund fann ég fyrir smá þjóðarstolti þar sem ég sveiflaði mér inn fyrir tjaldið, mundaði blýantinn og gerði minn kross. En bara í örskotsstund.



**ÞEIR** höfðu nefnilega af mér gleðina stjórnmálamennirnir. Bæði mínir menn og hinir. Stjórnarandstaðan lét eins og verið væri að kjósa um trúverðugleika sitjandi stjórnar, sem var alls ekki málið, og mér fannst forsætis- og fjármálaráðherrann gera lítið úr kosningaréttinum með því að sitja heima. Enda fannst fjölda fólks því atkvæði sitt ekki skipta neinu máli og sat heima eins og þau. Það hefði hins vegar sent skýrari skilaboð að mæta á staðinn og skila auðu. Hætt er við að léleg mæting á kjörstað verði túlkuð sem áhugaleysi, auður seðill er þó allavega yfirlýsing.

**ÉG** ætla þó ekki því fólki sem sat heima áhugaleysi á því hvernig Icesave-málið fer. Sjaldan hefur neitt mál verið rætt af jafn miklum hita á kaffistofum vinnustaða landsins og hvergi hafa tveir komið saman án þess að deilan komi upp. Netheimar hafa logað, mótmælendur öskrað sig hása og morgunljóst að engum er sama.

**ÞÁTTTÖKULEYSIÐ** skrifa ég á það hvernig stjórnmálamenn hafa notað deiluna í eigin valdabaráttu í þinghúsinu og snúið henni upp í skrípaleik, málþóf og karp. Hvernig þeir komu því þannig fyrir að fólki fannst það vera að kjósa milli stjórnmálaflokka og ganga erinda einhvers annars en sjálfs sín í kjörklefanum. Enginn hellti því upp á kosningakaffi né bakaði lummur og fólk safnaðist ekki saman til að spjalla. Enginn var með spenning í maganum yfir úrslitunum og meira að segja veðrið fannst mér bæta gráu ofan á svart þar sem ég hraktist undan rigningunni inn á hálftóman kjörstaðinn.

**ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLAN** fer beina leið í sögubækurnar enda merkilegur áfangi í sögu lýðræðis á Íslandi. Ég ætti að vera stolt af því að hafa tekið þátt. Stolt er hins vegar ekki efst í huga mér. Ég er sármóðguð yfir því að líða eins og ég hafi kosið rangan flokk með dýrmætu atkvæði mínu.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# MESTA ÚRVALIÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, insláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

**Virka daga**
10:00 - 18:30

**Laugardaga**
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**! Ath. kl. 20.15**

*Hvað er svona merkilegt við Hemingway? er heitið á námskeiði Ástráðs Eysteinssonar prófessors sem hefst á morgun hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Ástráður fjallar á þessu námskeiði um ritverk bandaríska nóbelshöfundarins Ernests Hemingway og víkur einnig að ímynd hans sem rithöfundar og ævintýramanns. Námskeiðið hefst kl. 20.15 og verður haldið á fimmtudögum næstu þrjár vikurnar. Nánari upplýsingar og skráning á endurmenntun.is.*

# menning

menning@frettabladid.is


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**03.03.10 - 09.03.10**




**1** Póstkortamorðin - kilja
Liza Marklund/J. Patterson



**2** Risasyrpa - Í grænum sjó
kilja - Walt Disney




**3** Bankster - kilja
Guðmundur Óskarsson




**4** Horfðu á mig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir




**5** Harmur englanna - kilja
Jón Kalman Stefánsson




**6** Loftkastalinn sem hrundi -
kilja - Stieg Larsson




**7** Týnda táknið - kilja
Dan Brown




**8** Veröld sem var - kilja
Stefan Zweig




**9** Stúlkan sem lék sér að
eldinum - kilja - Stieg Larsson



**10** Sálmabók
Skálholtsútgáfan

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**MYNDLIST** Skotið sem karlar koma sér upp á vinnustöðum verður Ívari Brynjólfssyni ljósmyndara efni í heila sýningu sem opnar í kvöld í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg. MYND/ÍVAR BRYNJÓLFSSON

# Angurværð og karlmenn

**Í kvöld opnar í Listasafni Íslands tvenna: sýningar ólíks eðlis, önnur sótt í sjálfsmynd íslenskra karlmanna, skotin sem þeir búa sér til á vinnustöðum; hin er sett saman úr verkum fjögurra ólíkra listamanna og hefur yfirbragð angurværðar, fjallar um ásælni minninganna.**

Ívar Brynjólfsson ljósmyndari á sér margslungnari feril en flestir kollega hans. Hann hefur lengi tekið skarpar og undurfagrar myndir fyrir Þjóðminjasafn Íslands og telja verður hann einn aðalhöfund af hinni merku ritröð Íslenskar kirkjur en hún skartar myndum hans af kirkjumunum, byggingarsniði og byggingarstöðum íslenskra eldri kirkjubygginga. Þá hefur Ívar skilað merkilegu starfi í myndaröðum sínum af kosningaskrifstofum og verslunaruppstillingum sem reynast afskiptir og luktir furðuheimar sem þó eru hversdagslegir en utan alfaraleiða.

Hann heldur áfram að vinna með slíka skápa í menningunni og kann marga að reka í rogastans þegar sýningin verður opnuð í kvöld eins og dæmið hér að ofan sýnir en nú er viðfangsefni hans vinnustaðir karla.

Í kynningu Listasafnsins er dregin upp samlíking: „Van Gogh málaði Sólblóm sín, beggja vegna Madame Roulin, sem rjátlar við talnabandið í ruggustólnum. Þannig hugsaði hann sér þrískipta altaristöflu sem prentuð yrði fyrir bretónska sjómenn á Íslandsmiðum til að hafa í lúkarnum. Allir karlar virðast þurfa sínar altaristöflur og þær finnur Ívar í skotinu við skrifborðið á verkstæðum smiða og bifvélavirkja. Þetta eru ekki guðhræddar konur með talnaband, en konur engu að síður.“

Á sýningunni Angurværð í minni eru verk eftir fjóra listamenn sem fjalla um ásælni minninganna. Um hana segir í kynningu safnsins: „Ef til vill er það vegna þess hve minningar eru bókmenntalegar sem við gleymum sjónhendingunni, myndinni sem birtist minninu eins og dauft leiftur, milliliða- og frásagnarlaust. Þannig augnablik virðast vera uppistaðan í verkum Amelie von Wulffen og fyrirferðin ryður sér braut inn í raunveruleikann og skekkir rýmið með svipuðu offorsi og Carl Fredrik Hill brenglaði víddirnar í teikningum sínum eða Leonardo leyfði sér í hvarfpunktaleiknum í Vitringateikningu sinni sem var skilin eftir ókláruð, eins og ætla mætti að væri tilfellið í svo mörgum málverkum von Wulffen. Hins vegar gengur Birgir Snæbjörn bókmenntunum bókstaflega á hönd með því að endurrita, orð fyrir orð, upplýsingar um vændiskonur Parísarborgar á 19. öld. Helgi Hjaltalín nemur staðar við minni sem hann hefur alltaf fyrir augunum og setur ógleymanlegan svip á nánasta umhverfi sitt um leið og það er nær ósýnilegt þeim sem ekki þekkja til staðhátta. Fyrir nafna hans, Helga Þorgils Friðjónssyni, er angurværð í minni fólgin í kraftbirtingu hversdagsins; til dæmis gnægtaborðinu sem opinberast í hollenskri málaralist 17. aldar í formi kyrralífsmynda af hlöðnum matborðum, en koma fram í útvarpsfréttum okkar tíma sem afla- og gæftafregnir. Þannig verður hversdagshugdettan með tíð og tíma að angurværum gleðileik.“

Báðar sýningarnar verða opnar í mánuð. **pbb@frettabladid.is**

# Barnahátíð í undirbúningi

Í gær afhenti borgarstjórinn í Reykjavík ungri stúlku verðlaun í Foldaskóla fyrir merki hátíðar sem haldin verður í borginni í apríl og helguð verður menningu krakka. Nefnist hún Barnamenningarhátíðin og verður haldin 19.-25. apríl. Eins og Hanna Birna sagði við afhendinguna þá eru tíðari hátíðir sem fullorðnir setja saman fyrir börn.

Sigurvegarinn Inga Birna Ísdal Gunnarsdóttir kunni athyglinni illa, en merkið sem hún bjó til var skærblár fugl, sannkallaður vorboði, enda ber þessa nýju hátíð upp á sumardaginn fyrsta.

Margt verður á boðstólum fyrir börnin og vandamenn þeirra á hátíðinni, ef marka má litla kynningu á henni sem lögð var fram í gær: Norræna húsið verður undirlagt, Listasmiðja með mikilli dagskrá í Listasafni Íslands, myndlistarsýning í Vesturbæjarlaug, Skákakademía í Ráðhúsinu, Esjudagur fyrir börnin og lýkur henni með lokahófi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum þar sem Gunnar Þórðarson stjórnar flutningi á efni af Vísnaplötunum sem hann setti saman ásamt fleirum fyrir rúmum aldarfjórðungi. **- pbb**



**MENNING** Það tók sigurvegarann um merki Barnamenningarhátíðar nokkurn tíma að jafna sig eftir verðlaunin en svo settist hún niður og gladdist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FULLTINGI
slysa- og skaðabótamál
Cheerios
skemmtilegri
RÉTTUR
HÖRKUSPENNANDI LÖGFRÆÐIKRIMMI
HEFST Á SUNNUDAG KL. 20:00
ÍSLAND HEFUR GLATAÐ SAKLEYSI SÍNU
MYRKRIÐ ER SKOLLIÐ Á
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
ÞAÐ MARGBORGAR SIG AÐ VERA Í STÖÐ 2 VILD:
• LÆGRA ÁSKRIFTARVERÐ
• MINNI FYRIRHÖFN
• TILBOÐ Á VÖRUM OG ÞJÓNUSTU
• FLEIRI STÖÐVAR
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000


GORILLAZ


JÓNSI

> Í SPILARANUM

Gorillaz - Plastic Beach
The Fall - Our Future Your Clutter
Broken Bells - Broken Bells
Jason Collett - Rat a Tat Tat
Jónsi - Go

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## GusGus í Fellunum

Nýjasta myndband GusGus, við lagið „Thin Ice“, er komið á Netið. Þetta er annað smáskífulag sjöundu breiðskífu sveitarinnar, 24/7, sem kom út í fyrra. Myndbandinu leikstýrðu Heimir Sverrisson og Jón Atli Helgason. Þeir leikstýrðu einnig myndbandi GusGus við lagið „Add this Song“ sem sýndi strákana á spítala. Í nýja myndbandinu má sjá strákana í jakkafötunum sínum í Fellahverfinu í Breiðholti. Allt er frekar grátt og guggið þangað til þremenningarnir mæta á svæðið. Meðal leikenda eru nemendur úr Fellaskóla og Breiðholtsbúar sem tóku fagnandi þátt eftir að hafa móttekið skriflega beiðni leikstjóra.


**GUSGUS** Stífpressaðir í Fellunum.

Gus Gus fór í velheppnaða tónleikaferð um Evrópu á haustmánuðum í fyrra en hefur verið undir feldi síðustu mánuði. Þremenningarnir ætla að láta ljós sitt skína á heimavelli sínum, Nasa við Austurvöll, 19. mars næstkomandi og mun koma fram ásamt ungliðunum í Retro Stefson og sænsku chillwavesveitinni Air France.

## Upptökur í september

**Rokkararnir í Foo Fighters ætla að taka upp sína sjöundu hljóðversplötu í september. „Foo Fighters eru byrjaðir að semja og við ætlum að hefja upptökur í september, þannig að lífið er stútfullt af tónlist þessa dagana,“ sagði forsprakkinn Dave Grohl. Önnur plata hliðarverkefnis Grohls, Them Crooked Vultures, er einnig væntanleg á þessu ári. Bassaleikari sveitarinnar, Zeppelin-maðurinn fyrrverandi John Paul Jones, sagði á dögunum að platan yrði tekin upp seinni partinn í sumar.**



TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson


**GLEYMDAR GERSEMAR** 24 Carat Black gaf út eina plötu árið 1973.

## *Numero númer eitt*

Fyrir tónlistarfíkil eins og mig er alveg jafn mikilvægt að uppgötva gamla tónlist eins og nýja. Undanfarin ár hefur verið mikill metnaður í endurútgáfu og mörg fyrirtæki sérhæft sig í því að grafa upp gleymdar gersemar úr tónlistarsögunni og koma þeim í fast form. Flest þessara fyrirtækja starfa enn af fullum krafti þrátt fyrir kreppu, en einhver hafa fengið á sig högg. Síðasta haust bárust til dæmis fréttir af miklum uppsögnum starfsfólks hjá Rhino Records, þeirri frábæru útgáfu. En svo koma aðrar í staðinn.

Eitt af flottustu endurútgáfufyrirtækjunum í dag er Numero Group sem hefur verið starfrækt í Chicago í nokkur ár og á að baki einar 40 útgáfur. Numero sérhæfir sig í að finna upptökur með lítt þekktum listamönnum og er með nokkrar seríur í gangi, þar á meðal Eccentric Soul og Cult Cargo. Metnaðurinn sem einkennir afurðir hennar er ótrúlegur. Í plötubæklingnum er saga viðkomandi útgáfu eða listamanns rakin og sett í samhengi við samtímann og hljóðvinnsla er frábær. Numero gefur bæði út á CD og vínil.

Á meðal þeirra platna sem Numero gaf út á síðasta ári var Gone: The Promises Of Yesterday með hljómsveitinni 24 Carat Black sem var starfandi í Chicago á fyrri hluta áttunda áratugrins. Hún gaf út eina plötu hjá Stax-útgáfunni 1973, Ghetto: Misfortunes Wealth sem vakti litla athygli, en náði inn hjá einhverjum hipsterum þegar Digable Planets og Jay-Z sömpluðu hana. Seinni plata sveitarinnar var sett á frost hjá Stax á sínum tíma og gleymdist eftir að útgáfan fór á hausinn 1975. Það var ekki fyrr en Numero gróf hana upp að hún leit dagsins ljós, 35 árum síðar. 24 Carat Black er, eins og nafnið bendir til, fönk-skotin soul sveit. Eðalsveit.

# Hvað er í popp-pokunum?

**Er eitthvað að gerast í íslenska poppinu? Eru nýjar stjörnur að fæðast? Hver verður vinsælastur í sumar? Dr. Gunni fór á stúfana og reyndi að finna svör við þessum spurningum.**


**ÍSLENSKAR POPP-STJÖRNUR 2010**
**Haffi** gefur út Freak í maí, **Daníel** syngur um Dr. Love og **Ingó** á bunka af lögum.

Það er alls konar popp að poppast úti um allan bæ þessa dagana. Til að mynda er afreksmaðurinn Haffi Haff nú á lokametrunum að klára sína fyrstu plötu, sem mun heita Freak. „Hún kemur í maí. Ég er aðeins að færa mig út í nýtt sánd, meira röff, dáldið eins og Britney á plötunni Blackout. Það eru náttúrulega algjörir snillingar sem hún vann með þar,“ segir Haffi. Hann hefur markvisst kynnt undir útgáfu plötunnar og fjórða lagið, „Buried alive“, fór nýlega í spilun. Haffi semur flest lögin sjálfur, oft í samkrulli með Örlygi Smára og nýju „production-gengi“ sem kallar sig Stab, wait, go. „íslenskir strákar sem eru algjörir snillingar,“ segir Haffi.

„Production gengi“ eru dálítið málið í dag, takkaklárir strákar með eyra fyrir góðu poppi og brakandi fersku sándi. Eitt slíkt heitir Redd lights og hefur verið að vinna með R&B söngvaranum Friðriki Dór. Nýtt myndband við smellinn hans „Hlið við hlið“ er nú komið í spilun og sýnir Friðrik umvafinn keppendum í Ungfrú Reykjavík. Sena hefur gert samning við Friðrik og er fyrsta platan væntanleg í haust.

Söngvarinn Daníel Óliver setti fyrsta lagið sitt, „Dr. Love“, í loftið í janúar og hefur fengið góð viðbrögð við því. Hann tók þátt í Idol 2006 en hefur haldið sig til hlés þar til nú. „Næsta lag dettur örugglega inn í apríl og svo stefnir maður bara á plötu, kannski á þessu ári,“ segir hann. „Dr. Love“ vann Daníel með Kristjáni Eldjárn úr hljómsveitinni Sykur og hann vinnur líka mikið með pródúsernum Andra Ramirez. „Ég flyt danspopp og syng að sjálfsögðu á íslensku. Mér finnst vera mikil vöntun á svona músík á Íslandi. Haffi er reyndar að gera svipaða hluti, en hann syngur allt á ensku og Friðrik er í R&B-inu. Mér finnst þeir reyndar báðir mjög góðir.“

Nokkrir fleiri í þessari FM957-deild poppsins hafa verið að vekja á sér athygli. Scooter-lega stuðhljómsveitin Ariba frá Ísafirði sendi nýlega frá sér lagið „Partý allsstaðar“ og Júlí Heiðar hefur vakið á sér athygli með lögunum „Nýja hún“ og „Blautt dansgólf“. Hvanndalsbræður eru reyndar ekki FM-band þótt þeir heyrist þar. Strákarnir slógu í gegn í fyrra með lögunum „La-la-lagið“ og „Vinkona“. Þeir sleikja nú sárin eftir tapið í Eurovision og taka upp nýja plötu. Hún kemur út í maí.

Þá eru það Ingó og Veðurguðirnir. Ingó útilokar ekki að ný plata komi út á þessu ári. „Það kemur allavega splúnkunýtt lag í næstu viku sem heitir „Ef ég ætti konu“. Það er dægurlag með umhugsunarverðum texta,“ segir Ingó. „Næsta lag þar á eftir heitir sennilega „Adios Amigos“ og er danslag með suður-amerísku ívafi. Ég samdi það úti í Argentínu. Það verður áhugavert fyrir mig sem lagahöfund að fá viðbrögð við því.“

Ingó segist eiga bunka af nýjum lögum og er nokkuð viss um að ný Veðurguða-plata komi út á endanum. „Ég veit bara ekki hvernig spilast úr þessu ári. Ég verð á fullu með Selfossi sem er komið í úrvalsdeildina og bandið er mikið bókað líka. Ég er búinn að fá mér dagbók til að koma þessu öllu heim og saman.“






## Feldberg í útrás

Feldberg-lagið „Dreamin‘„ verður á safnplötunni Kitsuné Maison Compilation 9 sem kemur út í apríl. Þetta er mikill heiður því franska fyrirtækið Kitsune Music, sem gefur plötuna út, er leiðandi í útgáfu á rafvæddri popptónlist, er vinsæl meðal plötusnúða og hefur í gegnum tíðina komið böndum eins og Boys Noize, Simian Mobile Disco og Klaxons á framfæri á safnplötum sínum. Lagið er af fyrstu plötu Feldberg sem kom út í fyrra. Einar Tönsberg segir ýmislegt í gangi í útrás Feldberg. „Það er bara ekki orðið nógu öruggt ennþá til að maður tali um það,“ segir hann.

Einar og Pétur Ben eru að vinna saman að nýju efni og eru komin sex lög. „Þetta er allt frá því að vera mikið popp yfir í mikla tilraunamennsku og við erum ekki búnir að ákveða hvort þetta kemur á EP plötu eða stórri plötu. Eitt lagið verður svo í myndinni Órói sem kemur út í sumar.“


**FELDBERG** Einar Tönsberg er með mörg járn í eldinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvað á svo dúettinn að heita – Eben?

„Það er nú það. Einhver sagði að við ættum að kalla þetta Einar Ben. Svo gæti Mugison komið og sungið eitt lag með okkur og þá gætum við kallað okkur Einar Örn Benediktsson!“ - drg

Verslaðu hjá okkur og taktu þátt í skemmtilegum fermingaleik. Veglegir vinningar í boði.

# Fermingarbúðin þín

byggtogbúið

## BAKA / ELDA

## BERA FRAM


KRANSAKÖKUFORM 18STK
Verð 4.990 kr.


KÖKUKEFLI
Verð 1.499 kr.

HELGARTILBOÐ 50%

KJÖTHITAMÆLIR
Tilboð 750 kr.

HELGARTILBOÐ 35%

STÁLBAKKI
Tilboð 973 kr.

HELGARTILBOÐ 30%

TERTUDISKUR 32CM
Tilboð 2.448 kr.


POTTUR 14LTR
Verð 11.990 kr.

HELGARTILBOÐ 25%

SPRINGFORM 30CM
Tilboð 1.700 kr.

HELGARTILBOÐ 25%

GASTROMAX RJÓMASPRAUTA
Tilboð 1.496 kr.


BRAUÐTERTUFAT
Verð 4.497 kr.

HELGARTILBOÐ 35%

STÁLKÖKUSPAÐI 20CM
Tilboð 974 kr.

## AÐRAR MIKILVÆGAR FERMINGARVÖRUR

ELDHÚSVOGIR
MÆLISKEIÐAR
(ALLAR Á TILBOÐI UM HELGINA)
OFNHANDSKAR
SLEIKJUR
KONFEKTMÓT
HANDÞEYTARAR
SKÁLAR
DISKAR
GLÖS
KAFFISTELL

TÖFRASPROTAR
HNÍFAPÖR
FERMINGASTYTTUR
EGGJASKERAR
SPAÐAR
ELDFÖST MÓT
HRÆRIVÉLAR
SALATSETT
ÍSL. PÖNNUKÖKUPANNAN (Á TILBOÐI UM HELGINA)
KAFFIVÉLAR

KAFFIKÖNNUR
BÖKUNARFORM
(ALLAR Á TILBOÐI UM HELGINA)
BAKKAR
EINNOTA BORÐBÚNAÐUR
SILFRAÐUR
EINNOTA BAKKAR
LJÓSASERÍUR RAFHLÖÐU
VATNSKARÖFLUR
VATNSKÖNNUR


RJÓMAKANNA
Verð 499 kr.


ÁLKLÆDDUR PAPPADISKUR
Verð 1.499 kr.

HELGARTILBOÐ 20%

REMINGTON RAKVÉL R3130
Tilboð 7.592 kr.

HELGARTILBOÐ 20%

BABYLISS SLÉTTUJÁRN ST26E
Tilboð 7.192 kr.

## FERMINGARGJAFIR

HELGARTILBOÐ 20%

YAMAHA DOCKA
Tilboð 31.998 kr.

CUBO CD OG ÚTVARP

Verð 39.995 kr.


FARTÖLVUPÚÐI
Verð 5.995 kr.


NORDICA NUDDTÆKI
Verð 2.990 kr.

HELGARTILBOÐ 30%

SIRIUS SERÍA JULIE SVÖRT
Tilboð 3.493 kr.


VICTORINOX VASHNÍFUR
Verð 2.745 kr.


THERMOS STÁLBRÚSI
Verð 4.833 kr.

HELGARTILBOÐ 25%

BUDDA STYTTA / SPARIBAUKUR
Tilboð 3.749 kr.

byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggt.og.buid

> Á ÓSKALISTANUM

Grallarinn **Sacha Baron Cohen** og Jemaine Clement úr Flight Of The Conchord eru á óskalista framleiðenda Men In Black 3 um að leika persónuna Yaz. Í myndinni ferðast persóna Wills Smith aftur í tímann og hittir þar unga útgáfu af Tommy Lee Jones, sem Josh Brolin mun hugsanlega leika.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Veðja á Lapidus í stað Larsson

Sena hefur tryggt sér sýningarréttinn á sænsku spennumyndinni Snabba Cash, sem hefur notið gríðarlegra vinsælda í heimalandi sínu. Myndin er byggð á samnefndri bók Jens Lapidus og vonast forsvarsmenn Senu til að hún fylgi eftir vinsældum myndanna sem eru byggðar á metsölubókum Stiegs Larsson. Rúmlega hundrað þúsund gestir hafa séð Karla sem hata konur, Stúlkuna sem lék sér að eldinum og Loftkastalann sem hrundi. „Við hlökkum mikið til að frumsýna Snabba Cash og hún á pottþétt eftir að vekja mikla athygli og vonandi slá í gegn hjá spennuþyrstum Íslendingum á öllum aldri sem eru komnir á bragðið með sænskar spennumyndir,“ segir Jón Gunnar Geirdal hjá Senu en myndin verður frumsýnd 2. júní.

Jens Lapidus er einn vinsælasti rithöfundur Svíþjóðar og hafa bækurnar Fundið fé (Snabba Cash) og Ekkert fokking klúður (Aldrig Fucka Upp) selst vel hér á landi.

Sena hefur sömuleiðis fest kaup á dönsku spennumyndinni R sem var kjörin besta norræna myndin á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg. Þetta er spennumynd byggð á sannri sögu um mann sem lendir í fangelsi eftir að hafa lent í slagsmálum við meðlimi Hell´s Angels.



**JENS LAPIDUS** Spennumyndin Snabba Cash er byggð á bók Jens Lapidus sem hefur notið mikilla vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Leyndarmálin á Græna svæðinu

Hasarmyndin Green Zone og dramamyndin The Blind Side verða frumsýndar hérlendis á morgun. Þær eru báðar byggðar á sönnum atburðum.

Í The Green Zone leikur Matt Damon hernaðarsérfræðing sem svíkur lit til að hafa uppi á gereyðingarvopnum. Myndin er byggð á bókinni Imperial Life in the Emerald City eftir blaðamanninn Rajiv Chandrasekaran sem hann skrifaði um veru sína í Bagdad, höfuðborg Íraks. Leikstjóri er Paul Greengrass sem stýrði einnig The Bourne Ultimatum með Damon í aðalhlutverki. Handritshöfundur er Brian Helgeland sem er þekktastur fyrir handritin að L.A. Confidential og Mystic River. Auk Damons fara með helstu hlutverk í Green Zone þau Amy Ryan, Greg Kinnear og Brendan Gleeson.

Sandra Bullock fékk á dögunum sín fyrstu Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í The Blind Side. Myndin var einnig tilnefnd sem besta myndin en tapaði fyrir The Hurt Locker. The Blind Side er byggð á bókinni The Blind Side: Evolution of af Game eftir Michael Lewis. Hún er sannsöguleg og fjallar um æsku ruðningskappans Michaels Oher sem fékk aðstoð frá kristnum samtökum til að koma undir sig fótunum í lífinu. Leikstjóri er John Lee Hancock og auk Söndru Bullock leika aðalhlutverkin sveitasöngvarinn Tim McGraw og Quinton Aaron.



**GREEN ZONE** Matt Damon leikur hernaðarsérfræðing í hasarmyndinni Green Zone.

**TEKJUR Í N-AMERÍKU Í MILLJÓNUM DOLLARA**




**MEÐ ÓSKARINN** Sandra Bullock með Óskarsverðlaunin sem hún fékk fyrir hlutverk sitt í The Blind Side. NORDICPHOTOS/GETTY

# Leikur Lombardi

Stórleikarinn Robert De Niro hefur tekið að sér aðalhlutverkið í nýrri mynd um hinn þekkta bandaríska ruðningsþjálfara Vince Lombardi. Myndin fjallar um það góða starf sem Lombardi vann hjá Green Bay Packers þegar hann gerði liðið að meisturum. „Það eru fáir leikarar sem geta sýnt jafn vel eldmóð og skapgerð Lombardi og við erum mjög ánægð með að hafa fengið Robert De Niro í lið með okkur,“ sagði Charles Coplin, framkvæmdastjóri NFL-deildarinnar, sem tekur þátt í gerð myndarinnar. Handritshöfundur verður Eric Roth, sem síðast vakti athygli fyrir handritið að The Curious Case of Benjamin Button. De Niro fékk Óskarinn fyrir að leika hnefaleikakappann Jake La Motta í hinni sannsögulegu Raging Bull og ætti því ekki að lenda í vandræðum með Lombardi.



**ROBERT DE NIRO** De Niro leikur í sannsögulegri mynd um ruðningskappann Vince Lombardi.

# Stendur á hátindi ferilsins

**Sandra Bullock stendur á hátindi ferils síns eftir að hafa fengið Óskarinn fyrir hlutverk sitt í The Blind Side. Hún hefur ávallt notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum þrátt fyrir að gagnrýnendur hafi ekki ávallt verið sáttir við frammistöðu hennar.**

Sandra Bullock vakti fyrst athygli í hasarmynd Sylvester Stallone, Demolition Man. Hún sló rækilega í gegn í ofurtryllinum Speed á móti Keanu Reeves og lék í nokkrum vinsælum myndum í framhaldinu. Framhaldsmyndinni Speed 2 gekk aftur á móti hryllilega og næstu myndum Bullock gekk fremur illa í miðasölunni. Smám saman hefur hún þó fikrað sig upp á við. Tvær tekjuhæstu myndir hennar til þessa komu út í Bandaríkjunum í fyrra, The Proposal og The Blind Side, og segja má að hún sé loksins komin á toppinn á ferli sínum. 44 ára að aldri afsannar hún þá kenningu að eftir því sem konur eldast í Hollywood gangi þeim verr. Samkvæmt fyrirtækinu The Numbers, sem tekur saman aðsóknartölur vestanhafs, hafa myndir hennar náð inn 1,7 milljörðum dollara í miðasölunni og alls 3,1 milljarði um heim allan. Til marks um miklar vinsældir Bullock í heimalandinu hefur hún fimm sinnum hlotið People´s Choice-verðlaunin sem vinsælasta leikkonan í Bandaríkjunum. Það hvernig hún tók á móti Razzies-skammarverðlaununum með glöðu geði fyrir flopppið All About Steve degi áður en hún fékk Óskarinn var örugglega ekki til að draga úr vinsældum hennar.

freyr@frettabladid.is

WELLA PROFESSIONALS 50 ár

**Hármódel óskast**

Í tilefni af 50 ára afmæli Wella á Íslandi verður haldin glæsileg hársýning mánudaginn 29.mars kl 19.30 í Borgarleikhúsinu. Við leitum að hressum og flottum hármódelum, stelpum og strákum á aldrinum 18-25 ára.

*Lágmarkshæð hjá stelpunum er 165 cm á hæð og fatastærð undir númer 40. Erum við að leita að þér ?*

**Skráning hjá HJ ehf í síma 5636300.**

hj



# Mesta Óskarsáhorfið í fimm ár

Áhorfið á Óskarsverðlaunin síðasta sunnudagskvöld var það mesta í fimm ár í Bandaríkjunum. Tæplega 41 milljón sjónvarpsáhorfenda fylgdist með athöfninni sem er það mesta frá árinu 2005. Það er 14 prósentum meira áhorf en á síðustu hátíð þegar Slumdog Millionaire sópaði til sín helstu verðlaununum. Þá fylgdust 36,3 milljónir áhorfenda með.

Svo virðist sem þær breytingar sem hafa verið gerðar á Óskarnum hafi svínvirkað. Myndunum sem kepptu í flokknum besta myndin var fjölgað úr fimm í tíu og voru því fleiri vinsælar myndir með í baráttunni um þessi æðstu verðlaun Hollywood, þar á meðal Avatar og Up. Barátta hjónanna fyrrverandi, Kathryn Bigelow og James Cameron, um kjör á besta leikstjóranum, var einnig mikið í umræðunni fyrir athöfnina og hafði það vafalítið sín áhrif. Sömuleiðis hafði keppni The Hurt Locker og Avatar sitt að segja, sem sú fyrrnefnda vann örugglega, og sú staðreynd að kynnarnir voru tveir í fyrsta sinn frá síðari heimsstyrjöldinni, eða þeir Steve Martin og Alec Baldwin.

Vinsælasta Óskarshátíðin til þessa var haldin árið 1998 þegar 55 milljónir Bandaríkjamanna sáu Titanic jafna met með því að vinna til ellefu verðlauna. - fb



**KATHRYN BIGELOW** Bigelow varð fyrst kvenna til að fá Óskarinn fyrir leikstjórn fyrir myndina The Hurt Locker.



# Frábærir hurðaskellir

# Eigum ennþá nokkrar 60 og 90 cm hurðir með allt að 75% afslætti

VERÐ FRÁ
**14.990**

*Þýsk gæðavara · Takmarkað magn · Allt á að seljast*

Við tæmum lagerinn af vönduðum innihurðum, glerhurðum, rennihurðum og eldvarnarhurðum frá Lebo í Þýskalandi. Hurðunum fylgja karmar, skrár og lamir. Komdu í heimsókn til okkar í Ármúla 32 og sparaðu stórfé.

PARKET & GÓLF

Stepp · Ármúla 32 · 108 Reykjavík · Sími 568 1888 · Fax 568 1866 · www.pog.is

> ROBBIE HNEYKSLAR

Söngvarinn Robbie Williams lýsti á dögunum aðdáun sinni á kannabisefnum, jafnvel þótt fíkniefnin hafi haft áhrif á geðheilsu hans og valdið því að hann hlóð utan á sig kílóunum. Um tíma íhugaði hann sjálfsvíg á meðan hann var í neyslu. „Gras er frábært dóp. Því miður hentar það mér ekki," sagði Robbie Williams samt sem áður.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Mikill metnaður í Kimono

Kimono heldur útgáfutónleika sína í Íslensku óperunni í kvöld. „Þetta eru „stærstu" tónleikar okkar miðað við hvað við erum að leggja í þetta," segir Gylfi Blöndal, einn meðlima sveitarinnar. „Óperan er stórt hús, einstaklega falleg í sinni upprunalegu mynd og þessir tónleikar verða mikið sjónarspil. Aukaleikarar stíga á svið, gríðarlegt ljósasjó verður sett upp og visjúalar í þrívídd sem Hafsteinn Michael Guðmundsson listmálari og Máni M. Sigfússon vídeólistamaður (og bróðir Sindra Seabear) hafa sett saman."

Gylfi segir bandið ætla að spila meira og minna allt sem það kann. „Við ætlum að taka langt prógramm sem samanstendur af strengjasveit sem spilar



**TÍU ÁRA KIMONO** Spilar í Óperunni í kvöld. Frá vinstri eru þeir Kjartan, Alex og Gylfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þrjú eldri lög með okkur í upphafi tónleika, við komum svo inn í einu lagi áður en við tökum sviðið alveg yfir og leikum plötuna auk safns eldri laga. Karl Daði Lúðvíksson, bassaleikari Lights on the Highway, spilar með okkur í eldri lögum."

Gylfi segir það nokkuð metnaðarfullt að taka Óperuna undir tónleikana. „Já, það eru ekki margar íslenskar indie-hljómsveitir sem treysta sér í Óperuna, en við vildum, eftir tæplega tíu ára feril, færa okkur yfir í stærri og íburðar-meiri tónleika. Á sama tíma viljum við sýna öðrum hvernig hægt er að gera svona metnaðarfull sjó, með von um að fleiri sveitir fylgi í kjölfarið. Í haust er hugmyndin að ferðast til Evrópu með álíka dæmi og setjum við þá stefnuna á stærri tónleikastaði, leikhús og svo framvegis." - drg

# Amy giftist dópistanum aftur



**ÁSTFANGIN** Amy Winehouse hefur komist að þeirri niðurstöðu að stóra ástin í lífi hennar sé fyrrum eiginmaðurinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Söngkonan Amy Winehouse ætlar að giftast aftur fyrrum eiginmanni sínum, eiturlyfjasjúklingnum Blake Fielder-Civil. Breskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Amy ætli að giftast Blake í Las Vegas. Þau gengu í hjónaband á Miami árið 2007 en skildu svo í fyrra.

„Þau eru harðákveðin í því að gifta sig og hafa ákveðið að gera það í Vegas," sagði vinur parsins í viðtali við The Sun. „Amy vill ekki hefðbundið brúðkaup, hún vill að það verði í líkingu við fyrra brúðkaup þeirra. Hins vegar vildi hún ekki að það yrði á Miami því það gæti verið slæmur fyrirboði. Hún getur ekki hætt að tala um framtíð þeirra saman," segir vinurinn.

Amy hefur nýverið fest kaup á glæsilegu húsi í Camden-hverfinu í London, sannkölluðu fjölskylduhúsi að sögn vina hennar. Talsmaður Amy sagði í gær að ekki væri rétt að brúðkaupið færi fram í Las Vegas. Til þess væri söngkonan of upptekin við vinnu sína auk þess sem Blake væri í eiturlyfjameðferð og gæti ekki ferðast þangað.



**SJÚSKAÐUR** Corey Haim var háður eiturlyfjum á tíunda áratugnum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Corey Haim tók of stóran skammt

**Bandaríski leikarinn Corey Haim lést í gær. Talið er að hann hafi óvart tekið of stóran skammt af lyfseðilsskyldum lyfjum. Haim fannst inni á baðherbergi í íbúð móður sinnar og fjögur lyfjaglös fundust hjá honum.**

Samkvæmt fréttavefnum TMZ hafði Haim verið með flensu síðustu daga, en lyfin sem fundust tengdust ekki þeim veikindum. Engin ólögleg lyf fundust, samkvæmt heimildum TMZ.

Corey Haim skaust upp á stjörnuhimininn á níunda áratugnum, þá ungur að árum. Hann lék í myndum á borð við Lucas, Murphy's Romance, The Lost Boys, License to Drive og Dream a Little Dream – oft ásamt nafna sínum og félaga Corey Feldman.

Corey Haim höndlaði vinsældirnar ekki vel og sökk djúpt ofan í eiturlyfjaneyslu. Kvikmyndirnar sem hann lék í nutu sífellt minni vinsælda og árið 1997 varð hann gjaldþrota. Einu eignir hans þá voru tíu ára gamall BMW, 100 dollarar í reiðufé og höfundarréttur að andvirði 7.500 dollara.



**FÉLAGAR** Corey Feldman og Corey Haim léku saman í fjölmörgum myndum á níunda áratugnum.

Árið 2007 sneru Corey og nafni hans Feldman bökum saman og komu fram í raunveruleikaþáttunum The Two Corey's. Tvær þáttaraðir voru framleiddar og allt benti til þess að þeir væru komnir á beinu brautina. Haim fékk hlutverk á ný og lék í tveimur myndum sem áttu að koma út í ár.

atlifannar@frettabladid.is

# Lost byrjar í maí

Sjónvarpið tekur sjöttu seríu sjónvarpsþáttarins Lost til sýningar 3. maí næstkomandi. Þetta er síðasta sería þáttanna og ætti öllum spurningum að verða svarað þegar þættirnir átján í seríunni hafa verið sýndir – eða ekki! Síðasti þáttur fimmtu seríu endaði á sprengingu eftir að Dr. Jack Shepard henti kjarnorkusprengju ofan í brunn. Þá var árið 1977. Spennandi verður að sjá hvaða yfirnáttúrulegu flækjur handritshöfundarnir bjóða upp á næst. Úti í Bandaríkjunum var byrjað að sýna síðustu seríuna 2. febrúar og verður tvöföldum lokaþætti sjónvarpað 23. maí.



**HUGO „HURLEY" REYES** Skyggni milljónamæringurinn í Lost.






BIOTHERM

Æskan er í genum þínum.
Virkjaðu þau með

# SKIN VIVO

Fyrsta kreminu sem snýr við öldrunarferli húðarinnar[1]

**Allt að 10 ára yngri húð á aðeins 4 vikum[2].**
Í hjarta hverrar frumu er DNA sem inniheldur gen sem tryggja lífsskilyrði allra frumna. Með aldrinum veikjast frumugenin og þar af leiðandi hægist á frumuendurnýjun sem hefur veruleg áhrif á öldrun húðarinnar.

**Nýjung – tvöföld virkni gegn öldrun húðarinnar: DNA + GEN**
Einstök sameining Pure Thermal Plankton og Reverserol SV, sem er öflugt og virkt jurtaefni, stuðlar að viðgerð á DNA skemmdum, endurvekur virkni[3] frumugenanna og örvar frumuendurnýjun[4].

**Öldrun húðarinnar er „afturkölluð" og hún verður sjáanlega unglegri**
Vísindalegar sannanir á rannsóknarstofum. Prófað á yfir 300 konum.

**Árangur:**
**Fyllir upp innan frá og dregur úr hrukkum.**
**Þéttari og stinnari húð. Einstakur ljómi.**

**NÝTT**
SKIN VIVO **næturkrem**

**NÝ TÆKNI**
**8 EINKALEYFI**

1) Frá Biotherm. 2) mælt með skannmynd á þéttleika á stuðningsvef húðarinnar- umbætur jafngilda 10 árum – prófað á 32 sem notuðu dagkremið. 3) tjáning. 4) in vitro rannsóknir

# BIOTHERM DAGAR Í HAGKAUP

## Kringlunni – Smáralind – Holtagörðum – Garðabæ

Fimmtudaginn 11. mars til miðvikudagsins 16. mars

## Kynningarafsláttur af eftirfarandi vörum:

Lait Corporel body lotion 400 ml með pumpu **kr. 3.499** – verð áður 4.920
Aquasource rakakrem normal húð 40 ml túpa **kr. 3.499** – verð áður 4.950
Aquasource rakakrem þurr húð 40 ml túpa **kr. 3.499** – verð áður 4.950

**Kaupaukar* að hætti Biotherm þegar keyptar eru 2 eða fleiri vörur.**

*Gildir meðan birgðir endast á kynningunni. Gildir ekki með 2 deodorant.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ALICE IN WONDERLAND kl. 5:40(3D) - 8(3D) - 10:20(3D) | | L |
| ALICE IN WONDERLAND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| THE REBOUND | kl. 8 - 10:20 | L |
| BROTHERS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| BROTHERS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| VALENTINE 'S DAY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| AN EDUCATION | kl. 5:50 | L |
| UP IN THE AIR | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ALICE IN WONDERLAND kl. 5:40(3D) - 8(3D) - 10:20(3D) | | L |
| SHUTTER ISLAND | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| INVICTUS | kl. 5:30 | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 8 | 12 |
| THE WOLFMAN | kl. 10:30 | 16 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| AVATAR 3-D frumsýnd í 3d | kl. 8 | L |
| ALICE IN WONDERLAND | kl. 8 | L |
| THE REBOUND | kl. 8 - 10:20 | |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE GOOD HEART | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| LEGION | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| SHUTTER ISLAND | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 5 - 8 - 11 | 14 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 5 - 8 - 11 LÚXUS | 14 |
| AVATAR 3D | kl. 4.40 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.45 íslenskt tal | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE GOOD HEART | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| PRECIOUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LEAP YEAR | kl. 8 - 10.15 | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| FROM PARIS WITH LOVE | kl. 8 - 10 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 | 14 |
| SHUTTER ISLAND | kl. 9 | 16 |
| ARTÚR 2 | kl. 6 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| FROM PARIS WITH LOVE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| LEGION | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 8 | 12 |
| NIKULÁS LITLI | kl. 6 | L |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 10.30 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| FROM PARIS WITH LOVE | kl. 5, 8 og 10-POWER | 16 |
| SHUTTER ISLAND | kl. 7 og 10 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 7 og 10 | 14 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40 | 12 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2- ÍSL TAL | kl. 5 | L |




**HALLDÓR LÁRUSSON VIÐ SETTIÐ** Hefur starfrækt trommunördasíðuna trommari.is í rúmlega ár.

# Jökullinn stal yfirleitt senunni

**Halldór Lárusson hefur haldið úti vefsíðunni trommari.is í meira en eitt ár. Nú hefur umfjöllun um Gunnar Jökul Hákonarson dregið dilk á eftir sér og stefnt er á minningartónleika í haust.**

„Tilgangurinn með síðunni var að halda úti trommunördasíðu þar sem trommarar landsins gætu komið saman og rifist yfir því hvaða kjuðar væru bestir og svoleiðis,“ segir Halldór. „Trommarar eru greinilega miklir nördar því viðtökurnar hafa verið betri en ég bjóst við. Það eru á fimmta hundrað manns innskráðir og margir af þeim eru mjög virkir á síðunni.“

Halldór er að sjálfsögðu trommari sjálfur, spilaði með Spilafíflum, Með nöktum, MX-81 og Júpiters áður en hann flutti til Hollands þar sem hann spilaði árum saman. Hann býr nú í Grindavík, kennir í þremur tónlistarskólum og leikur með gömlum félögum úr Júpiters í hljómsveitinni Lemúrar.

Eitt af því sem Halldór býður upp á á síðunni er „Trommari vikunnar“. Nýlega var Gunnar Jökull Hákonarson einn slíkur, en „Jökullinn“ er sannkölluð goðsögn í íslenskri poppsögu. Hann var trommari Trúbrots og spilaði með beat-combóinu The Syn í London á 7. áratugnum. Byrjaði þar aðeins 16 ára gamall.

„Ég vildi afla sem mestra upplýsinga um Jökulinn og það vægast sagt vatt upp á sig,“ segir Halldór. „Greinin sem er á síðunni núna er bara forsmekkurinn, því það er svo mikið búið að koma í ljós í viðbót. Það kemur önnur grein seinna. Ég talaði við forsprakka The Syn, söngvarann Stephen Nardelli, fann hann bara í ensku símaskránni. Við kjöftuðum örugglega saman í klukkutíma og það barst í tal að halda minningartónleika um Gunnar Jökul og þá vildi hann óður og uppvægur koma hingað með The Syn. Þeir byrjuðu að spila saman aftur árið 2003. Það á eftir að koma í ljós hvort hann stendur við stóru orðin, en það verða líklega haldnir minningatónleikar í september hvort sem þeir koma eða ekki.“



**GUNNAR JÖKULL HÁKONARSON** Minningartónleikar honum til heiðurs eru fyrirhugaðir í haust.

Bassaleikarinn Chris Squire og gítarleikarinn Pete Banks voru meðlimir í The Syn, en bandið hætti 1967 og þeir stofnuðu hljómsveitina Yes ári síðar. Þeir reyndu mikið að fá Gunnar Jökul aftur út, en hann var búinn að gefast upp á harkinu í útlöndum og missti þar með af heimsfrægðinni því Yes átti eftir að rísa í hæstu hæðir 1969. Bill Bruford trommaði í staðinn með Yes. „Það hefur aldrei komið fram áður að þegar Bill hætti í Yes árið 1972 þá reyndu þeir að fá Jökulinn í bandið en náðu bara ekki sambandi við hann,“ segir Halldór. Hann segir að margt sem Nardelli hafi sagt sér um Gunnar Jökul hafi komið á óvart. „Gunnar, Keith Moon úr The Who og Mitch Michell úr The Jimi Hendrix Experience voru til að mynda miklir félagar. The Syn og The Who túruðu oft saman og héldu djamm-sessjónir og þá stal Gunnar Jökull yfirleitt senunni.“

Einn af þeim sem hreifst af Jöklinum var Phil Collins. „Phil skrifaði í bæklinginn þegar The Syn safndiskur var gefinn út fyrir nokkrum árum og það kom upp sú hugmynd að fá hann til að koma til landsins í tilefni af minningartónleikunum. Hann myndi þó ekki tromma því hann fór í bakaðgerð fyrir nokkrum árum og hætti að geta trommað eftir það.“

Trommuleikaraferill Gunnars Jökuls rann út í sandinn þegar hann var aðeins 24 ára og verður saga hans að teljast ein sú harmrænasta í íslenskri poppsögu. Jökullinn lést fyrir aldur fram úr alnæmi árið 2001, 52 ára að aldri. Halldór trommari vonast til að af þessum löngu tímabæru minningartónleikum geti orðið í september.

drgunni@frettabladid.is




# Semja tónlist í gegnum Skype

„Þetta verður vonandi besta og flottasta gigg sem við höfum spilað, ef allt gengur eftir," segir Addi, gítarleikari Sign.

Hljómsveitin spilar á Íslandi í fyrsta sinn í langan tíma á tónleikum á Nasa 9. apríl. Þar koma einnig fram Cliff Clavin, For a Minor Reflection, Noise, Ten Steps Away og Nevolution og er miðasala hafin á Midi.is. Allar sveitirnar eiga það sameiginlegt að vera að undirbúa nýja plötu. Plata Sign verður öll sungin á Íslandi og er væntanleg fyrir jól.

Nýr trommari, hinn sænski Jon Skäre, er genginn til liðs við Sign í staðinn fyrir Egil Rafnsson og verða þetta fyrstu tónleikar hans með sveitinni. Hann hefur þó enn sem komið er aðeins æft með söngvaranum Ragnari Sólberg, sem er búsettur í Svíþjóð. „Hann er ruddalegur," segir Addi um nýja trommarann. „Þeir æfa bara tveir úti í Svíþjóð. Ég og restin af bandinu æfum hérna heima.

Við fáum einn dag saman áður en tónleikarnir eru," segir hann pollrólegur. Að minnsta kosti tvö ný lög á íslensku verða frumflutt á tónleikunum og eitt á ensku. „Ég og Ragnar erum búnir að vera að semja á Skype, helvíti flottir. Það gengur bara mjög vel."

Sign ætlar að spila í Víðistaðaskóla í heimabæ sínum Hafnarfirði 12. apríl fyrir þá sem komast ekki inn á tónleikana á Nasa. -fb



**SIGN** Hljómsveitin Sign spilar á sínum fyrstu tónleikum á Íslandi í langan tíma 9. apríl.

# Sömdu fyrir leikrit

Skagahljómsveitin Cosmic Call, sem gaf út sína fyrstu EP-plötu í fyrra, semur stóran hluta tónlistarinnar í leikverkinu Karíókí sem var frumsýnt í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi á dögunum.

Allir meðlimir hljómsveitarinnar eru eða hafa verið nemendur í skólanum og fannst leikstjórum verksins, þeim Gunnari Sturlu Hervarssyni og Einari Viðarssyni, tilvalið að fá þau til liðs við leikhópinn. „Okkur fannst það mjög skemmtilegt og krefjandi verkefni," segir söngvarinn Sigurmon Sigurðsson. „Við vorum ekki alveg viss í byrjun hvernig þetta gengi fyrir sig þar sem við höfðum aldrei gert neitt þessu líkt áður. Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt ferli. Það er alltaf gott fyrir hljómsveitir og bara alla tónlistarmenn að takast á við fjölbreytileg verkefni," segir hann. - fb



**COSMIC CALL** Reynir fyrir sér í leikhúsi.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 11. mars 2010**

### ➜ Tónleikar

**20.00 Karlakórinn Stefnir** í Mosfellsbæ heldur tónleika í tilefni af 70 ára starfsafmæli sínu. Tónleikarnir fara fram í **Guðríðarkirkju í Grafarholti** og sérstakir gestir verða Kristinn Sigmundsson óperusöngvari og Þórunn Lárusdóttir.

**20.00** Á Fimmtudagsforleik Hins Hússins koma fram **Jóhannes Trúbador** og hljómsveitin **Narfur.** Allir allsgáðir 16 ára og eldri velkomnir. Ath. gengið inn í kjallarann Austurstrætismegin.

**20.30 DJ Shorty George** spilar Rock og Swing musik á **Gallery - Bar 46** við Hverfisgötu 46.

**21.00** Hljómsveitin **Línuveiðimennirnir** kemur fram á tónleikum í jazzkjallara **Café Cultura** við Hverfisgötu 18. Á efnisskránni verða bop-lög frá 6. áratugnum eftir m.a. Tadd Dameron og George Shearing.

**21.00** Fjölþjóða heimstónlistarsveitin **Narodna Muzika** flytur fjörug þjóðlög frá Búlgaríu, Grikklandi o.fl. á tónleikum í Deiglunni við Kaupvangsstræti á Akureyri.

**21.00 Endless Dark, Nögl og Reason To Believe** koma fram á tónleikum á Sódóma Reykjavík við Tryggvagötu.

### ➜ Heimildarmyndir

**20.00** Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna stendur **Íslandsdeild Amnesty International** fyrir sýningu á tveimur heimildarmyndum. Sýningin fer fram í húsakynnum samtakanna að Þingholtsstræti 27 (3. hæð). Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir. Nánari upplýsingar á **www.amnesty.is.**

### ➜ Bókmenntir

**17.15 Ásdís Egilsdóttir** dósent flytur erindi um orðaskipti **Steinunnar Refsdóttur** og **Þangbrands biskups** í Kristniþætti bókmenntaverksins Njálu. Erindið verður flutt hjá Bókasafni Kópavogs við Hamraborg 6. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir og enginn aðgangseyrir.

### ➜ Pub Quiz

**20.00 Fótbolta Pub Quiz** fer fram á Enska barnum við Austurstræti. Þema kvöldsins er Fótbolti og poppmenning. Vegleg verðlaun í boði og enginn aðgangseyrir. Nánari upplýsingar á **www.sammarinn.com.**

### ➜ Leikrit

**20.00 Verðandi,** leikfélag **Fjölbrautaskólans** í Garðabæ sýnir verkið Déjà Vu eftir Bjarna Snæbjörnsson. Sýningar fara fram í Urðabrunni, hátíðarsal FG við Skólabraut í Garðabæ.

### ➜ Ráðstefna

**16.30 Lionshreyfingin** á Íslandi stendur fyrir opinni ráðstefnu þar sem fjallað verður um áhrif kreppunnar á börn og ungmenni. Ráðstefnan fer fram í Norræna húsinu við Sturlugötu.

### ➜ Sýningar

Í sal **Íslenskrar Grafíkur** við Tryggvagötu 17 (hafnarmegin), hefur verið opnuð sýning á verkum **Andrew Burgess.** Opið fim.-sun. kl. 14-18.

**María Kristín Steinsson** hefur opnað ljósmyndasýningu á **Thorvaldsen** við Austurstræti 8. Opið alla daga kl. 11-23.



Í **Gallerý** nútímalist við Skólavörðustíg 3a stendur yfir sýning á nýjum og eldri verkum eftir **Hugleik Dagsson.** Opið mán.-fös. kl. 11-18 og lau. kl. 12-16.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



## > Alfreð Örn til Noregs

Íslenskum handboltaþjálfurum heldur áfram að fjölga í Noregi en kvennaþjálfarinn Alfreð Örn Finnsson samdi í gær við norska C-deildarliðið Volda. Alfreð hefur áður þjálfað bæði Gróttu og ÍBV hér á landi. Þrír íslenskir handboltaþjálfarar verða því við störf í Noregi næsta vetur. Ágúst Þór Jóhannsson er að þjálfa kvennalið Levanger, Gunnar Magnússon, þjálfari HK, mun taka við karlaliði Kristiansund í sumar. Svo var Konráð Hilmar Olavsson Hatlemark að þjálfa karlalið Kristiansand en hann hætti þar í síðasta mánuði þegar upp kom ósætti í herbúðum félagsins.



**sport**
sport@frettabladid.is

**HAUKUR HELGI PÁLSSON:** Á LEIÐINNI TIL MARYLAND Í EINN BESTA KÖRFUBOLTASKÓLA BANDARÍKJANNA

# *Aldrei láta neinn segja þér að þú getir ekki gert eitthvað*

Haukur Helgi Pálsson hefur ákveðið að spila með Maryland-háskólaliðinu í bandaríska háskólaboltanum og er þetta í fyrsta sinn sem íslenskur körfuboltamaður kemst að hjá svona sterkum skóla.
„Þetta er ótrúlegt og ég hlakka ekkert smá mikið til. Þetta verður eitthvað fyrir reynslubankann," segir Haukur Helgi Pálsson kátur. „Ég valdi á milli Maryland og tveggja annarra skóla. University of South Florida sem er í Big East og University of Central Florida sem er með son Michaels Jordan í liðinu," segir Haukur sem hafði hugsað sér að vera áfram í Flórída en það breyttist þegar möguleikinn á Maryland opnaðist.

„Ástæðan fyrir því að ég valdi Maryland er að ég vil verða í vinningsliði og það er of spennandi að sleppa því að fá að vera hluti af einhverju svona stóru. Það hjálpaði líka hversu vel mér leið í heimsókninni þangað," segir Haukur.

Þegar Haukur heimsótti Maryland þá fór hann á leik á móti Duke. „Það er erfitt að lýsa þessu því stemningin var rosaleg. Það voru 18 þúsund manns á leiknum og þetta var alveg geðveikt. Ég var í nemendastúkunni og það vissu allir einhvern veginn hver ég var og þau voru alltaf að spyrja mig hvort ég væri ekki að koma í skólann," segir Haukur.




„Aðstæðurnar til að æfa körfubolta í skólanum eru góðar og ég hef fullan aðgang að íþróttahúsinu allan sólarhringinn. Þannig að ef mig langar að fara að skjóta klukkan fimm um morguninn þá get ég það," segir Haukur. Gary Williams hefur þjálfað Maryland-liðið í 21 ár. „Ég talaði aðeins við hann eftir leikinn og það eina sem hann sagði við mig var: „Aldrei láta neinn segja þér að þú getir ekki gert eitthvað," segir Haukur sem vissi af því þegar Williams var að horfa á hann æfa og spila með Montverde.

„Ég stóð mig bara frekar vel en ég var samt ekkert að stressa mig yfir því að hann væri að horfa á mig. Honum leist greinilega það vel á mig að hann bauð mér strax að koma."



**ALLT Í RUGLI?** Benítez segir Whelan að skipta sér ekki af. NORDICPHOTOS/GETTY

Benítez svarar Dave Whelan:

## Einbeittu þér að þínu félagi

**FÓTBOLTI** Dave Whelan, stjórnarformaður Wigan, sagði greinilegt að allt væri í rugli hjá Liverpool eftir að hans lið vann sigur í viðureign liðanna á mánudaginn.

Whelan sagðist vorkenna stuðningsmönnum Liverpool því greinilegt væri að bandarískir eigendur félagsins væru ekki jafn heitir fyrir Liverpool og þeir. „Við fórum á Anfield fyrr á tímabilinu og þar var andrúmsloftið lélegt og það vantaði hjartað. Stuðningsmenn finna það og ég held að leikmenn séu byrjaðir að finna það líka," sagði Whelan.

Rafa Benítez, knattspyrnustjóri Liverpool, var ekki sáttur við þessi ummæli Whelans. „Ég ræði ekki málefni Wigan og hann ætti að einbeita sér að sínu félagi," sagði Benítez.

Eftir úrslitin á mánudag er Liverpool í sjötta sæti deildarinnar. - egm

# Barnið má ekki fæðast á leiktíma

**Það verður mikil stemning og væntanlega húsfyllir í Kaplakrika í kvöld er FH og Haukar mætast í N1-deild karla. Leikir þessara liða eru orðnir að stærstu íþróttaviðburðum í íslensku íþróttalífi. Pálmar Pétursson, markvörður FH, mun spila og hefur bannað unnustu sinni að eignast barn þeirra meðan á leik stendur.**

**HANDBOLTI** Viðureignir Hafnarfjarðarliðanna FH og Hauka hafa verið hreint ótrúleg skemmtun í vetur. Leikirnir hnífjafnir, kappið og baráttan mikil og stemningin í stúkunni engu lík.

Haukar hafa haft betur í öll skiptin í vetur og síðustu tvo leiki unnu þeir aðeins með eins marks mun. Dramatíkin var þá alls ráðandi og er ekki búist við minni spennu í kvöld.

„Þetta hafa verið hörkuleikir en ekki dottið okkar megin því miður. Við hefðum átt að vinna báða leikina í Krikanum og það var helvítis klúður að klára það ekki. Ég veit það er klisjukennt að segja að reynsluleysi hafi orðið okkur að falli en það var samt líklega raunin. Við teljum okkur þó hafa lært mikið af þessum leikjum og klikkum ekki aftur. Okkar tími er kominn núna," segir hinn húsvíski markvörður FH, Pálmar Pétursson.

„Þeir unnu fyrsta leikinn með þrem mörkum en þá settum við líklega Íslandsmet í tæknifeilum. Síðan höfum við verið sterkari og það var alveg átakanlegt að tapa síðustu tveim leikjum. Það er fátt leiðinlegra en að tapa fyrir Haukum. Við tökum þetta núna, ég er alveg pottþéttur á því," segir Pálmar sem verður líklega í sérstakri stöðu á leikdag.




**Á TÁNUM** Pálmar Pétursson er að vonast til þess að þurfa ekki að hlaupa á fæðingardeildina meðan á leik FH og Hauka stendur í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Unnusta hans er ófrísk og átti að eiga fyrir níu dögum. Pálmar er því pínu hræddur að það gæti sett strik í reikninginn hjá sér en hefur sent unnustunni skýr skilaboð.

„Barnið má bara alls ekki koma á leiktíma. Ég er búinn að segja henni að það megi ekkert gerast á milli fimm og níu. Hún verður bara að halda í sér. Það er ekkert annað í stöðunni," segir Pálmar léttur og bætir við ef það gangi ekki muni hann hugsanlega bara mæta í síðari hálfleik eins og Bergsveinn Bergsveinsson, markmannsþjálfari FH og fyrrum markvörður liðsins, gerði um árið.

Hin magnaða stemning sem er á þessum leikjum hefur gert það að verkum að alls konar fólk sem alla jafna mætir ekki á handboltaleiki kemur á völlinn. Það vill upplifa þessa mögnuðu stemningu.

„Ég hef tvisvar orðið bikarmeistari og einu sinni Íslandsmeistari en stemningin í kringum það var ekkert í líkingu við stemninguna á þessum leikjum. Maður áttar sig í raun ekki á biluninni fyrr en maður er kominn út á völlinn. Þessi stemning er engu lík. Nú er bara að vinna í þessari stemningu, það er það eina sem ég á eftir," segir Pálmar Pétursson, markvörður FH.

henry@frettabladid.is


**Ný sending af jeppadekkjum**

**Bílabúð Benna, umboðsaðili BFGoodrich á Íslandi.**

**Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23, Nesdekk Reykjavík, Nesdekk Reykjanesbæ og öllum betri hjólbarðaverkstæðum**

Bílabúð Benna
NESDEKK




BFGoodrich® Tires

**Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 590 2000 - benni@benni.is - www.benni.is**
**Nesdekk - Fiskislóð - sími 561 4110 / Nesdekk - Reykjanesbæ - sími 420 3333**


20. umferð Iceland Express-deildar karla í körfu:

## Stórleikja-dagar

**KÖRFUBOLTI** Boðið verður upp á hvern stórleikinn á fætur öðrum þegar öll sex efstu liðin í Iceland Express-deild karla mætast innbyrðis í 20. umferðinni í kvöld og á morgun. Það er allt í hnút í 2. til 6. sæti og við bætist að baráttan um síðustu sætin inn í úrslitakeppnina hefur harðnað með hverri umferð eftir áramótin.

Stórleikir umferðarinnar eru milli efstu liðanna. Keflavík tekur á móti nágrönnum sínum úr Njarðvík í Toyota-höllinni í kvöld og á morgun mætast Stjarnan og KR í Garðabæ og Snæfell tekur á móti Grindavík í Stykkishólmi.

KR-ingar hafa fjögurra stiga forskot í efsta sæti deildarinnar og geta orðið deildarmeistarar í Garðabænum á föstudaginn verði önnur úrslit þeim hagstæð. KR verður deildarmeistari ef liðið vinnur Stjörnuna, Njarðvík vinnur Keflavík í kvöld og Snæfell vinnur Grindavík á morgun. Njarðvík væri þá eina liðið sem gæti náð þeim að stigum en KR væri alltaf ofar vegna betri árangurs í innbyrðisviðureignum.

Liðin í 2. til 6. sæti eiga öll enn möguleika á deildarmeistaratitlinum þó að möguleikar Snæfells og Stjörnunnar séu meira tölfræði en raunverulegir möguleikar. Bikarmeistarar tveggja síðustu ára, Snæfell og Stjarnan, eru í 5. og 6. sæti, sex stigum á eftir KR og tveimur stigum á eftir Njarðvík, Grindavík og Keflavík sem eru í 2. til 4. sæti.

Blikar geta fallið í þessari umferð verði úrslit þeim óhagstæð en það kemur ekki í ljós fyrr en á morgun. Ef Blikar tapa á móti Hamri í Smáranum í kvöld falla þeir með FSU ef Fjölnir vinnur ÍR á morgun. Leikur Fjölnis og ÍR er einn af lykilleikjunum um síðustu sætin inn í átta liða úrslitin en liðin eru sem stendur jöfn að stigum. Fjölnir þarf síðan að vinna með 12 stiga mun til að vera með betri árangur en ÍR í innbyrðisviðureignum. - óój



**EFSTIR** Páll Kolbeinsson, þjálfari KR. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# BT Frábært úrval fermingagjafa




13.499

**Forsala á BT.is**

## SAMSUNG U10
Upptökuvél




Háskerpu upptökuvél (Full HD)
Full HD Video upptaka (1920 x 1080 @30p )
2" LCD snertiskjár
10 milljón Pixla ljósmyndun
34 x optical zoom
Notar SD/SDHC kort
Video útgangur RCA

39.999

Full HD 1080

## ACER ASPIRE FARTÖLVA
5542-1462




Windows 7 Home premium 64-bit

AMD Athlon X2 Dual Core M300 2.0GHz örgjörvi
4GB DDR3- 667Mhz vinnsluminni
15.6" HD(1366 x 768) Acer CineCrystal skjár
512MB ATI HD4200 skjástýring
320GB 5400rpm SATA diskur
Super Multi DVD±RW skrifari
300Mbps þráðlaust net
1.3MP innbyggð vefmyndavél
Windows 7 Home Premium 64-BIT

119.999

HDMI

## ACER 5740-5847




Windows 7 Home premium 64-bit

Intel Core i3-330M 2.13GHz(3MB L2 cache)
3GB DDR3-1066 vinnsluminni
15.6" HD(1366 x 768)
Acer CineCrystal skjár
Intel GMA 4500M skjástýring
320GB 5400rpm SATA diskur
Super Multi DVD±RW skrifari
300Mbps þráðlaust net
Innbyggð vefmyndavél
Windows 7 Home Premium 64-BIT

129.999

Magnaður Örgjörvi

## ION LJÓSMYNDA- OG FILMUSKANNI




Ljósmynda og filmuskanni
Skannar ljósmyndir, 35mm og 110mm negativur
og 35mm slides myndir
Einfaldur hugbúnaður fylgir
Skannar í ljósmyndir í hárri upplausn 5.1 MP (3600 DPI)
Tengist með USB við tölvuna
Tekur aðeins 1-2 sek að skanna ljósmynd

Var að lenda

27.999

## ION LJÓSMYNDA- OG FILMUSKANNI




Sjálfstæður ljósmynda og filmuskanni sem þarf ekki tölvu
Skannar ljósmyndir, 35mm og 110mm negatívur
og 35mm slides myndir
Einfaldur hugbúnaður fylgir
Skannar í ljósmyndir í hárri upplausn 5.1 MP (3600 DPI)
Skannar beint inn á SD kort eða tengist með USB við tölvu
Stór 3.2" skjár sem sýnir myndirnar strax.
Tekur aðeins 1-2 sek að skanna ljósmynd

34.999

Var að lenda

## IPOD NANO
8GB




2.000 lög
8 klst. videó
Nýtt: Videóupptaka,
FM-móttakari
og margt fleira
USB snúra og heyrnartól
fylgir í kassa

37.999

## ION XPROFILE LP
Plötuspilari

Sá vinsælasti




Glæsilegur plötuspilari
Piano svört áferð
USB tengi – til að færa
Vinyl plötuna yfir á MP3
RCA tengi – til að tengja
við hljómtækjastæðu
Einfaldur hugbúnaður fylgir

24.999

## ION USB TROMMUSETT



USB tengt trommusett
Mikil hljómgæði
Öflugur hugbúnaður með ótal möguleikum
Æfingarprógramm

Geðveik græja !

39.999

Með fyrirvara um prentvillur,myndbrengl og uppseldar vörur. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.

**BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444**

# Wayne Rooney gekk frá AC Milan

**Hinn sjóðheiti Rooney skoraði fjögur mörk fyrir Manchester United í leikjunum tveimur gegn AC Milan í Meistaradeildinni. Rauðu djöflarnir verða í pottinum eins og Lyon þegar dregið verður í átta liða úrslit.**

**FÓTBOLTI** Manchester United og Lyon komust í gær áfram í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar. United tók sig til og slátraði AC Milan 4-0 en Lyon náði jafntefli á útivelli gegn Real Madrid. Sigur Lyon í fyrri leiknum í Frakklandi fleytir liðinu því áfram í keppninni.

Beðið var með mikilli eftirvæntingu eftir stórleiknum á Old Trafford enda ljóst að AC Milan þurfti að sækja til sigurs eftir 2-3 tapið á heimavelli. David Beckham hefur ekki verið í byrjunarliði ítalska liðsins síðan þá og þurfti að sætta sig við að sitja á tréverkinu þegar Svisslendingurinn Massimo Busacca flautaði til leiks í gær.

Wayne Rooney var í byrjunarliði Englandsmeistaranna og átti fyrsta markskot leiksins á þriðju mínútu en boltinn sigldi naumlega framhjá. Leikurinn fór fjörlega af stað og skömmu eftir þetta var Ronaldinho nálægt því að skora fyrir gestina en skalli hans hitti ekki á rammann.

Það halda Rooney engin bönd um þessar mundir og það sýndi hann eftir þrettán mínútna leik þegar hann skoraði þriðja skallamark sitt í einvíginu. Gary Neville átti fyrirgjöfina og Rauðu djöflarnir komnir í ansi vænlega stöðu.

Þetta mark virtist slökkva algjörlega í gestunum og fátt markvert gerðist það sem eftir lifði hálfleiksins. Strax í upphafi seinni hálfleiks skoraði Rooney aftur og gerði endanlega út um þær litlu vonir sem ítalska liðið átti. Stærstu fréttirnar voru kannski að hann skoraði ekki með skalla að þessu sinni heldur laumaði boltanum laglega framhjá Christian Abbiati eftir frábæra sendingu Nani.



**ÓSTÖÐVANDI** Wayne Rooney er heitasti leikmaður heims um þessar mundir. Hann skoraði tvö mörk fyrir United í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Ji-Sung Park stráði salti í sár gestanna og bætti við þriðja marki United eftir sendingu frá Paul Scholes. Á 64. mínútu gerði AC Milan skiptingu og inn kom David Beckham í sínum fyrsta leik á Old Trafford síðan hann yfirgaf Manchester United og hélt til Real Madrid árið 2003. Honum var mikið fagnað á Old Trafford og sama á við um Wayne Rooney sem fékk hvíld skömmu síðar og inn kom Búlgarinn Dimitar Berbatov.

Heimamenn höfðu ekki sagt sitt síðasta orð en Skotinn Darren Fletcher fullkomnaði niðurlægingu AC Milan með skallamarki undir lokin. Úrslitin 4-0 og United áfram með sannkölluðum glæsibrag, samtals 7-2.

Real Madrid þurfti að snúa við 1-0 tapi gegn Lyon í fyrri leiknum en það tókst ekki. Madridingar voru vel studdir á heimavelli og hinn magnaði Cristiano Ronaldo kom þeim yfir strax á sjöttu mínútu. Boltinn fór milli fóta Hugo Lloris í marki Lyon og áttunda mark Ronaldo í keppninni þetta tímabilið staðreynd.

Eftir 25 mínútna leik fékk Gonzalo Higuain dauðafæri til að bæta við marki fyrir Real þegar hann slapp í gegn. Hann var búinn að fara framhjá markverðinum en renndi knettinum í stöngina. Spænska liðið fékk mun betri færi í fyrri hálfleiknum en fór illa að ráði sínu og þurfti að sætta sig við að fara með þetta eina mark í forskot í hálfleikinn.

Lyon fékk síðan hættulegri færi í seinni hálfleiknum og þegar stundarfjórðungur var eftir náði liðið að jafna 1-1. Miralem Pjanic skoraði og Frakkarnir komnir yfir í einvíginu.

Stjörnumprýddu liði Real tókst ekki að skora annað mark og tryggja sér sigurinn. Það er því úr leik í Meistaradeildinni. Gríðarleg vonbrigði fyrir spænska stórliðið sem ætlaði sér alla leið í keppninni.

Arsenal, Bayern München, Manchester United og Lyon verða því öll í pottinum þegar dregið verður í átta liða úrslitin. Í næstu viku kemur í ljós hvaða fjögur lið til viðbótar bætast í pottinn.

**elvargeir@frettabladid.is**

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Meistaradeildin*

Manchester United - AC Milan 4-0
1-0 Wayne Rooney (13.), 2-0 Wayne Rooney (46.), 3-0 Ji-Sung Park (56.), 4-0 Darren Fletcher (87.)
Manchester United vann samanlagt 7-2

Real Madrid - Lyon 1-1
1-0 Cristiano Ronaldo (6.), 1-1 Miralem Pjanic (75.)
Lyon vann samanlagt 2-1

### *Enska úrvalsdeildin*

Burnley - Stoke City 1-1
0-1 Tuncay Sanli (23.), 1-1 David Nugent (52.)

### *Íslandsmótið í íshokkí*

SA - Björninn 6-2
Mörk SA: Jóhann Leifsson, Gunnar Darri Sigurðsson, Andri Freyr Sverrisson, Stefán Hrafnsson 2, Ingvar Jónsson.
Mörk Bjarnarins: Birgir Hansen 2.

Fjórðungur ársmiðahafa:

## Endurnýjar ekki ársmiða

**FÓTBOLTI** Samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem var opinberuð í gær ætla 25 prósent ársmiðahafa í ensku úrvalsdeildinni ekki að endurnýja miða sína fyrir næsta tímabil. Manchester United er það félag sem tapar flestum ársmiðahöfum.

Regluleg mótmæli hafa staðið yfir í Manchester þar sem margir stuðningsmenn Englandsmeistaranna vilja losna við eigendur félagsins, Glazer-fjölskylduna frá Bandaríkjunum. Eignarhald félagsins er talin helsta ástæða þess að svo margir segist ætla að segja upp ársmiðum. **- egm**






**ÍSLANDSMEISTARABIKAR Á LOFT** Josh Gribben lyftir bikarnum eftir sannfærandi sigur SA á heimavelli. FRÉTTABLAÐIÐ/HJALTI ÞÓR

Skautafélag Akureyrar Íslandsmeistari í íshokkí:

## Algjörir yfirburðir

**ÍSHOKKÍ** Skautafélag Akureyrar er Íslandmeistari í íshokkí eftir öruggan sigur á Birninum í hreinum úrslitaleik á Akureyri í gær. Björninn náði aldrei að sýna klærnar í leiknum og yfirburðir heimamanna voru miklir. Þeir unnu rimmuna um titilinn 3-2 en leikinn í gær örugglega 6-2.

Björninn komst reyndar yfir í byrjun leiks en SA jafnaði í fyrsta leikhluta. Annar leikhluti var síðan einstefna allan tímann og þar skoruðu Akureyringar þrjú mörk og gerðu nánast út um leikinn. Liðið spilaði frábæra vörn og agaða sókn en Björninn var máttlítill allan leikinn. Sér í lagi var liðið slakt í öðrum leikhluta þar sem það komst varla yfir miðju.

„Við sýndum mikinn stöðugleika í rimmunni. Við börðumst vel í öllum leikjunum fimm, alltaf. Þegar þeir komust yfir börðumst við bara til baka og kláruðum þetta. Það sýndi karakterinn í þessu liði," sagði hinn spilandi þjálfari Josh Gribben sem átti mjög góðan leik.

Liðið virtist koma vel stemmt til leiksins í dag. „Já við ákváðum að gíra okkur vel upp og magnaður stuðningur áhorfenda skipti líka sköpum," sagði Gribben en troðfullt var í Skautahöllinni í gær og líklega vel yfir 1000 manns í húsinu. „Leikskipulag okkar gekk upp á að halda pekkinum vel og sækja stíft á þá allan leikinn og það gekk vel upp í dag," sagði þjálfarinn kátur. **– hþh**




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



> Jane Krakowski

„Eyrnapinnar eru stórkostleg verkfæri til að lagfæra andlitsmálinguna. Ég hef alltaf nokkra með mér í handtöskunni – geymi þá hjá góða skapinu."

*Krakowski fer með hlutverk Jennu Maroney í þættinum 30 Rock sem SkjárEinn sýnir í kvöld kl. 20.40.*

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR ER ÁNÆGÐ MEÐ HVERSDAGINN

# Óvæginn heimur glamúrs og glyss

Skiptar skoðanir eru um ágæti raunveruleikasjónvarps og listrænt gildi þess. Sjálf er ég almennt ekki hrifin af raunveruleikasjónvarpi en get eins og svo margir límst við skjáinn þegar daglegt líf fræga fólksins á í hlut. Þegar það gerist sitja verkefnin gjarnan á hakanum og tíminn flýgur hjá. Áður en ég veit af er löngu komið fram yfir háttatíma og uppvaskið stendur óhreyft í vaskinum. Ég sé eftir þessum tíma og finnst honum illa varið, hefði betur slökkt á imbanum og drifið mig í verkin. Samt er svo auðvelt að gleyma sér yfir svona efni og hverfa inn í heim glamúrs og glyss þegar hversdagurinn hefur verið sérstaklega litlaus. Það gerði ég um daginn þegar ég villtist inn á erlenda stöð sem sýndi ágang papparatsi ljósmyndara gagnvart fræga fólkinu.

Fjöldi ljósmyndaranna kom mér á óvart og eins taumlaus hamagangurinn í þeim þegar þeir reyndu að ná góðri mynd. Hver um annan þveran stukku þeir til svo margoft lá við slysi og voru eins og iðandi maurabúfa kringum stjörnuna. Fórnarlambið reyndi ýmist að vera vinsamlegt og brosa í von um að þeir ljósmynduðu nægju sína og færu eða banda þeim frá sér með aðstoð lífvarða. Þarna sá ég hvernig skottúr út í búð eftir mjólk gengur fyrir sig hjá Britney Spears og kaffihúsaferð hjá George Clooney. Hver hreyfing þeirra var ljósmynduð og stanslaust öskrað á þau um að snúa sér við og brosa. Listrænt gildi þessa þáttar var sjálfsagt ekkert en eftir að hafa horft á hverja stórstjörnuna eftir aðra reyna að komast frá útidyrunum heima hjá sér út í bíl undir dynjandi flassblossum og hrópum ljósmyndaranna var ekki laust við að ég mæti hversdagslegt líf mitt betur.



**BRITNEY SPEARS** Fær engan frið fyrir ljósmyndurum.

## FIMMTUDAGUR



▶ **17.50** Lille – Liverpool, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.15** Eli Stone SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** NCIS STÖÐ 2



▶ **21.05** House SKJÁREINN



▶ **21.50** Grey's Anatomy STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.40 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hvaða Samantha?** (Samantha Who?) Bandarísk gamanþáttaröð. (19:35)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Leynivinurinn**
**18.45 Með afa í vasanum** (2:3)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Eli Stone** (Eli Stone) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber, Natasha Henstridge, Loretta Devine, Laura Benanti, James Saito og Sam Jaeger.
**21.00 Hrúturinn Hreinn** (Shaun the Sheep)
**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Herstöðvarlíf** (Army Wives) (28:32) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð.
**23.00 Glæpurinn** (Forbrydelsen 2) (3:10) Dönsk sakamálaþáttaröð. (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.40 Dagskrárlok**
**01.00 Fréttir**

## 2 BÍÓ

**08.00 Trapped in Paradise**
**10.00 On Her Majesty's Secret Service**
**12.20 Oskar og Josefine**
**14.00 Trapped in Paradise**
**16.00 On Her Majesty's Secret Service**
**18.20 Oskar og Josefine**
**20.00 Ask the Dust** Rómantísk spennumynd með Colin Farrel, Salma Hayek og Donald Sutherland í aðalhlutverkum.
**22.00 Dave Chappelle's Block Party**
**00.00 First Descent**
**02.00 The Number 23**
**04.00 Dave Chappelle's Block Party**

## 2 STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli og Lóa, Harry and Toto, Stuðboltastelpurnar og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.55 Burn Notice** (10:16)
**11.50 Gossip Girl** (10:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Extreme Makeover: Home Edition** (25:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (140:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (141:300)
**15.15 The O.C.** (2:27)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Kalli og Lóa og Stuðboltastelpurnar.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (10:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (6:19)
**19.45 How I Met Your Mother** (2:22) Barney hjálpar Marshall að rifja upp piparsveinatæknina og þeir byrja á listinni að reyna við konur.
**20.10 Amazing Race** (10:11) Kapphlaupið mikla er nú hafið í tólfta sinn.
▶**21.00 NCIS** (10:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**21.45 Fringe** Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.
**22.30 Breaking Bad** (5:7)
**23.20 Twenty Four** (7:24)
**00.05 John Adams** (7:7)
**01.05 Little Fish**
**02.55 Bernard and Doris**
**04.35 NCIS** (10:25)
**05.20 The Simpsons** (10:23)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
**07.25 Meistaramörk**
**07.50 Meistaramörk**
**08.15 Meistaramörk**
**08.40 Meistaramörk**
**14.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin** Endursýndur leikur.
**16.30 Meistaramörk**
**16.55 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.
**17.20 Bestu leikirnir. KR - Fylkir 17.08.09** Það var sannkallaður toppbaráttuslagur á KR-velli þegar Fylkismenn mættu í heimsókn. Fyrir leikinn voru Fylkismenn og KR-ingar í harðri baráttu á toppi deildarinnar.
▶**17.50 Lille - Liverpool** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**19.55 Juventus - Fulham** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**22.00 Honda Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**23.00 Lille - Liverpool** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**00.40 Juventus - Fulham** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Burnley - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**15.45 Everton - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.25 Burnley - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.05 1001 Goals** Bestu mörk ensku úrvalsdeildarinnar skoðuð.
**20.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches: Everton - Liverpool, 2000**
**21.00 PL Classic Matches: Liverpool - Manchester Utd, 2000**
**21.30 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**22.25 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
**23.00 Wigan - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (2:11) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Innlit/ útlit** (7:10) (e)
**09.15 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (2:11) (e)
**12.50 Innlit/ útlit** (7:10) (e)
**13.20 Pepsi MAX tónlist**
**15.30 Girlfriends** (23:24) (e)
**15.45 7th Heaven** (17:22)
**16.30 Djúpa laugin** (4:10) (e)
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Britain's Next Top Model** (e)
**19.00 Game Tíví** (7:17)
**19.30 Fréttir**
**19.45 Vitundarvika** (4:5) Yfirskrift þáttarins í kvöld er: Að rækta garðinn sinn.
**20.15 The Office** (19:28) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið.
**20.40 30 Rock** (21:22) Bandarísk þáttaröð sem hlotið hefur Emmy-verðlaunin sem besta gamanserían undanfarin þrjú ár.
▶**21.05 House** (19:24) Maður slasast í reiðhjólaslysi í New York og er „læstur" inni í eigin líkama. Hann getur ekki hreyft sig eða tjáð sig og læknar halda að hann hafi hlotið heiladauða en House, er á öðru máli.
**21.55 CSI: Miami** (19:25) Kona sem starfar sem einkakokkur ríka fólksins er myrt en við rannsókn málsins komast Eric og Ryan að því að þeir eru sjálfir skotmörk rússnesku mafíunnar.
**22.45 Jay Leno**
**23.30 The Good Wife** (9:23) (e)
**00.20 The L Word** (7:12) (e)
**01.10 Fréttir** (e)
**01.25 Vitundarvika** (4:5) (e)
**01.55 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Framtakssjóður lífeyrissjóðanna. Umjón Ingvi Hrafn Jónsson.
**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm fær til sín góða gesti.
**21.30 Grasrótin** Ásmundur Einar Daðason fer sínar eigin leiðir.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10



### Amazing Race

Það er komið að undanúrslitum í kapphlaupinu mikla þar sem keppendur ferðast yfir heiminn þveran og endilangan í von um að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Nú eru fjögur pör eftir sem halda kapphlaupinu áfram frá Prag. Það eru Sam og Dan, Brian og Erica, Meghan og Cheyne eða Flight Time og Big Easy. Kynnir þáttanna er Phil Keoghan.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Game Tíví

### SkjárEinn kl. 19.00

Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson halda áfram að fjalla um allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum. Í þættinum í kvöld verða leikirnir God of War 3 og Final Fantasy XII gagnrýndir, litið verður á bak við tjöldin við gerð leiksins Just Cause 2 og í tilefni af Mottu-mars ætla strákarnir að líta á tíu flottustu mottumar sem fyrirfinnast í tölvuleikjum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Andrarímur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Brúin á Drinu
**15.25** Mánafjöll
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Macbeth
**22.10** Lestur Passíusálma
**22.20** Útvarpsperlur: Dario Fo - trúður af Guðs náð
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**16.45 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
**17.30 Gilmore Girls** (9:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.
**18.15 Seinfeld** (11:24) Kærasti Elaine býður Jerry afspyrnugóð kjör í bílakaupum.
**18.45 The Doctors**
**19.30 Gilmore Girls** (9:22)
**20.15 Réttur** (5:6) Leikin íslensk spennuþáttaröð sem gerist í heimi lagaflækja og glæpa. Söguhetjurnar eru þrír lögmenn sem starfa á lögmannsstofunni Lög og réttur og er Logi Traustason þar fremstur meðal jafningja.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
▶**21.50 Grey's Anatomy** (12:24) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**22.35 Ghost Whisperer** (7:23) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda.
**23.20 Tell Me You Love Me** (9:10) Djarfir þættir frá HBO sem fjalla um þrjú pör sem eiga það sameiginlegt að leita öll til sama hjúskapar- og kynlífsráðgjafans, Dr. May Foster.
**00.10 Seinfeld** (11:24)
**00.35 Sjáðu**
**01.00 Fréttir Stöðvar 2**
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.35** Extras **13.05** The Green Green Grass **13.35** My Family **14.05** My Family **14.35** Jonathan Creek **15.25** Dalziel and Pascoe **16.15** Extras **16.45** Never Better **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Lead Balloon **19.00** Saxondale **19.30** Spooks **20.20** Torchwood **21.10** Saxondale **21.40** Robin Hood **22.25** Extras **22.55** The Green Green Grass **23.25** Torchwood

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **12.50** Rygepauser **13.00** Ha' det godt **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Dragejægerne **15.55** Chiro **16.05** Tagkammerater **16.15** Den fortryllede karrusel **16.30** Hulter til bulter - med Louise og Sebastian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Miraklet på Mount Everest **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Mord på hjernen **22.35** Onsdags Lotto **22.40** OBS **22.45** Livvagterne **23.45** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Urix **12.30** Filmavisen 1959 **12.40** Mat med Anne **13.10** Lyngbo og Hærlands Big Bang **14.00** NRK nyheter **14.10** Vestindia - vårt tapte paradis **14.30** V-cup langrenn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Fotballkrigen **19.45** Glimt av Norge **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Nurse Jackie **22.00** Kveldsnytt **22.15** Spekter **23.00** Himmelblå **23.45** Skavlan

## SVT 1

**12.15** På spåret **13.15** Fråga doktorn **14.00** Mästarnas mästare **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Skidor. Världscupen Drammen **16.30** Min älskade, tokiga mamma **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **20.30** Debatt **21.15** Ont blod **22.05** Mästarnas mästare **23.05** Uppdrag Granskning




## MORGUNMATURINN



*„Morgunmaturinn minn er eins og íslenska veðrið – það er ómögulegt að festa hönd á hvernig hann verður. Í sem fæstum orðum borða ég það sem er til í ísskápnum, allt frá skyri yfir í pítsusneið með hakki og papriku frá kvöldinu áður.“*

Björg Magnúsdóttir, blaðakona og háskólanemi.



**LÁRÉTT** 2. dægurs, **6.** í röð, **8.** gapa, **9.** gogg, **11.** stöðug hreyfing, **12.** jakki og pils, **14.** gort, **16.** ónefndur, **17.** þrí, **18.** illæri, **20.** snæddi, **21.** ílát.
**LÓÐRÉTT** 1. nálægð, **3.** frá, **4.** garðplöntutegund, **5.** dreift, **7.** garðplöntutegund, **10.** fley, **13.** hrygning, **15.** kroppa, **16.** nægilegt, **19.** guð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. dags, **6.** áb, **8.** flá, **9.** nef, **11.** ið, **12.** dragt, **14.** grobb, **16.** nn, **17.** trí, **18.** óár, **20.** át, **21.** glas. **LÓÐRÉTT:** 1. nánd, **3.** af, **4.** glitbrá, **5.** sáð, **7.** bergnál, **10.** far, **13.** got, **15.** bíta, **16.** nóg, **19.** ra.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Hera Björk stunda rope yoga.
2. Það eru þrír kettir í Hrísey.
3. Össur Geirsson, stjórnandi Skólahljómsveitar Kópavogs.


Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Auglýsingasími
512 54 01


# Auðunn keppir um 400 milljónir



Sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal tekur þátt í einu stærsta pókermóti heims þegar hann sest við eitt af spilaborðunum í spilavítinu Monte Carlo við Grace-götuna í Mónakó og keppir á lokamóti Evrópumótaraðarinnar í póker fyrir hönd pókerfyrirtækisins PokerStars.com. Vinningsféð er hæsta upphæð sem nokkur pókerspilari getur unnið sér inn utan Las Vegas en sá sem stendur uppi sem sigurvegari getur farið heim með rúmar 2,6 milljónir evra eða 400 milljónir íslenskra króna í rassvasanum. Heildarvinningsféð er rúmar níu milljónir evra eða tæpir tveir milljarðar íslenskra króna.

„Mótið er í lok apríl, við Sveppi förum, hann fær samt ekkert að taka þátt í mótinu sjálfu heldur verður hent í eitthvert hliðarmót,“ segir Auðunn í samtali við Fréttablaðið en þeir félagar hyggjast gera sjónvarpsþátt um þátttöku Auðuns á mótinu. Margar af skærustu stjörnum pókerheimsins hafa vanið komur sínar á mótið en Auðunn er hvergi banginn. Hlakkar bara til að reyna sig við menn á borð við Phil Ivey og Daniel Negreanu.



Köngulóarmaðurinn fyrrverandi Tobey Maguire hefur tekið þátt í mótinu en hann þykir nokkuð lunkinn með spilin.

935 pókerspilarar taka þátt í mótinu en Auðunn segist ekki vita hvað hann geri ef hann sigri. „Ég bara veit það ekki, ég myndi allavega ekki hætta í sjónvarpi.“ - fgg

**MEÐAL ÞEIRRA BESTU** Auðunn Blöndal fær að reyna sig gegn þeim bestu í Monte Carlo. Tobey Maguire lætur sig yfirleitt ekki vanta á mótið.

SINDRI MÁR SIGFÚSSON: HEF ALDREI SÉÐ ÞESSA ÞÆTTI

# Fínn peningur fyrir að selja lag í Grey's Anatomy

„Ég hef aldrei séð þessa þætti. Ég bara vona að þeir séu ekki hræðilegir,“ segir Sindri Már Sigfússon úr hljómsveitinni Seabear sem á lag í læknaþættinum vinsæla Grey´s Anatomy, sem um 15 milljónir Bandaríkjamanna horfa á í hverri viku.

Lagið nefnist Cold Summer og hljómar í þætti sem verður frumsýndur í Bandaríkjunum í kvöld. Það er fyrsta smáskífulagið af nýjustu plötu sveitarinnar, We Built A Fire, sem kemur út hérlendis á mánudaginn. Seabear hefur áður átt lag í bandaríska þættinum Gossip Girl. „Við erum með höfundarréttarsamning við Warner. Þar er fólk mikið í því að reyna að koma tónlist í einhverja svona þætti,“ segir Sindri.

Sveitin er á leiðinni í langa tónleikaferð um Bandaríkin og Evrópu sem hefst á tónlistarhátíðinni South By Southwest í Texas 17. mars. Hún fær því heldur betur góða kynningu svona rétt í aðdraganda ferðarinnar, auk þess sem tekjurnar sem fást af laginu koma sér einkar vel. „Þetta er aðallega gott fyrir okkur peningalega séð fyrir þessa túra. Við þurfum alltaf að borga mikið fyrir flugið því við erum svo mörg. Það er alveg rosalegur peningur,“ segir Sindri.

Hljómsveitin hefur fengið styrk frá Loftbrú vegna flugkostnaðar en hefur ekki nýtt sér mögulega fyrirframgreiðslu frá þýska útgáfufélaginu Morr vegna ferðalagsins. „Við getum fengið peninga hjá þeim ef okkur vantar. Þá er það fyrirframgreiðsla fyrir plötusölu. Það er bara eins og að taka yfirdrátt að fá styrk frá þeim. Maður borgar þetta allt á endanum sjálfur.“

Sindri vill ekki gefa upp hversu háa upphæð Seabear fær fyrir lagabirtinguna í Grey´s Anatomy. „Miðað við gengið núna er þetta mjög fínt. Þetta er mjög hátt tímakaup. Ætli þetta séu ekki þrjátíu sekúndur sem lagið hljómar, þannig að þetta eru margir þúsundkallar á sekúndu.“

Hljómsveitin er nýkomin heim eftir tónleikaferð um Þýskaland og Noreg sem heppnaðist sérlega vel að mati Sindra þrátt fyrir tuttugu stiga kulda. „Það var uppselt á öllum stöðunum sem við fórum á og við höfum aldrei selt jafnmikið af plötum og bolum fyrr.“

Næsta þriðjudag er förinni heitið til Bandaríkjanna en í sumar stefnir Seabear á að halda útgáfutónleika hér heima vegna nýju plötunnar. freyr@frettabladid.is



**LAG Í GREY´S ANATOMY** Sindri Már Sigfússon og félagar í Seabear eiga lag í læknaþættinum vinsæla Grey´s Anatomy. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### ÍSLENSK LÖG Í BANDARÍSKUM ÞÁTTUM

**Emilíana Torrini:** *Today Has Been Ok, Serenade, Sunny Road, Nothing Brings Me Down* í Grey´s Anatomy
**Lay Low:** *Mojo Love* í *Grey´s* Anatomy
**Eberg:** *Inside Your Head* í The O.C.
**Barði Jóhannsson og Noemi Brosset:** *Dream* í The L-Word
**Bang Gang:** *Follow* í The O.C.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hönnuðurinn Sigrún Lilja Guðjónsdóttir hefur dvalið í Los Angeles undanfarnar vikur og unnið að því að kynna tískumerkið Gyðju. Sigrún skellti sér í hádegismat með **Anítu Briem** á veitingastaðnum The Ivy á þriðjudag, en sá staður er einna frægastur fyrir að vera fullur af frægu fólki á hverjum degi. Stjörnurnar sem vilja láta papparassana mynda sig mæta þangað og geta verið vissar um að vera í blöðunum og á vefsíðunum í kjölfarið. Engum sögum fer af því hvort þær stöllur hafi verið hundeltar, en Aníta gat örugglega gefið Sigrúnu góð ráð í sambandi við bransann í stjörnuborginni.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er margt skorið við nögl í sambandi við Eurovision í ár. Og er leitað allra leiða til að spara nokkra aura. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er **Örlygur Smári** nú alvarlega að velta því fyrir sér að vera sjálfur hljóðmaður atriðsins en með því gætu sparast nokkrar krónur því yfirleitt hafa sérstakir hljóðmenn fylgt íslenska Euro-vision-hópnum.



Fyrstu sólóplötu **Jónsa** úr Sigur Rós, Go, hefur verið lekið á Netið tæpum mánuði áður en hún á að koma út, sem er 5. apríl. Jónsi hefur áður lent í þessu því í maí í fyrra var fyrstu plötu hans og kærasta hans Alex Somers, Riceboy Sleeps, lekið á Netið rúmum tveimur mánuðum fyrir útgáfudag. Hvort lekinn á Go verði til þess að platan seljist minna en ella eða hvort áhuginn á henni aukist verður látið liggja á milli hluta. - afb, fgg, fb



# Frægasti kokkur Íra er íslenskur

Frægasti sjónvarpskokkur Írlands, Rachel Allen, er íslensk í móðurættina. Þetta kemur fram í viðtali við hana í bandaríska veftímaritinu San Gabriel Valley Tribune. „Ég eldaði ekki mikið heima, mamma sá aðallega um það,“ segir Rachel í viðtalinu.

Eftir nokkra eftirgrennslan Fréttablaðsins kom í ljós að móðir Rachel er Hallfríður Reichenfeld O'Neill sem fluttist ung að árum frá Reykjavík til London og var í listaháskóla þar. Í viðtali við Belfast Telegraph er ástarsaga Hallfríðar rakin en að sögn blaðsins fór hún í stutta helgarferð til Dublin og kynntist þar eiginmanninum Brian O'Neill. Þau hafi strax fellt hugi saman og Hallfríður fluttist til borgarinnar þar sem hún rak fjölda tískuverslana.

Reyndar vekur athygli í umræddu viðtali að þar er sérstaklega tekið fram að Rachel sé mótmælandatrúar og að móðir hennar hafi ekki verið ýkja trúuð.

Rachel Allen hefur ekki gert mikið úr sínum íslensku ættum en í viðtölum við breska fjölmiðla kemur yfirleitt fram að móðir hennar sé íslensk.

Allen hefur gefið út fjöldann allan af matreiðslubókum hjá útgáfunni Harpers Collins í London. Þá hefur hún verið með fjölda sjónvarpsþátta á Good Food Channel í Bretlandi, skrifar reglulega í bæði tímarit og dagblöð og framleiðir sína eigin línu af bæði borðbúnaði og eldunarútbúnaði á borð við brauðvél.

Rachel býr nú ásamt manni sínum og þremur börnum á búgarði sem sérhæfir sig í lífrænt ræktuðum mat en maðurinn hennar rekur tvo veitingastaði. - fgg



**ER ÍSLENSK** Rachel Allen er einn þekktasti kokkur Íra en hún á íslenska móður, Hallfríði Reichenfeld. NORDICPHOTOS/GETTY

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

HUGO
HUGO BOSS

gardeur®

CANALI

POLO RALPH LAUREN

PAL ZILERI

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

BELLINI

OPIÐ
VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17

Troðfull verslun af merkjavöru!

Herra lagerinn outlet

líka fyrir konur

# Rýming!

# 60%

## afsláttur

## af öllum herravörum!

# 70%

## afsláttur

## af allri kvenvöru frá

BOSS HUGO BOSS · HUGO HUGO BOSS · SAND

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stjörnurnar skína á Nasa



Vinum og velunnurum poppstjörnu Íslands, Páls Óskars Hjálmtýssonar, verður boðið í mikla afmælisveislu á Nasa á laugardaginn. Sjálfur Hemmi Gunn verður veislustjóri í þessu mikla partýi en Páll býst við hátt í fimm hundruð manns í veisluna þar sem í boði verður veislumatur frá Múlakaffi. Að sjálfsögðu mun fjöldi tónlistarmanna troða upp og heiðra afmælisbarnið en meðal þeirra eru Hjaltalín, Baggalútur, Raggi Bjarna og Milljónamæringarnir og sjálfur **Gylfi Ægisson**.

### Óvæntir gestir



Stóru tíðindin í þessari gestaflóru er þó án nokkurs vafa endurkoma Spilverks þjóðanna en þar fer í broddi fylkingar, að sjálfsögðu, systir Páls, **Sigrún Hjálmtýsdóttir**, Diddú. Spilverkið hefur ólíkt flestum öðrum hljómsveitum staðið við loforð um að vera hætt því hún kom síðast saman á tónleikum fyrir fatlaða nemendur í MH árið 1995.

### Langlífur formaður

Jóhannes Gunnarsson var sjálfkjörinn sem formaður Neytendasamtakanna þann 1. mars síðastliðinn enda einn í framboði. Jóhannes hefur verið virkur í að berjast fyrir rétti neytenda allt frá stofnun neytendasamtaka í Borgarnesi árið 1978. Jóhannes, sem er mjólkurfræðingur að mennt, var kjörinn varaformaður Neytendasamtakanna árið 1982. Hann hefur gegnt formennsku hjá samtökunum frá árinu 1984 að tveimur árum undanskildum, 1996-1998. - **fgg / kg**

## Mest lesið | vísir.is

1. Lýst eftir þrettán ára dreng
2. Jarðskjálftinn færði til borgir
3. Farþegarnir til Oslóar en farangurinn til Köben
4. Atvinnuleysið komið í 9,3%
5. Vilja ræða innheimtuaðferðir í borgarráði










FJÖLSTILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ ERGOMOTION KOMIN AFTUR.

SÍÐASTA SENDING KLÁRAÐIST Á METTÍMA!



ERGOMOTION 400
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x80x203)
Verð 676.432 kr.
NÚ 541.146 kr. = 20% AFSLÁTTUR

ERGOMOTION 400 LÍNAN
- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 400 línan er með öflugu nuddi, þremur mismunandi hraðastillingum og tímarofa.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Þráðlaus fjarstýring með útvarpssendi svo ekki þarf að beina fjarstýringunni á móttakara.
- Rúmið fært niður í flata stöðu með einum takka.
- Þyngdarleysistakkinn (Zero G) færir rúmið í þyngdarleysisstöðuna. Njóttu þægindanna og upplifðu þyngdarleysistilfinninguna. Staðan hjálpar blóðrásinni og minnkar pressu á mjóbak og axlir.



ERGOMOTION 100
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x80x203)
Verð 503.698 kr.
NÚ 402.958 kr. = 20% AFSLÁTTUR

ERGOMOTION 100 LÍNAN
- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg þar sem í botninum eru 2 mótorar. Einn fyrir höfuðgafl og annar fyrir fótgafl.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.



ERGOMOTION ERGOSPORT
með þrýstijöfnunar-dýnum (2x97x203)
Verð 396.000 kr.
NÚ 316.800 kr. = 20% AFSLÁTTUR

ERGOMOTION ERGOSPORT
- Ergomotion er einn öflugasti og sterkasti stillanlegi botninn sem er fáanlegur í dag.
- Botninn er inndraganlegur á sleða svo hægt er að nýta ljósið á náttborðinu.
- Lyftigetan er gífurleg.
- Öll tannhjól og liðamót eru úr hágæða næloni svo ekkert ískur og óþarfi að smyrja.
- Hljóðlátt og öflugt.
- 3 mm. tvíhert stálgrind undir öllum botninum.
- 20 ára ábyrgð á mótor og grind.
- Einföld og þægileg fjarstýring.
- Ein besta þrýstijöfnunardýna sem er fáanleg er í dag fylgir botninum.

ATH! VIÐ EIGUM FLEIRI STÆRÐIR AF ERGOMOTION HEILSURÚMUM OG FLEIRI TEGUNDIR AF HEILSUDÝNUM FYRIR ÞAU.

FERMINGARTILBOÐ

30% AFSLÁTTUR!



AMELIA (135x203) Verð 142.500 kr. FERMINGARTILBOÐ 99.750 kr.

AMELIA (97x203) Verð 132.267 kr. FERMINGARTILBOÐ 92.586 kr.

COMFORT ZONE (97x200) Verð 151.647 kr. FERMINGARTILBOÐ 106.152 kr.

COMFORT ZONE (120x200) Verð 179.833 kr. FERMINGARTILBOÐ 125.883 kr.

COMFORT ZONE
- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 5 svæðaskipt pokagormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- þrýstijöfnunarsvampiur í svefnsvæði
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Steyptir kantar
- 20% stærri svefnflötur
- Þarf ekki að snúa

ARGH! 110310

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf · Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) · 108 Reykjavík · 588 1955 · www.rekkjan.is · Opið virka d. 10–18 og lau 11–16